

VIGDÍS ÁSGEIRSDÓTTIR
Karlmenn dreymir um palliættur
 • heimili • tíska
allt í MIÐJU BLAÐSINS



Á FERÐ UM LANDIÐ
Ævintýrahald undir Jökli
 Sérblað um ferðalög
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. júní 2007 – 173. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Bláir skuggar í Hafnarborg



Norski myndlistarmaðurinn Kjell Nupen sýnir á Íslandi.

MENNING 36

Gjald en ekki skattur

„Ef fiskveiðunum hefði frá öndverðu verið stýrt með vel útfærðu veiðigjaldi, væri þorsstofninn varla í þeirri útrýmingarhættu, sem vofir nú yfir honum,“ skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 30

Hreindýraveiðarnar í hættu

Pálmi Gestsson liggur á spítala eftir hestaslys.

FÓLK 54




Rosberg lífið í Formúlu 1



Ökuþórin Nico Rosberg nýtur lífsins hjá Williams-liðinu í formúlunni þar sem hann elskar að keppa og vinna.

ÍPRÓTTIR 50

VEÐRIÐ Í DAG



Púrrt að mestu: Hæg norðaustlæg átt um mest allt land, en 8-10 m/s austanlands. Hiti 5-10 stig norðan- og austantil, en 10-15 um sunnanvert landið. Þúrrt að mestu, en búast má við örlitilli úrkomu suðaustanlands í fyrstu.



TEKINN VIÐ VÖLDUM Gordon Brown, sem tók við embætti forsætisráðherra Bretlands í gær, brosti breitt þegar hann veifaði til fjölmiðlafólks fyrir framan forsætisráðherrabústaðinn í Downing-stræti 10. Brown er ekki ókunnur húsinu enda hefur hann búið í því undanfarin ár af því að húsið rúmaði ekki barnmarga Blair-fjölskylduna.

NORDICPHOTOS/AFP

Tugir kílóa amfetamíns frá Kaunas

Fimm fíkniefnamál sem komist hefur upp um á undanförmum árum eru rakin til stórfelldrar amfetamínframleiðslu í borginni Kaunas í Litháen.

FÍKNIEFNI Fimm stór amfetamínsmygilmál sem komið hafa upp hér á landi á undanförmum árum má rekja til stórfelldrar fíkniefnaframleiðslu í borginni Kaunas í Litháen og nágrennis hennar. Í þeim voru gerðar tilraunir til þess að smygla til landsins tugum kílóa af sterku amfetamíni. „Alltaf þegar við skrifuðum um fíkniefnaframleiðslu mafíunnar í Kaunas og nágrennabæjum eru næstum öll blöðin tekin úr hillum sölustaðanna sama dag og blaðið kemur út. Við fáum ýmis svör þegar við spyrjum hvers vegna blöðin hverfa úr hillunum en við vitum að hótanir í garð kaupmanna ráða mestu,“ segir Giedrė Gorienė, ritstjóri litháíska vikuritsins Karstas Komentaras.

Greinar blaðsins um fíkniefnaframleiðslu í fjölbýlishúsi í Dom-eikava, nágrennabæ Kaunas, hafa vakið mikla athygli en þær birtust í síðustu viku. Í þeim er rakin saga fyrrverandi lögreglukonu sem reynt hefur í þrjú ár að fá lögreglu til þess að stöðva fíkniefnafram-

leiðslu í íbúð í húsinu. „Það eina sem við getum haft að leiðarljósi er að halda áfram að greina frá því sem er að gerast. Það er ekki bara óeðlilegt að fíkniefnaframleiðslan haldi áfram í skjóli spilltrar lögreglu, heldur líka hættulegt fyrir alþjóðasamfélagið þar sem mafían selur fíkniefnin út um víða veröld og beitir hörku til þess að ná fót-festu,“ segir Gorienė.

Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður segir glæpi á Íslandi breytast ört og nauðsynlegt sé að skoða gaumgæfilega vísendingar um að alþjóðleg glæpastarfsemi sé að festa hér rætur. „Við sem höfum innsýn inn í þennan heim í gegnum störf okkar sjáum öll einkenni þess að hér sé að festast í sessi hefðbundin útlend glæpavinnubrögð. Einnhverra hluta vegna hefur verið um viðkvæmt mál að ræða þar sem útlendingar eiga í hlut. Þá er betra að halda sig við þær staðreyndir sem blasa við; hér á landi er alþjóðleg glæpastarfsemi að festa rætur og það á ekki að vera feimnismál að ræða um það.“

- sjá síðu 16

Skapari Einars Áskels hyggur á brúðumyndagerð: Vill brúðusmið frá Íslandi

LISTIR Höfundur bókanna um Einar Áskel, Gunilla Bergström, hefur lýst áhuga á að fá brúðumeistarann Bernd Ogradnik úr Svarfaðardal til að gera brúður eftir bókunum.

Bernd hefur heillað Íslendinga með brúðum sínum síð-



EINAR ÁSKELL

ustu ár og var nú síðast tilnefndur til Grimunnar fyrir sýninguna Pétur og úlfinn.

Einar Áskell er ein ást-sælasta sagnapersóna unga fólksins og hafa bækurnar um hann verið prentaðar í yfir 90.000 eintökum hér á landi.

- jar / sjá síðu

Halla Tómasdóttir og Kristín Pétursdóttir stofna nýtt fjárfestingarfélag:

Ætla að virkja kraft kvenna

VIÐSKIPTI Í bígerð er að stofna fjárfestingarfélag sem nýta mun sér þekkingu kvenna og fjármuni í viðskiptalífnum.

Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, mun láta af því starfi í haust og hefja störf í nýju félagi sem hún ætlar að koma á fót. Halla staðfesti við Fréttablaðið að hún, ásamt Kristínu Pétursdóttur, fyrrverandi

framkvæmdastjóra hjá Kaupþingi, hygði á stofnun slíks fjárfestingarfélags. Hún vildi að öðru leyti ekki tjá sig um stærð, stefnu eða frekari skilgreiningu á starfsemi félagsins. „Við munum örugglega nýta okkur það mikla afl sem býr í konum í viðskiptalífnum,“ sagði Halla.


Á undanförmum árum hefur orðið til þópur kvenna sem hafa

auðgast verulega í uppgangi viðskiptalífsins. Talið er að þær stöllu muni róa á þau mið, auk þess að kalla til kraftmiklar konur úr atvinnulífnum til þátttöku í nýjum verkefnum.

Við starfi Höllu hjá Viðskiptaráði tekur Finnur Oddsson sem stýrt hefur MBA-námi Háskólans í Reykjavík.

- hh

Veistu hvert þú átt að leita?



island.is

Þjónustuveitan www.island.is er leiðarvísir að opinberri þjónustu

Pioneer ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

4x50W Mosfet magnari · Útvarp D4Q · 24 stöðva minni FM/MW/LW
 3 banda tónjafnari · CD/MP3/WMA · EEQ forstilltur tónjafnari

DEH-2900MP
 19.900.-
 FRÍ ÍSETNING

ORMSSON

ELLEFU VERSALNIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

Útsala
 hefst í dag!
 Opið til 21

Kringlan



Jón Elías, var sjómennskan ekki þinn tebolli?

„Nei, ég var látinn finna til tevatnsins.“

Jón Elías Gunnlaugsson gaf stýrimannsferil sinn upp á báttinn fyrir áratug til að stofna Ísplöntur, sem framleiðir tevörur og fæðubótarefni.

Réðst gegn lögreglunni: Hótaði lífláti, skemmdi og sló

DÓMSMÁL Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Austurlands fyrir að hótta lögreglumanni og lögregluvarðstjóra lífláti með orðunum „þetta er þitt síðasta verk“.

Maðurinn er jafnframt ákærður fyrir að hafa í sama skipti eyðilagt dýnu og loftljós í fangageymslu fangelsisins í Neskaupstað. Loks er hann ákærður fyrir að hafa í sama skipti slegið lögreglumann fast högg með flötum lófa á gagnaugað.

Öll þessi atvik áttu sér stað aðfaranótt sunnudagsins 7. janúar.

- jss



KORTI SKOÐUB Fólki blaðaði í teikningum áður en það valdi sér lóðir.

Úthlutun lóða í Úlfarsárdal: Umsækjendur völdu sér lóð

LÓÐAMÁL Fólki, sem áður hafði fengið úthlutað lóðum í nýju hverfi Reykjavíkur, Úlfarsárdal, mætti á skrifstofur borgarinnar í gær og valdi sér lóð.

Dregið var um í hvaða röð fólkið fékk að velja lóðir en 73 einbýlis-húsalóðir stóðu til boða.

Að sögn Kristjáns Helgasonar hjá framkvæmdasviði borgarinnar gekk úthlutunin hratt fyrir sig og þurfti fólki ekki langan umhugsunartíma.

Þetta var síðasti af þremur valfundum vegna Úlfarsárdals en áður hafði lóðum undir fjölbýli verið úthlutað.

- sgj

Tæplega fertugur karlmaður dæmdur fyrir heimilisofbeldi:

Þrjár árásir á sambyliskonu

DÓMSMÁL Tæplega fertugur karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í 60 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir þrjár líkamsárásir á þáverandi sambyliskonu. Honum var gert að greiða henni 530 þúsund í miskabætur. Í fjórða líkamsárásarmálinu, þar sem maðurinn var einnig ákærður fyrir að hafa veist að konunni, var sök fyrnd. Maðurinn starfaði sem lögfræðingur hjá ríkislögreglustjóra þegar brotin áttu sér stað.

Tvær líkamsárásanna, sem maðurinn var dæmdur fyrir, áttu sér stað á heimili fólksins en hin þriðja á skemmtistað. Konan sem



HEIMILISOFBELDI Maður var dæmdur fyrir þrjár árásir á sambyliskonu sína. Myndin er úr safni.

maðurinn réðst á hlaut allnokkra áverka í öll skiptin, en þó mesta þegar maðurinn veittist að henni

á baðherbergi á heimili þeirra, ýtti henni ofan í baðkar, sprautaði yfir hana þvottalegi og reyndi loks að sprauta yfir hana sjóðandi heitu vatni með sturtubarka. Þakkaði konan það líkamsburðum sínum að sér hefði tekist að koma í veg fyrir að verr færi.

Maðurinn neitaði sök í öllum tilvikum.

Fyrir dómi sagði konan meðal annars að tilkynningu hennar til lögreglu vegna einnar árásarinnar væri hvergi að finna í kæruskrá lögreglunnar. Hefði maðurinn sagt við sig að starfs síns vegna ætti hann auðvelt með að láta málið hverfa.

- jss

Það er reiknað með því að ég gefist upp

Kærunefnd jafnréttismála kvað sýslumann sekan um að brjóta jafnréttislög á Ragnheiði Jónsdóttur í maí. Síðan hefur hún krafist bóta. Hún segist hafa orðið fyrir einelti á vinnustaðnum. Ragnheiður hefur ákveðið að kæra sýslumann.

JAFNRÉTTISMÁL „Það er hreinlega verið að ganga frá manni þarna andlega,“ segir Ragnheiður Jónsdóttir, lögfræðingur á Húsavík. Hún hefur ákveðið, eftir rúmlega tíu mánaða langt kær- og samningaferli, að lögsækja sýslumanninn á Húsavík fyrir að brjóta jafnréttislög. Ragnheiður starfar á skrifstofu sýslumanns.

„Þetta hefur verið gifurlega erfitt og ekki bara út af honum heldur er hann yfirmaður okkar og fólk fer oft á sveif með þeim sem stjórnar. Ég er aðkomukona og fólk reiknar með því að ég hljóti að gefast upp á þessum aðstæðum og fara,“ segir hún.

Kærunefnd jafnréttismála komst að því í apríl-mánuði að Halldór Kristinsson sýslumaður hefði brotið gegn ákvæðum jafnréttis laga þegar hann setti nýráðinn karlkyns lögfræðing í mun hærri launaflokk en Ragnheiði og munaði fjórðungi launa. Ragnheiður hafði þá starfað hjá embættinu í tvö ár.

Ragnheiður segir að svo virðist sem verið sé að refsa henni fyrir að leita réttar síns.

„Það er varla hægt að tala um samskipti okkar í milli lengur. Maður finnur fyrir því á hverjum degi hversu lítils virði maður er. Ég hugsa að einn liðurinn í dómkörfunni verði einelti.“ Ragnheiður nefnir sem dæmi um þetta að í fjórgang hafi gleymst að greiða henni laun vegna yfirvinnu hennar.

FERILL MÁLSINS

1. janúar 2002 Ragnheiður ræðst til starfa hjá sýslumanni.

1. ágúst 2003 Ragnheiður sér launaseðil afleysingamanns hjá sýslumannsembættinu. Sá var með minni menntun og reynslu en hærri útborguð laun.

1. júlí 2004 X er ráðinn til sýslumanns. Hann er með minni menntun og reynslu en hún.

Ágúst 2006 Ragnheiður kemst að því að hún er með mun lægri laun en X.

17. ágúst 2006 Ragnheiður kvartar til stéttarfélags síns.

9. nóvember 2006 Stéttarfélagið kærir til Kærunefndar jafnréttismála.

16. apríl 2007 Kærunefnd úrskurðar Ragnheiði í vil.



RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR Ragnheiður telur fullreynt að leita sátta við sýslumann. Hún ætlar því að kæra hann fyrir brot á jafnréttislögum.

„Það er ekki spurning að það var viljandi. Skrýtið að þeir haldi að þeir komist upp með þetta. Það er ekki hægt að sanna óhlutbundin fyrirbæri eins og viðmót en launagreiðslur eru allar skráðar.“

Verst af öllu, segir Ragnheiður, er hin langa bið eftir úrlausn mála. „Þú ert alltaf í einhverju limbói og það er engin lausn. Maður veit ekkert hvað verður. Enn hafa engir samningar tekist eftir þreifingar í á fjórða mánuði. Fulltrúar mínir lögðu fram ákveðið sáttatilboð en það kom ekkert gagnatilboð á móti allan þennan tíma. Það er hreinlega eins og enginn vilji hafi verið til að semja,“ segir hún. Ragnheiður telur að það sé brot í sjálfu sér að teifa málið svo mjög.

„Hann sagðist ætla að skilja við málið í sátt, þannig að ég yrði sátt, en hann segir eitt og gerir annað.“

Þvert á móti hafi sýslumaður hafist handa við að réttlæta launamuninn með því að taka verkefni af Ragnheiði og setja yfir á aðra fulltrúa. „Ég var með öll lögreglumálin, en núna fæ ég ekki eitt einasta lögreglumál.“

Halldór Kristinsson sýslumaður vildi ekki tjá sig um málið þegar hann var inntur eftir viðbrögðum.

klemens@frettabladid.is

Júniblíðan ekkert einsdæmi: Áframhaldandi bjartviðri spáð

VEÐUR Veðrið hefur verið gott að undanförunu, sérstaklega á sunnanverðu landinu.

Sigrún Karlsdóttir hjá Veðurstofu Íslands segir veðrið í júní hafa verið gott en þó ekki óvanalega gott. Hiti verði líklega yfir meðallagi en það komi þó betur í ljós upp úr mánaðamótum þegar litið verður á mánuðinn í heild. Veðrið í júní hefur þó verið mun betra en það var í fyrra en þá var þungubúið í júnímánuði og mikil væta.

Spáð er bjartviðri suðvestanlands og góðviðri nánast um allt land um helgina.

- pal

Skýrsla um fangaflug CIA: Lendingar héraðs skoðaðar

UTANRÍKISMÁL Lendingar ákveðinna flugvéla á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli

verða teknar til nánari skoðunar samkvæmt ákvörðun Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra í kjölfar þess að þing Evrópuráðsins fjallaði um

skýrslu um fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar CIA.

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu er ítrekað að íslensk stjórnvöld hafi veitt upplýsingar samkvæmt beiðnum Evrópuráðsins vegna málsins. Ráðuneytinu sé ekki kunnugt um flug á vegum CIA með fanga eða meinta hryðjuverkamenn um íslenska lofthelgi eða Keflavíkurflugvöll. Bandarísk stjórnvöld hafi ekki sótt um leyfi fyrir slíku.

- bj

Tvær milljónir í miskabætur:

Kýr traðkaði á höfði stúlku

DÓMSMÁL Bóndi á Suðurlandi hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða stúlku tæpar tvær milljónir króna í miskabætur eftir að nýborin kýr réðst á hana.

Stúlkan var að aðstoða bóndann við að reka kúna heim, þegar kýrin réðist skyndilega á hana, feldi hana og traðkaði á höfði hennar. Varanleg örorka stúlkuunnar var metin 5 prósent eftir slysið.

Dómurinn áleit að saknæmt gáleysi af hálfu bóndans, sem hafði ráðið stúlkuna til starfa, hafi verið sá mannlegi þáttur sem olli slysinu.

- jss

BÍLL DAGSINS

SUBARU OUTBACK 2.5

Nýskr. 05.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 18 þús. km.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gómaði smásala með ýmsar fíkniefnategundir:

Tóku fíkniefni og seðlabúnt

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gómaði smásala í fíkniefnaheiminum síðdegis í fyrradag. Þeir reyndust hafa umtalsvert magn af fíkniefnum í fórum sínum, auk þess sem nokkur hundruð þúsund í reiðufé fundust heima hjá einum manna.

Lögreglan gerði húsleit í vesturborginni í fyrradag á grundvelli úrskurðar þar um. Þar fundust um 100 grömm af hassi og um 50 grömm af maríjúana. Efnunum hafði verið skipt í svokallaða neysluskammta og voru þau tilbúin til dreifingar. Tveir karlmenntu og tvítugt voru yfirheyrðir vegna málsins. Þeim var sleppt að loknum yfirheyrslum og telst málið vera upplýst.

Í fyrrakvöld hafði lögregla svo afskipti af karlmanni á sextugsaldri sem hafði í fórum sínum fíkniefni. Um var að ræða amfetamín, hass, maríjúana og stera. Efnin voru meira eða minna í neysluskömmtum. Við rannsókn á heimili mannsins fundust til viðbótar einhver hundruð þúsund í reiðufé sem grunur leikur á að séu ágóði af fíkniefnasölu.

Maðurinn var yfirheyrður, en honum síðan sleppt að loknum yfirheyrslum.

- jss



NEYSLUSKAMMTAR Efnin sem fundust hjá smásöluum voru að mestu í svokölluðum neysluskömmtum og því tilbúin til dreifingar.

Útsala

er hafin í 115 verslunum



Nú eru verslanir Kringlunnar fullar af spennandi útsöluvörum. Komdu og gerðu frábær kaup á stærstu og fjölbreyttustu útsölu landsins.

Opið til 21 í kvöld

Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
10.00-18.30	10.00-21.00	10.00-19.00	10.00-18.00	13.00-17.00

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	62,83 63,13
Sterlingspund	125,34 125,94
Evra	84,39 84,87
Dönsk króna	11,338 11,404
Norsk króna	10,510 10,572
Sænsk króna	9,089 9,143
Japanskt jen	0,5129 0,5159

SDR	95,03	95,59
-----	-------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

114,9225

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður LÍÚ segir fátt nýtt í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands:

Finnnum skynsamlega millileið

SJÁVARÚTVEGUR „Veðistopp er áhugaverð hugmynd en þeir sleppa afar mikilvægum þætti sem eru markaðsmálin,“ segir Björgólfur Jóhannsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), um hugmyndir Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um að takmarka aflaheimildir í þorski verulega á næsta fiskveiðiári. „Ég trúi því ekki að þeir telji skynsamlegt að sleppa þorskveiðum í tvö ár og ætla sér síðan inn á markaði aftur eins og ekkert hafi í skorist.“

Björgólfur segir að stóra málið í sínum huga sé að fundin verði

skynsamleg millileið þegar ákvörðun verður tekin um þorskveiði næsta fiskveiðiárs. „Við höfum sagt að aflareglu er í gildi sem gefi 178 þúsund tonna þorsk kvóta eins og hún var reiknuð á síðasta ári. Það gera allir sér grein fyrir því að það verður ekki niðurstaðan. Við höfum jafnframt talið það með öllu óraunhæft að 130 þúsund tonn sé algild tala. Það er einhver skynsamleg leið þarna á milli sem ég tel að verði niðurstaðan.“

Björgólfur segir að á heildina litið sé ekkert nýtt í skýrslu Hagfræðistofnunar. „Við verðum að finna hagkvæmstu leið-



BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON Formaður LÍÚ segir fátt nýtt í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um þjóðhagsleg áhrif aflareglu.

ina í því hvað stofninn verður byggður hratt upp. Stóra málið hjá okkur er að það verði til staðar útgerðir, sjómenn og starfsfólk í landi til að vinna við sjávarútveg til framtíðar.“

- shá

Héraðsdómur Reykjavíkur: Dómur fellur í Baugsmáli í dag

BAUGSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur mun fella dóm í hluta Baugsmálsins í dag klukkan 15. Um er að ræða ákæruliði sem Hæstiréttur sendi aftur til héraðsdóms í kjölfar frávisunar.

Í þeim ákæruliðum sem í verður dæmt í dag er Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs Group, sakaður um brot gegn hlutafélagagögum með því að hafa látið veita ólögmæt lán. Einnig er Tryggvi Jónsson sakaður um fjárdrátt, og Jón Gerald Sullenberger ákærður fyrir að útbúa tilhæfulausan kreditreikning.

- bj



VETRARLEGT Það var kuldalegt um að lítast á Vopnafirði í gærmorgun.

MYND/JÓN SIGURÐSSON

Snjór í Krossavíkurfjöllum:

Vetrarlegt á Vopnafirði

NÁTTÚRA Krossavíkurfjöll á Vopnafirði voru snævi þakin þegar íbúar vöknudu í gærmorgun. Hafði snjóað niður í miðjar fjallshlíðar aðfaranótt miðviku-dags.

Að sögn Theodórs Hervarssonar veðurfræðings er það ekkert einsdæmi að snjór falli á þessum stað í júní. Hann segir veður á svæðinu hafa verið fremur hryssingslegt. Samkvæmt spám frá Veðurstofu á þó að hlýna í veðri á næstu dögum.

Flughált var á Helliðshöfði eystri í gær og fólksbilum á sumardekkjum var ráðlagt að fara ekki á heidiðna.

- þeb

UTANRÍKISMÁL

Utánríkisráðherra til Afríku

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utánríkisráðherra lagði í gær af stað til Gana, þar sem hún mun sækja leiðtoga fund Afrikusambandsins. Ráðherra mun eiga tvíhliða fundi með utánríkisráðherrum Afrikuríkja. Þróunarmál og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna verða helstu umræðuefni.

LEIÐRÉTTING

Mistök urðu við vinnslu fréttar um laun íslenskra tónlistarmanna fyrir söng í brúðkaupum í blaðinu í gær. Hér með leiðréttist að fyrirsögn fréttarinnar var ekki í samræmi við meginmál hennar og gaf tilefni til misskilnings. Beðist er velvirðingar á þessu.



FRÁ HÖFN Í HORNAFIRÐI Langt er að fara fyrir fólk á Höfn ef atvinnutækifærum fækkar vegna niðurskurðar aflaheimilda. Það sama á við um Vestmannaeyjar.

MYND/ÞÓK

Svæðisbundin áhrif mikil

Niðurskurður aflaheimilda hefur neikvæðust áhrif þar sem atvinnulífið byggist á sjávarútvegi og langt er að sækja vinnu annað. Bæjarstjórn Vestmannaeyja og Hafnar í Hornafirði segja þörf á að taka tillit til sérstöðu einstakra byggða. Einhæft atvinnulíf þarf að uppræta og gefa byggðum tækifæri til aðlögunar.

SJÁVARÚTVEGUR Verulegur samdráttur í þorskveiðum á næsta fiskveiðiári hefur ekki einungis mikil áhrif á einstakar byggðir á landinu heldur einnig svæðisbundin áhrif háð því hvernig vinnu-markaðurinn er byggður upp. Minnst verða áhrifin þar sem atvinnulífið er fjölbreytt en mest

þar sem lengst er að sækja önnur atvinnutækifæri. Þetta er meðal niðurstaðna Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands í úttekt sinni á þjóðhagslegum áhrifum aflareglu.

Gunnar Haraldsson, forstjóri Hagfræðistofnunar, segir að stofnunin hafi mestar áhyggjur af þeim

byggðum þar sem þorskveiði og vinnsla er stór hluti af atvinnulíf- inu og vinnuarkaðurinn er einfaldur. „Vandinn gæti orðið mestur þar sem fá störf eru á lausu fyrir utan sjávarútveg. Það er ekki mikill vandi fyrir fólk í sjávarútvegi á höfuðborgarsvæðinu að fá aðra vinnu en öðru gægnir til dæmis á Vestfjörðum.“


Lengi hefur verið rætt um vanda Vestfjarða en skýrsluhöfundar til- taka einnig norðurhluta Snæfells- ness, þar sem áhrifin frá höfuð- borgarsvæðinu byrja að fjara út. Ekki er búist við miklum áhrifum til lengri tíma á Suðurnesjum en Vestmannaeyjar og Höfn í Horna- firði eru nefnd á nafn sem svæði sem gætu lent vanda sökum þess hversu atvinnulífið er einleitt og langt að sækja vinnu annað.

Hjalti Þór Vignisson, bæjar- stjóri á Höfn, segir að umræðan um niðurskurð í þorski brenni mjög á fólki. „Sjávarútvegurinn

er hryggjarstykkið í atvinnulíf- inu hjá okkur. Það er rétt að við sækjum ekki vinnu annað. Næstu stóru byggðakjarnarnir eru Árborg í 400 kílómetra fjarlægð og Egil- staðir í 250 kílómetra fjarlægð. Auðvitað þarf því eitthvað að koma til mótvægis hér ef til mik- illar skerðingar kemur.“


Ellíði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir fáar byggðir landsins háðari sjávarút- vegi en Vestmannaeyjar. „Hér sækjum við ekki atvinnu til nágrennabyggða. Það tekur íbúa hér að lágmarki þrjá tíma að ferð- ast til Suðurlands.“ Ellíði telur að áhrif niðurskurðar þar sem fólk á þess ekki kost að sækja atvinnu til nágrennabyggða þurfi að skoða sérstaklega. „Það þarf síðan að ráðast að rót vandans sem er ein- hæft atvinnulíf og gefa þessum byggðum tækifæri til að laga sig að breyttum tíðaranda.“

svavar@frettabladid.is




VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



um hádegi »

Kaupmannahöfn	18°C skúrir	London	17°C léttskýjað	Eindhoven	16°C rigning
Billund	17°C skúrir	Paris	18°C skúrir	Basel	19°C skýjað
Oslo	18°C skúrir	Frankfurt	17°C skúrir	Alicante	26°C léttskýjað
Stokkhólmur	18°C skýjað	Friedrichshafen	18°C skýjað	Róm	26°C léttskýjað
Gautaborg	19°C skúrir	Berlín	19°C skúrir	Las Palmas	22°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Kristín Gísladóttir sjúkrapjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opíð virka daga: 10-18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Advertisement for LYSTADÚN Marco featuring Kristín Gísladóttir, a professional pillow and duvet cover specialist. The ad highlights services available every Friday from 16:00 to 18:00. Contact information for Reykjavík is provided.

Weather forecast section featuring a map of Iceland with temperature and weather icons for various regions. It includes a table of international weather forecasts for major cities like London, Paris, and Rome. The section is titled 'VEÐURSPÁ' and includes a note about wind speed measurements.

Stórt blómstrandi
Gullregn
1499

Dalía

3 stk **999**

Stórlækkað verð á garðplöntum

Fimmtudag - sunnudags



allt að

60%
afsláttur

Flauelsblóm 10 stk **499**



Petúniur

99

kr stk

Trjáplöntur

Frábær tilboð

Blátoppar, 3 stk **999**

Gullregn **1499**

Birkikvistur, 3 stk **999**

Gljámispill, 3 stk **999**

Allar garðrósir, **799**

*m.a. Hansarós, Dornrós
og Home and Garden*

Birki, 30-50 sm **299**

Aspir, 70-100 sm **599**

Himalayaeinir, **999**

Íslenskur einir, (Repanda) **999**

Allar fjölærar plöntur **30% afsl.**



Sólboði

4 stk

1199


heillandi heimur

Skútvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

KJÖRKASSINN



Á ríkið að taka þátt í kostnaði við almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu?

Já	69%
Nei	31%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er raunhæft að tala um þorskveiðistopp í tvö ár?

Segðu skoðun þína á visir.is



Yfirlögregluþjónn segir ekkert einsdæmi að lögregla þurfi að yfirbuga unglina: Ógnaði foreldrum sínum með hnífi

LÖGREGLUMÁL „Þetta er ekkert einsdæmi en sem betur fer kemur það ekki oft fyrir að við þurfum að yfirbuga ungmenni í heimahúsum,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Sextán ára piltur var handtekinn á heimili sínu í Breiðholti aðfaranótt þriðjudags þar sem hann gekk berserksgang og ógnaði foreldrum sínum með eldhúshnífi.

Foreldrarir kölluðu eftir aðstoð laust fyrir miðnætti og voru lögreglumenn frá stöðdeild ríkislögreglustjóra sendir á vettvang. Þeir þurftu að beita varnarúða til að yfirbuga piltinn sem var undir



ÓGNAÐI MEÐ VOPNI Oft kemur til átaka milli unglina og foreldra en sjaldgæft er að vopnum sé beitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

áhrifum fíkniefna. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu. Að sögn Geirs Jóns er ekki ólíklegt að pilturinn verði ákærður. „Þetta er mjög alvarlegt mál enda hefðu menn verið í mikilli hættu hefði

pilturinn beitt hnífnum,“ segir Geir Jón.

Málið heyrir undir barnaverndaryfirvöld vegna ungs aldurs piltins. Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir ekki óalengt að til átaka komi milli unglina og foreldra. Hins vegar sé afar sjaldgæft að gripið sé til vopna. „Við heyrum af svona málum af og til en ekki nema svona einu sinni á ári. Þetta eru alvarlegir atburðir sem benda til þess að eitthvað sé að og kalla á ákveðin viðbrögð frá barnaverndaryfirvöldum,“ segir Bragi.

Oftast koma vímuefni við sögu í málum sem þessu. -þo

Öryggismiðstöðin: Lítur eftir samfélagsþjónum

FÉLAGSMÁL Öryggismiðstöðin hefur tekið við eftirliti vegna samfélagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Öryggisverðir munu heimsækja vinnustaði þar sem fólk innir af hendi samfélagsþjónustu. Verðirnir staðfesta að viðkomandi sé á staðnum og að allt sé í lagi.

Margrét Sæmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Fangelsismálastofnun, segir umsóknnum um samfélagsþjónustu hafa fjölgað mikið. Til að auka hagræðingu hafi verið ákveðið að semja við einkafyrirtæki.

Formlegt útböð fór ekki fram, en rætt var bæði við Öryggismiðstöðina og Securitas. -sps

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Ellý forseti bæjarstjórnar

Gunnar Svavarsson alþingismaður bauð sig ekki fram til endurkjörs sem forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á fundi bæjarstjórnar á þriðjudag og var Ellý Erlingsdóttir kjörin forseti bæjarstjórnar. Þá tók Margrét Gauja Magnúsdóttir sæti í bæjarráði í stað Gunnars.

NOREGUR

Kratar auka fylgið

Í nýrri skoðanakönnun um fylgi stjórnmálaflokka í Noregi mælist fylgi við Verkamannaflokk Jens Stoltenberg forsætisráðherra vaxa lítilliga, upp í 32,9 prósent. Samkvæmt könnuninni mælist Framfaraflokkurinn, stærsti flokkur stjórnarandstöðunnar, með 25,9 prósent fylgi.

Blair kvaddur með lófataki og tárurum

Gordon Brown, fyrrverandi fjármálaráðherra, tók í gær við sem forsætisráðherra Bretlands af Tony Blair sem vikur eftir tíu ára valdatíð. Blair hefur verið skipaður formlegur erindreki Kvartettsins við friðarumleitunir á Mið-Austurlöndum.

LONDON, AP Nýr forsætisráðherra Bretlands, Gordon Brown, lofaði breytingum og nýrri forgangsröðun þegar hann tók við embætti í gær úr hendi Tonys Blair, sem hefur verið forsætisráðherra undanfarið áratug meðan Brown hefur setið í fjármálaráðuneytinu.

Síðar um daginn barst tilkynning frá Kvartettinum svokallaða, sem Sameinuðu þjóðirnar, Evrópusambandið, Bandaríkin og Rússland mynda, um að Blair hefði verið skipaður formlegur erindreki Kvartettsins í friðarumleitunum á milli Ísraels- og Palestínanna.

Blair var augljóslega hræður þegar hann stóð í síðasta sinn fyrir svörum í fyrirspurnatíma forsætisráðherra í breska þinginu í gærmorgun. Í fyrirspurnatímanum sagðist Blair harma að breskir hermenn stæðu andspænis háská í Írak og Afganistan en baðst ekki afsökunar á ákvörðun sinni um að styðja hernaðaraðgerðir Bandaríkjanna.

Lokaorð Blair voru: „Ég óska öllum, vinum sem andstæðingum, hins besta. Og þannig er það. Endir.“ Þingheimur klappaði ákaft fyrir Blair og sumir felldu tár þegar hann yfirgaf þingsalinn til að halda til fundar við Elísabetu II Bretadrottningu sem hann afhenti afsagnarbréf sitt.

Forseti Bandaríkjanna, George W. Bush, sagði Blair hafa átt farsælan feril og að sagan myndi dæma hann mildilega. Í ummælum sem breska götublaðið The Sun birti í gær sagði Bush: „Ég hef heyrt að hann sé kallaður kjölturakki Bush. Hann er stærri en það.“

Talið er að Bush hafi átt veigamikinn þátt í að tryggja Blair stöðuna hjá Kvartettinum.

Afsögn Blairs bindur enda á samstarf sem spannar tæplega



TONY BLAIR Fyrir utan forsætisráðherra-bústaðinn í Downings-stræti 10 þar sem hann hefur búið ásamt fjölskyldu sinni undanfarið áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

aldarfjórðung og hófst þegar hann og Brown voru kjörnir á þing árið 1983. Hinir ungu þingmenn deildu bæði skrifstofu og hugsjón um að hafa áhrif á örlög flokks síns.

Það hefur verið umtalað, en aldrei sannað, að félagarnir tveir hafi gert með sér samkomulag yfir kvöldverði árið 1994 þar sem

Brown hét að bjóða sig ekki fram gegn Blair í leiðtogahlutverk Verkamannaflokksins eftir að þáverandi leiðtogi, John Smith, lést. Á móti á Blair að hafa heitið því að veita Brown vótæk völd sem fjármálaráðherra og að víkja sem leiðtogi fyrir Brown eftir tiltekinn tíma. -sdg@frettabladid.is

Þjónusta Ríkisútvarpsins við Sunnlendinga breytist frá og með mánaðamótum: Svæðisútvarpi á Suðurlandi hætt

SUÐURLAND „Við höfum ákveðið að beita forgangi og leggja meiri áherslu á að halda úti svæðisút-sendingum sem eru fjærst höfuðborgarsvæðinu eins og á Egilsstöðum, Akureyri og Ísafirði,“ segir Óðinn Jónsson, fréttastjóri Útvarpsins.

Ákveðið hefur verið að leggja niður útsendingar svæðisdeildar Ríkisútvarpsins á Selfossi. Útsendingar hafa verið alla virka daga, utan mánudaga, frá klukkan 17.26 til klukkan 18.00.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði segir ákvörðunina mjög bagalega ef þetta verð-

ur til þess að skerða þjónustu við íbúa á svæðinu. „Þau sem hafa verið með svæðisútvarpið hafa staðið sig gríðarlega vel. Ef þau ná að halda jafn góðum fréttalutningi af svæðinu, þó að fyrirkomulagið breytist, þá er það annað mál,“ segir Aldís.

Óðinn segir að Útvarpið verði áfram með aðstöðu á Selfossi og hún verði eflað annars staðar í fjórðungnum en hálf tíma útsendingarnar verði lagðar niður. „Um leið ætlum við að breyta fréttalutningi á þeim svæðum sem liggja nær höfuðborgarsvæðinu og auðveldara er við að eiga. Það



ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR **ÓÐINN JÓNSSON**

stendur því ekki til að sinna fjórðungnum ver heldur þvert á móti og við verðum áfram með fréttaritara á Suðurlandi,“ segir Óðinn. -lib

Frá kr. 2.790.000

TUCSON

Gerðu góð kaup og veldu Hyundai

Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Njóttu sumarsins

Loritin®
– Kröftugt ofnæmislyf

Notkun: Loritin er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofskálða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn (>12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálmála. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efni eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Loritin er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munþurrks. Notkun Loritins á meðgöngu og við brjóstgjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Loritin þolast almennt vel en algengustu aukaverkanir hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanir hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfði, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

LYFJA - Lífið heil

actavis hagur í heilsu



ÓPIÐ TIL
21
Í KVÖLD

ÚTSALAN

ER HAFIN Í SMÁRALIND

15-70% afsláttur



Verlanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

VEISTU SVARID?



- 1 Hvað afplánaði Paris Hilton marga daga af 45 daga fangelsisdómi sínum?
- 2 Hvað leggur Hafrannsóknastofnun til að verði veitt mikið af þorski á næsta fiskveiðitári?
- 3 Hvaða frægi tónlistarmaður hrækti á aðdáendur sína í Svíþjóð á dögunum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Torrent.is ber ekki ábyrgð á ólöglegu efni sem nálgast má í gegnum vefsvæðið:

Nauðgunarleikur talinn ólöglegur

TÖLVUR Kynferðisbrotadeild lögreglunnar hefur komist að því að japanski tölvuleikurinn RapeLay flokkist undir klámefni og sé því ólöglegur.

Í leiknum er farið um tölvuheima og konum nauðgað. Hann var fjarlægður af vefsvæði torrent.is í lok síðasta mánaðar, meðan lögreglan lagði mat á lög-mæti hans.

Niðurstaðan er byggð á skilgreiningu dómsmálaráðuneytis og orðabókar á klámi. Munar mestu um að hann er ekki talinn hafa „listfræðilegan tilgang“. Samkvæmt hegningarlögum er óleyflegt að dreifa slíku efni og er refs-

ingin allt að sex mánaða fangelsisvist.

Aðstandendur vefsvæðisins eru hins vegar ekki taldir hafa brotið lög. Einnig telur lögregla að erfitt sé að láta þá svara til saka sem dreifðu leiknum á svæðinu, því þeir séu margir hverjir utan lögsögu Íslands.

„Við hættum rannsókn vegna þess hvernig vefsvæði torrent.is er uppsett. Við teljum okkur ekki fært að sýna fram á hver sé að dreifa leiknum. Það er enginn einn sem dreifir, heldur þarf að þúsla þessu saman úr skjölum margra notenda. Hins vegar mæltumst við til þess að hann yrði bannaður

á vefsvæðinu,“ segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, lögfræðingur kynferðisbrotadeildar.

Alda telur öðru máli gegna ef leiknum yrði dreift á vefsvæði einstaklinga. Þeir gætu þurft að sæta ábyrgð.

Aðstandendur torrent.is ætla að fara að tilmælum lögreglu. - kóp



HULSTUR RAPELAY í tölvuleiknum fer sá sem spilar um borg í Japan og nauðgar konum. Leikurinn hefur verið úrskurðaður ólöglegur.

Umhverfissvottaðar hreinlætisvörur – fyrir sumarþústaðinn og veiðihúsið

Bjarni Ómar Ragnarsson
- verslunarstjóri hjá RV



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



25 Rekstrarvörur
ára 1982-2007

Sektir fyrir hraðakstur hækkuðu verulega í vor:

Fleiri kærðir þrátt fyrir hækkun

LÖGREGLUMÁL Hærri sektir við hraðakstri er fagnaðarefni að mati Guðbrands Sigurðssonar, aðalvarðstjóra umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

„Við erum búnir að kæra mun fleiri í ár fyrir hraðakstur en á sama tíma í fyrra,“ segir Guðbrandur.

„Eftirlit lögreglu snýst auðvitað um að fækka umferðarslysum og það gerum við með því að draga úr hraða, minna á bílbeltin og margt fleira.“

Sektir við hraðakstri voru hækkaðar frá 27. apríl í vor. Hámarkssekt er nú 180.000 krónur og er hraðaksturinn þar að auki kærður ef ekið er á meira en hundrað kílómetra hraða á klukkustund þar sem hámarkshraðinn eru 50 kílómetrar á klukkustund. Þegar öku-menn eru gripnir við slíkan ofsakstur eru ekki boðnar sættir.

Auk hærri sekta fá öku-menn nú fleiri punkta nú en áður fyrir of hraðan akstur.

Guðbrandur segir mikilvægt að hækka refsheimildina vegna hraðaksturs, sérstaklega fyrir vítaverðan akstur eða ofsakstur þar sem harður brotavilji liggur að baki.

„Við teljum að hærri sektir geri það að verkum að fólk hugsar sig tvisvar um áður en það brýtur umferðarlögin.“

- lbb



HÆRRI SEKTIR Það verður sífellt dýrara að gefa í og brjóta umferðarlögin.

VIÐURLÖG VIÐ HRAÐAKSTRI

100 km/klst á 50 km svæði

FYRIR: 75.000 kr og 1 punktur

EFTIR: 90.000 kr, 4 punktar og 3 mánaða ökuleyfisvæðing

120 km/klst á 50 km svæði

FYRIR: 110 þúsund krónur í sekt, 4 punktar og 3 mánaða ökuleyfisvæðing

EFTIR: 130 þúsund krónur í sekt, 4 punktar og 3 mánaða ökuleyfisvæðing

100 km/klst á 60 km svæði


FYRIR: 75 þúsund krónur í sekt, 1 mánuður í ökuleyfisvæðing

EFTIR: 80 þúsund krónur í sekt, 4 punktar og 1 mánuður í ökuleyfisvæðing

140 km/klst á 90 km svæði

FYRIR: 75 þúsund krónur í sekt og 2 punktar og 1 mánuður í ökuleyfisvæðing


EFTIR: 130 þúsund krónur í sekt, 4 punktar og 1 mánuður í ökuleyfisvæðing



40-90%
AFSLÁTTUR

DOROTHY PERKINS

SMÁRALIND



40-90%
AFSLÁTTUR

sizes 16+

evans.
smáralind & kringlu

Útsalan

Verðhrun

hefst í dag

Allar útsöluvörur
250-2000 kr

Verðdæmi

UPPHAFLEGT VERÐ	ÚTSÖLUVERÐ
499 KR.	250 KR.
799 KR.	500 KR.
999-1.299 KR.	750 KR.
1.499-1.699 KR.	1.000 KR.
1.999-2.499 KR.	1.500 KR.
2.999-4.999 KR.	2.000 KR.

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilsvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Hugmynda- leit um betri miðborg

Þann 18. apríl brunnu húsin að Austurstræti 22 og Lækjargötu 2 í miðborginni. Reykjavíkurborg efnir nú til hugmynda- og leit um betri miðborg (sjá kort). Gera skal tillögur að við- og nýbyggingum þar sem það er talið verða svæðinu til framdráttar. Með þessu er ætlunin að auka enn frekar á aðdráttarafi miðborgarinnar og styrkja hana sem þann drifkraft auðugs mannlífs sem henni ber að vera. Við mótn tillagna er jafnframt mikilvægt að leggja áherslu á götur og torg og tengingar milli þeirra og leitast við að finna útfærslur sem stuðla að því að líf verði milli húsanna.



ALLIR MEGA TAKA ÞÁTT

Allir hafa rétt á að taka þátt í þessari leit og eru hvattir til að senda inn hugmyndir sínar um það sem er talið geta bætt og styrkt þetta sögulega umhverfi. Ekki þarf að skila inn hugmyndum að breytingum á öllu svæðinu heldur er þátttakendum frjálst að skila inn hugmyndum sem lúta að einstökum atriðum. Nú þegar hefur Reykjavíkurborg valið með forvali sex arkitektastofur til þess að taka þátt í hugmynda- og leit um betri miðborg og skila þær sínum tillögum nafnlaust.

SKILA Á RÉTTUM TÍMA

Tillögum skal skila til trúnaðarmanns, á skrifstofu Skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 3. hæð, fimmtudaginn 9. ágúst 2007 milli kl. 16:00 og 19:00. Tilhögun á skilum á tillögum er frjáls en mest á tveimur blöðum/spjöldum í stærðinni A1. Ófrávikjanleg skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka, er að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleynar sé gætt. Því skal merkja tillögunar með fimm stafa auðkennistölu. Með þeim skal fylgja umslag með sömu tölu og inni í því skal vera miði með nafni, heimilisfangi og símanúmeri höfunda.

BESTU TILLÖGURNAR KEYPTAR

Ekki verða veitt eiginleg verðlaun heldur munu þær hugmyndir sem dómnefnd velur til áframhaldandi vinnu við gerð deiliskipulags af svæðinu verða innkeyptar. Að auki munu hugmyndir sem dómnefnd telur þess verðugar verða veittar sérstakar viðurkenningar.

Hugmynda- og leit um betri miðborg er unnin í samvinnu Reykjavíkurborgar, Landsbanka Íslands og eigendur Hótel Borgar í samstarfi við Arkitektafélag Íslands.

Sjá allar nánar upplýsingar á www.skipbygg.is



Reykjavíkurborg

Lögð í lífshættu á ferð- um að og frá heimili

Kona sem bundin er hjólastól kemst ekki út af heimili sínu á Siglufirði þar sem stígur að húsi hennar er ófær hjólastólum. Deilt er um hverjum stígurinn tilheyrir. Bærinn segir vilja til að leysa málið og það verði gert á næstunni.

FÉLAGSMÁL Kona sem slasaðist alvarlega í slysi árið 2005 og er bundin hjólastól kemst ekki út af heimili sínu á Siglufirði án aðstoðar þar sem göngustígur sem liggur að húsinu er ekki fær hjólastól. Deilt er um hvort göngustígurinn tilheyrir lóðinni eða hvort bærinn beri ábyrgð honum.

Sveinn Filippsson, eiginmaður Steinunnar Erlu Marinósdóttur, segir að það þurfi tvo til að koma hjólastól Steinunnar eftir stígnum yfir sumartímamann, en á veturna þurfi að bera Steinunni eftir stígnum. Þannig sé hún lögð í lífshættu í hverri ferð, enda stígurinn torfær og tæplega þriggja metra fall niður stórgrýttu og bratta brekku við stíginn. Ekkert megi út af bera þegar snjór og hálfka er.

Steinunn slasaðist alvarlega árið 2005 þegar hún féll af göngustígnum niður þessa sömu stórgrýttu brekku. Henni var haldið meðvitundarlausri í öndunarevél í fjórar vikur og var vart hugað líf. Steinunn var rúmlega hálf tveggja ára á sjúkrahúsi og í endurhæfingu áður en hún kom aftur til Siglufjarðar í desember 2005. Hún þarf nú að fara mánaðarlega til Reykjavíkur til lyfjagjafar.

Sveinn og Steinunn hafa frá því þau fluttu inn árið 1977 beðið bæjarfélagið um lagfæringu á stígnum. Árið 1997 var Lindargatan malbikuð og gatnagerðargjöld innheimt. Sveinn segir að þá hafi verið samið um að gjöldin yrðu greidd eftir að stígurinn yrði lagður, en af því hafi aldrei orðið. Aftur hafi verið óskað eftir endurbótum eftir slysið 2005, en ekkert hafi gerst enn.

Síðast fundaði Sveinn með bæjarfyrirvöldum snemma í maí. Eftir þann fund segist hann hafa verið bjartsýnn á að málið væri að leysast, en svo hafi ekkert gerst, eins og svo oft áður.



BREKKA Brött brekka er meðfram göngustígnum, Steinunn er bundin hjólastól eftir fall niður brekkuna.

Deilt er um hvort stígurinn tilheyrir lóðinni eða hvort bærinn beri ábyrgð á honum. Sveinn segist hafa undir höndum bréf frá bænum frá 1997 og 2005 þar sem viðurkennt sé að bærinn beri ábyrgð á ástandi stígsins. Þrátt fyrir það hafnaði Vátryggingafélag Íslands, tryggingarfélag bæjarins, bótakröfum vegna slyss Steinunnar á þeirri forsendu að stígurinn tilheyrði ekki bænum.

Sigurður Hlökkversson, bæjar- tæknifræðingur og byggingafræðingur hjá Fjallabyggð, segir að stígurinn sé hluti af lóðinni við Lindargötu, og því ekki á ábyrgð bæjarins. Engu að síður sé vilji til að leysa málið, og það verði gert á næstunni í góðri samvinnu við íbúana. Í þessu tilviki eins og ýmsum öðrum megi þó segja að góðir hlutir gerist hægt.

brjann@frettabladid.is



PRENGSLI Eina leiðin að húsi Steinunnar Erlu Marinósdóttur er stígur sem varla er fær hjólastól. Tvo þarf til að stóllinn komist eftir stígnum ef vel á að vera, en hér reynir Kolbrún Sveinsdóttir, dóttir Steinunnar, að koma henni heim.

Má bjóða þér
upp á ýsu í kvöld?



Fullbúin máltíð á innan við 5 mínútum

DEBENHAMS

Útsalan

hefst í dag
kl. 11:00

30 til 70%
afsláttur af völdum vörum

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!



DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!



SVALANDI VATNSBUNA Konur kæla sig í gosbrunni í hitabylgjunni sem verið hefur undanfarna daga í Búlgaríu. Hitamet féll þegar hitinn mældist 39,9 gráður á Celsíus í höfuðborginni Sofíu og hafa heilbrigðisyfirvöld hvatt fólk til að halda sig innandyr. NORDICPHOTOS/AFP

Búist er við fjölmenni á Bíldudals-grænum og Húmarhátíð á Höfn í Hornafirði:

Íbúafjöldi gæti sjöfaldast

FÓLK Búist er við fjölmenni á bæjarhátíðirnar Bíldudals-grænar og Húmarhátíð á Hornafirði nú um helgina. Að sögn Helga Hjálmtýssonar, verkefnisstjóra Bíldudals-grænna, er gert ráð fyrir að allt að því 1.500 gestir verði í bænum um helgina. Íbúar Bíldudals eru innan við 200, sem þýðir að fjöldi íbúa þar gæti allt að því sjöfaldast meðan á hátíðinni stendur. „Þetta veltur mikið á veðrinu,“ segir Helgi. „Ef það leikur við okkur er ekki óraunhæft að áætla að gestir verði þetta margir, bæði frá nágrannabæjum og víðar að.“

Bíldudals-grænar hátíðin er haldin á tveggja ára fresti. Allir



FRÁ HÚMARHÁTÍÐ Gestir á Húmarhátíð á Hornafirði eru að jafnaði fjögur til sex þúsund. - bs

skemmtikraftar sem koma fram eru heimamenn eða brottfluttir Arnfirðingar og er ókeypis inn á flesta viðburði.

Valdemar Einarsson, forsvarsmáður Húmarhátíðar, segir erfitt að meta hversu margir séu væntanlegir til Hornafjarðar á hátíðina. Gestir hafi hingað til verið á bilinu fjögur til sex þúsund, sem þýðir að fjöldi íbúa muni líklega tvö- til þrefaldast yfir helgina. Lökkæsla er hert á meðan hátíðinni stendur. „Það verður að gera þegar svo margir koma saman. En þetta er fjölskylduhátíð sem hefur hingað til farið vel fram og gengið áfallalaust fyrir sig.“

Shellmót ÍBV hefst í dag:

Hátt í 900 drengir til Eyja

ÍÞRÓTTIR „Hátt í 900 keppendur og þjálfarar eru skráðir til leiks. Það liggur við að það komi foreldri með hverjum dreng, ef ekki báðir foreldrarnir, þannig að allt gistirými í eyjunni er orðið fullt,“ sagði Einar Friðbjósson, framkvæmdastjóri mótsins, í gær þegar Fréttablaðið hafði samband við hann.

Shellmót ÍBV, sem hét áður Tómmamótið, hefst í Vestmannaeyjum í dag. Mótið hefur verið haldið árlega síðan 1984.

„Mótið stendur fram á sunnudag en þá fara fram úrslitaleikir og lokahólf,“ sagði Einar.

- aví

Helgisíður í malasísku þorpi:

Jarðsettar geimverur ollu ótta

MALASÍA, AP Galdralæknir í þorpi í Malasíu var handtekinn á sunnudag þegar grunur lék á að geimverur hefðu verið grafnar í grafreit þorpsins að hans fyrirskipan.

Honum var sleppt eftir yfirheyrslur, enda leiddu þær í ljós að bananatré en ekki geimverur höfðu verið grafinn að fornum helgisíð.

Hjátrú er rík í afskekktum byggðum Malasíu og starfsemi galdralækna blómleg. - sdg



GUÐNI OG GRAY Andy Gray rifjaði upp þátttöku sína í landsleik Skota og Íslendinga sem fór fram hér á landi fyrir rúmum tuttugu árum.

Ný sjónvarpsstöð, Sýn 2, sinnir bara enska boltanum:

380 úrvalsleikir í beinni

ÍÞRÓTTIR Útsendingar Sýnar 2, nýrrar sjónvarpsstöðvar sem sinnir eingöngu enska boltanum, hefjast 4. ágúst. Fyrsta umferð úrvalsdeildarinnar verður viku síðar.

Hátt í 380 úrvalsdeildarleikir verða sýndir beint og einnig verða sýndir leikir frá næstefstu deild. Fjölmargir erlendir fótboltaþættir verða á dagskrá og 4 4 2 með Guðna Bergs verður á laugardagskvöldum.

Sparkskýrandinn skoski, Andy

Gray, sem lék um árabíl í ensku deildinni var heiðursgestur þegar Sýn 2 var kynnt í gær.

„Fólk getur deilt um hvort þetta sé besta deildin en allir eru sammála um að þetta sé vinsælasta deildin,“ sagði Gray í gær.

Hann telur of snemmt að spá fyrir um sigurvegara, mikið eigi eftir að gerast í leikmannakaupum á næstu fjórum vikum. „En ef ég þyrfti að veðja á eitthvert lið í dag þá væri það Manchester United.“ - pav



TAKTU OKKUR MEÐ Í FRÍIÐ!

Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir meira en 20 þúsund krónur eða færð þér MasterCard kreditkort færðu stórt og fallegt **Latabæjarhandklæði** í kaupbæti. Þú getur líka valið að fá þægilegt **kælibox** til að hafa með á ströndina.

Farðu í fríið með fjármálin á þurru:

KREDITKORT

- þægilegasti og öruggasti greiðslumátinn í útlöndum

NETBANKINN

- yfirsýn og helstu bankaaðgerðir hvar sem er í heiminum

REGLULEGUR SPARNADUR

- leggðu drög að næsta fríi

GREIÐSLUÞJÓNUSTA

- láttu okkur um að borga reikningana

GLITNIR

Aðstoðarmaður ráðinn:

Hrannar hægri hönd Jóhönnu

STJÓRN MÁL

Hrannar Björn Arnarsson hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra. Hrannar Björn var borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans og hefur unnið hjá Eddu og 365. Hrannar er með diplóma í rekstrar- og viðskiptafræði frá Endurmenntunarfornun Háskóla Íslands og stundar nú MBA-nám við Háskóla Íslands. - sps



HRANNAR BJÖRN ARNARSSON



Veldu Öryggi
Áratuga reynsla og örugg þjónusta

SKIPSTJÓRAR VÉLSTJÓRAR ÚTGERÐARMENN

Slökkvitæki og skápar
Skipafestingar
Slökkvikerfi
Eldvarnarteppi
Reykkyngjarar
Brunastigar
Brunaaxir
Brunaslönguhjól og skápar
Brunaslöngur og skápar
Úðastútar
Storz hraðtengi og krantar
Storz lykjar
Reykköfunartæki

Allar gerðir eldvarnartækja þjónustum slökkvitæki

ELDVARNAMIÐSTÖÐIN

Ólafur Gíslason & Co. hf.
Sundaborg 7 - 104 Reykjavík - S. 568 4800

www.olafurgislason.is



ÞÍN LÁGVÖRUVERÐSVERSLUN!





Úr Kjötborði Noatuns

LAMBA RIB EYE
VILLIKRYDDAÐ

2.398 kr. kg

25%
afsláttur



Úr Kjötborði Noatuns

LAMBAINNRALÆRI SPJÓT
TOSCANA

498 kr. stk.

Pú sparar 150
kr. stk.



Úr Fiskborði Noatuns

KEILUSPJÓT MEÐ
SÍTRÓNUPIPARMARINERINU

398 kr. stk.

Pú sparar 70
kr. stk.



SS KONÍAKSLEGNAR
GRÍSA LUNDIR

1.936 kr. kg

Nóatún
mælir með!




SS NAUTAKÓTELETTUR
ARGENTÍNSKAR

1.598 kr. kg

Pú sparar 400
kr. kg



SS SOÐIN LIFRARPYLSA

583 kr. kg

25%
afsláttur



Með Knorr er auðvelt
að búa til ljúffenga og
holla salatdressingu!



25%
afsláttur



EGILS KRISTALL
6x0,5 L Í PAKKA

499 kr. pk.

Goða lamba-
sviðasulta!



30%
afsláttur



Vestfirskur harðfiskur
- ómissandi í
bakpokann!

NÓATÚN

Bestir í kjöti

Heitt MED Heim



**Grillaður
kjúklingur**
699 kr.
stk.

Tilboð á hamborgurum!



47%
afsláttur

NÓATÚNS UNGNAUTA-
HAMBORGARAR 4X90 GRÖMM

298 kr.
pk.



MATFUGL KJÚKLINGASPJÓT
3 TEGUNDIR

2.559 kr.
kg

20%
afsláttur



MÓA KJÚKLINGAR
APPELSÍNUMARINERING LÆRI/LEGGIR

388 kr.
kg

30%
afsláttur



**Gott á grillið -
Fylltar grillkartöflur og
maískólfar!**



HUNT'S BBQ
SÓSUR

169 kr.
stk.



**Frábært
verð!**

PEPSI OG
PEPSI LIGHT 2 L

99 kr.
2L



MEISTARA
RÚLLUTERTA BRÚN

399 kr.
stk.



DORITOS
SNAKK 200 G

149 kr.
pk.

Allt í ferðalagið!

Harkið horfið og skipulagið tekið við

„Fíkniefnamál eru meira og minna hætt að vera tilviljanakennd, eins og þau voru hér áður fyrr. Harkið er horfið og alþjóðlegt yfirbragð glæpastarfseminnar er tekið við,“ segir Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður sem komið hefur að stórum fíkniefnamálum Litháa sem verjandi.


Frá borginni Kaunas í Litháen flæðir amfetamín yfir Evrópu. Innflutningur litháískra glæpamanna á tugum kílóa af sterku amfetamíni hingað til lands, á um tveggja ára tímabili, má með einum eða öðrum hætti rekja til fíkniefnaframleiðslu í Kaunas og nágrennbæjum borgarinnar. Þar hefur haldist sérþekking á efnaframleiðslu sem á árum áður var nýtt til framleiðslu löglegra efna en er nú fundið hlutverk við framleiðslu ólöglegra efna, einkum amfetamíns. Það er ódýrt í framleiðslu en selst á mörkuðum um alla Evrópu með margföldum hagnaði.

Mafían í Litháen hefur ekki aðeins ítök á Íslandi heldur starfar í raun hér á landi líft og í löndum víðs vegar um Evrópu. Ísland er einn hlekkur í keðjunni. Höfuðpaurarnir búa þannig um hnútana að ómögulegt er að rekja málin til þeirra. Þeir gera út glæpamenn sem hafa flutt hingað til lands efni sem búa má til úr um 70 kíló af söluvænlegu amfetamíndufti, sé einungis horft til þess magns sem tollverðir hafa náð.

Lögreglan hefur staðfest við Fréttablaðið að einn manna sem hlotið hefur fangelsisdóm fyrir innflutning á sterku amfetamíni hafi komið hingað til lands með „skammta af efnum“ áður en hann var stöðvaður af tollvörðum. Þau efni komust inn á markað og í almenna sölu og var að líkindum um mikið magn efna að ræða, miðað við sambærileg smyglmál.

Markaður stækka og harkan eykst Fíkniefnin eru ekki eina tekjulindin. Svartur markaður með tóbak og vín hefur stækkað hratt frá því landið var opnað fyrir fólki frá nýjum ríkjum Evrópusambandsins hinn 1. maí í fyrra. Eftir þessu taka starfsmenn tollsins sem hafa komið upp um smygl á þúsundum kartona af sigarettum á tiltölulega skömmum tíma.

Við rannsókn á stórfelldu smyglmáli á Raufarhöfn, sem komst upp um 24. október í fyrra, komu fram vísbendingar um að skipverjar á rússneska togaranum Altair hefðu meirihluta tekna sinna af því að selja tóbak og vín sem fara ætti „inn á svartan markað“ eins og heimildarmaður Fréttablaðsins innan lögreglunnar komst að orði. Í því tilviki fengu skipverjar ellefu þúsund Bandaríkjadali í sinn hlut, tæplega 700 þúsund krónur, en verðmætið miðað við markaðsverð á sigarett-



1 2. FEBRÚAR 2004
Vaidas Jucevicius kemur til landsins frá Kaupmannahöfn. Hann lést nokkrum dögum síðar. Inni í manninum fundust 223 grömm af sterku amfetamíni í 61 pakkningu. Þrír menn, Grétar Sigurðsson, Jónas Ingi Ragnarsson og Litháinn Tomas Malakauskas, voru dæmdir í fangelsi. Umsvið litháískra glæpasamtaka koma upp á yfirborðið við rannsókn málsins.

2 30. JÚNÍ 2005
Fjögur kíló af sterku amfetamíni finnst í 26 pakkningum inni í járnbita undir bifreið sem hingað kom með Norrænu. Pakkningararnar voru kirfilega faldar og smurðar í „límkennndri sítusólíu“, svo vitnað sé til gagna málsins, til að villa um fyrir leitarmönnum. Romanas Strabeika og Emanuelis Kukanaukas dæmdir í þriggja ára fangelsi fyrir að reyna að smygla efnunum til landsins.

3 26. FEBRÚAR 2006
Tveir lítrar af amfetamínvökva finnst við eftirlit tollgæslunnar á Keflavíkurlugvelli. Unnt er framleidda um 2,4 kíló af sterku amfetamíndufti og um 17,5 kíló af amfetamíndufti með tíu prósent styrkleika sem algengt er að sé dreift til sölu. Romas Kosakovskis dæmdur í fjögurra ára fangelsi.

4 4. FEBRÚAR 2006
Um 1,7 lítrar af sterkum amfetamínvökva eru gerðir upptækir við tollskoðun á Keflavíkurlugvelli. Samkvæmt rannsókn er talið að hægt sé að framleiða um 13,3 kíló af tíu prósent sterku amfetamíndufti úr vökvanum. Saulius Prusinskas og Arvydas Maciulskilis dæmdir í þriggja og fjögurra ára fangelsi.

5 6. JÚLÍ 2006
Tólf kíló af sterkum amfetamínvökva finnst í bifreið í Norrænu. Hægt er að búa til um 30 til 40 kíló af söluvænlegu amfetamíndufti með um 20 prósent styrkleika úr vökvanum. Sarunas Budvytis og Virunas Kavalciukas dæmdir í sjö ára fangelsi fyrir smyglið.

um hér á landi nam nokkrum milljónum króna. Sama var upp á teningnum er tollgæslan gerði um 700 karton af sigarettum upptæk í rússneska skipinu Ozernitsa í Hafnarfjarðarhöfn í byrjun apríl á þessu ári; þau voru ætluð á svartan markað til sölu. „Það er kannski léttvægra að selja fólki sigarettur heldur en fíkniefni. En í þúsundavis, á markaði sem hefur stækkað gríðarlega hratt, þá er mikið upp úr þessu að hafa. Þess vegna eru skipverjarnir settir í þá stöðu að selja þetta fyrir einhvern þriðja aðila sem stendur

oftar en ekki á bak við smyglið,“ segir Ásgeir Karlsson, stjórnandi greiningardeildar ríkislögreglustjóra. Einkum og sér í lagi hefur borið á smygli á LOM-sigarettum, sem framleiddar eru í Rússlandi og á fleiri stöðum í Austur-Evrópu, og fölsuðum Winston-sigarettupökkum.

Sölunni á tóbakinu og fíkniefnunum er stýrt af hörku. „Síðferðisstuðull margra þessara glæpamanna er lægri heldur en við [Íslendingar] þekkjum. Það er ekkert tiltökumál fyrir þá að beita

hörðu ofbeldi,“ segir Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður sem starfar hér fyrir nokkra erlenda menn sem komist hafa í kast við lögin. Hann segir þá flesta hafa svipaða sögu að segja. Erfiðleikar heima fyrir hafa rekið þá til þess að gerast burðardýr fyrir þriðja mann, sem ekki er hægt að rekja málið til. „Flest málin sem komið hafa upp hér að undanfögnu hafa öll einkenni þaulskipulagðrar glæpastarfsemi,“ segir Brynjar og vill að umræða um þessi mál verði tekin upp úr skotgröfunum. „Við sem höfum innsýn

inn í þennan heim í gegnum stórf okkar sjáum öll einkenni þess að hér séu að festast í sessi hefðbundin útlend glæpavinnubrögð. Einvherra hluta vegna hefur verið um viðkvæmt mál að ræða þar sem útlendingar eiga í hlut. Þá er betra að halda sig við þær staðreyndir sem blasa við; hér á landi er alþjóðleg glæpastarfsemi að festa rætur og það á ekki að vera neitt feimnis-

Greinaflokkur þessi um litháisku mafíuna heldur áfram á morgun.

Foreldrar, verum samtaka!

- Vitum hvar börnin okkar eru og með hverjum
- Virðum útivistartímann
- Kaupum ekki áfengi fyrir yngri en 20 ára
- Setjum tímamörk á tölvunotkun
- Leyfum ekki eftirlitslaus party eða útilegur

www.samanhopurinn.is

SAMAN

BLÖÐIN RIFIN ÚR HILLUNUM SAMDÆGURS

„Alltaf þegar við skrífum um fíkniefnaframleiðslu mafíunnar í Kaunas og nágrennbæjum þá eru næstum öll blöðin tekin úr öllum hillum sölu- staðanna sama dag og blaðið kemur út. Við fáum hin ýmsu svör þegar við spyrjum að því hvers vegna blöðin hverfa úr hillunum en við vitum að hótanir í garð kaupmanna ráða mestu,“ segir Giedré Goriené, ritstjóri vikuritsins Karstas Komntaras, sem í síðustu viku fjallaði um fíkniefnaframleiðslu í borginni Kaunas í Litháen og nágrennbæjum. Fimm stór amfetamínál sem komið hafa upp hér á landi má með einum eða öðrum hætti rekja til fíkniefnaframleiðslunnar í Kaunas.

Afhjúpanði umfjöllun blaðsins um amfetamínframleiðslu í íbúðum í bænum Domeikava, nágrennbæ Kaunas sem oft er nefndur „Litla Sikiley“, hefur vakið mikla athygli. Þar er rakin saga fyrrverandi lögreglukonu sem býr í fjölbýlishúsi við Neris-götu í Domeikava, þar sem fíkniefni eru framleidd, sem í meira í þrjú ár hefur

reynt að fá lögregluvirkni í Kaunas til þess að gera eitthvað í málunum. „Við ákváðum að fara í heimsókn til konunnar og dvöldum í íbúð hennar til þess skynja sjálf sterkan fíkniefnafnykinn í loftinu og fylgjast með mannaferðum við húsið,“ segir Goriené. „Það fer ekkert á milli mála að það er verið að framleiða fíkniefni í húsinu og ef lögreglan hefði einhvern áhuga á því að gera tækin upptæk og koma í veg fyrir framleiðsluna þá væri það gert. Fíkniefnaframleiðsla er lífifraud margra á þessum slóðum og völd mafíunnar eru ótrúlega mikil. Þrátt fyrir að fíkniefnin flæði frá borginni, og það sé öllum ljóst sem búi á svæðinu, þá virðist sem mafían hafi gríðarlegt tak á lögreglunni og þess vegna gerist ekkert. Meðal annars þess vegna höfum við ákveðið að birta greinar okkar um þetta á ensku, til þess að reyna að opna augu alþjóðasamfélagsins sem vonandi getur þrýst á um úrbætur, því fíkniefnin fara héðan og valda skaða í öðrum löndum.“

Goriené segir mafíuna beita blaðamenn þrýstingi. „Það hefur oft verið hringt í okkur að nóttu til og okkur hótad með öðrum hætti,“ segir hún. Þá hefur viðmælendum blaðsins verið hótad. „Þeir koma sjaldnast fram undir nafni. En frá Rakauskieni [lögreglukonan sem rætt er við í greininni] sýnir mikið hugrekki með því að stíga fram og ræða um stöðuna eins og hún er. Henni hefur margsinnis verið hótad vegna kvartana hennar yfir fíkniefnaframleiðslunni. Þá hefur lögreglan einnig sýnt dæmigerð vinnubrögð með því að bregðast aldrei við kvörtunum hennar eins og rakið er í greinum okkar,“ segir Goriené. „Það eina sem við getum haft að leiðarljósi er að halda áfram að greina frá því sem er að gerast á þessum slóðum. Það er ekki bara óeðlilegt að fíkniefnaframleiðslan fái að halda áfram endalaust, í skjóli spilltrar lögreglu, heldur líka hættulegt fyrir alþjóðasamfélagið þar sem mafían selur fíkniefnin út um víða veröld og beitir hörku til þess að ná föttfestu.“

útsala

íþróttaskór sundföt sportfatnaður barnafatnaður reiðhjól

300

til

70

prósent

afsláttur

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

„ORÐRÉTT“

Heil eilífð

„Það var erfitt að horfa á fólk að hamast við að lifga barnið við; nokkrar sekúndur virtust sem eilífð.“

ANITA JÚLIUSDÓTTIR SEM HORFDI Á SON SINN, MAGNA, ENDURLÍFGADAN EFTIR AÐ HAFNA NÆRRI DRUKKNAD.

Morgunblaðið 27. júní.

Allt stíflað

„Hugsaðu þér neyðarástand í höfuðborginni. Þetta gæti verið í hina áttina. Þá yrðu flóttaleiðir úr borginni stíflaðar.“

MARINÓ TRYGGVASON HJÁ SPELI, UM UMFERÐARSTÍFLUR VIÐ HÖFUÐBORGINA.

Fréttablaðið 27. júní.

nær og fjær tilveran

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GARÐAR ÖRN HINRIKSSON KNATTSPYRNUÐÓMARI

Á leið í tveggja vikna frí til Spánar

„Það er bara fínt að fréttu, þakka þér fyrir“ segir Garðar Örn Hinriksson knattspyrnuþjálfari. Garðar segir að yfir sumartímann sé fátt annað sem komist að en fótbolti og vinna. „Ég er að dæma leiki á þriggja til fjögurra daga fresti og vinna fulla vinnu með, þannig að það er fátt annað sem kemst að.“

„Ég er á leiðinni í tveggja vikna sumarfrí til Spánar eftir nokkra daga, í fyrsta skiptið á dómaraferlinum sem ég tek mér frí á meðan tímabilinu stendur. Ég missi samt bara af tveimur leikjum. Einum í Íslandsmótinu og einum í bikarkeppninni,“ segir Garðar.

Garðar hefur verið alþjóðadómari frá árinu 2005 og segist eiga von á því að dæma leiki á alþjóðavettvangi í næsta mánuði. „Það er ekki búið að draga í keppnunum þannig að það



er ekki búið að setja dómara á leikina en ég á von á því að dæma leik í undanþekptni Meistaradeildarinnar eða í Evrópukeppni félagsliða. Það kemur allt í ljós þegar það verður búið að draga“

Garðar var á dögunum valinn besti dómari fyrstu sex umferðanna í Landsbankadeild karla. Á síðasta ári var Garðar valinn besti dómari Landsbankadeildarinnar af leikmönnum og fjölmiðlum. „Það er alltaf mjög gaman að fá viðurkenningu á því sem maður er að gera. Það sýnir að maður sé að standa sig vel og hvetur mann áfram. Að vera valinn besti dómari af fjölmiðlum er frábært en að vera valinn besti dómari af leikmönnum sjálfum er að mínu mati mesta viðurkenning sem dómari á Íslandi getur fengið.“

TÁRAGAS: FLOKKAST UNDIR EFNAVOPN

■ Tárugas er erlingarefni sem veldur sviða í augum,

nefi, munn og lungum. Afleiðingarnar eru því oft hnerrar, hósti og tárflóð, en þaðan er nafnið á efninu dregið. Tárugas er almennt samheiti á ýmsum tegundum eiturgass sem ekki eru lífshættulegar. Það fellur í flokk með taugagasi og er þar af leiðandi talið til efnavopna. Mest er tárugas notað af lögreglu, oft til að leysa upp mótmæli eða óeirðir. Erlendis er tárugas fánlegt sem sjálfsvarnartæki.



Íslenska þjóðin er fjölskyldan mín



ÓLAFUR PROPPÉ OG HANNA RAGNARSÐÓTTIR

Kennaraháskóli Íslands:

Rannsaka fjölmenninguna

Samið var um stofnun rannsóknastofu í fjölmenningarfræðum við Kennaraháskóla Íslands í gær. Rannsóknastofnan mun byggja á störfum rannsóknahóps sem starfræktur hefur verið við KHÍ síðan 2004. Tvö verkefni eru nú þegar á borði rannsóknastofunnar, annars vegar rannsókn á skólapróun og hins vegar útgáfa handbókar um fjölmenningarfræði.

- sgi

Aron Pálmi Ágústsson kemur heim í lok ágúst. Hann segist ætla að endurgjalda íslensku þjóðinni þann hlýhug sem hún sýndi honum með því að leggja eitthvað til samfélagsins. Hann segist líta á alla þjóðina sem fjölskyldu sína.

„Það hefur verið draumur minn síðastliðin tíu ár að snúa aftur heim til Íslands. Ég get ekki beðið,“ segir Aron Pálmi Ágústsson.

Aron Pálmi hlaut tíu ára refsiddóm þegar hann var þrettán ára gamall fyrir brot sem hann framdi þegar hann var sjálfur ellefu ára gamall. Beiðni hans um að aflána dóm sinn á Íslandi hefur ítrekað verið hafnað síðustu ár. Aron

Pálmi dvaldi í sjö ár í Giddingsbarnafangelsinu í Texas og hefur verið á reynslulausn með takmarkað ferðafrelsi og gps-staðsetningartæki um ökkland síðan hann losnaði úr fangelsinu. „Ég hef þrúkað í öll þessi ár vegna styrksins sem ég hef fundið að heiman. Ég vonast til að geta endurgoldið þjóðinni greiddum með því að leggja mitt af mörkum til samfélagsins,“ segir Aron Pálmi.

Hann ætlar að nýta hvern einasta dag það sem eftir er ævinnar. „Eftir að hafa verið sviptur frelsinu í allan þennan tíma lærir maður betur að meta hvern dag. Í samvinnu við íslensk stjórnvöld langar mig að vekja athygli á meðferð á ungum afbrotamönnum og held að íslensk stjórnvöld gætu haft forystu þar. Mig langar til að aðstoða þá sem þurfa daglega að þola það sem ég mátti þola í fangelsinu.“

Aron Pálmi stefnir á að klára



ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON Sendiráð Íslands í Washington hefur boðið fram aðstoð sína komi eitthvað upp varðandi heimferðina í ágúst.

BA-ritgerð sína í hegðunarsálfræði þar sem hann leggur áherslu á ungt fólk sem er í áhættuhópi fyrir glæpum. „Ég ætla að sækja um styrk hjá íslenskum stjórnvöldum fyrir verkefni sem snýst um að ferðast á milli unglíngafangelsa um allan heim og vekja athygli á aðstæðum þeirra sem þar dvelja. Ég myndi líka vilja koma fram fyrir Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna og greina frá því hvað á sér stað í barna- og unglíngafangelsum í Texas og hverjar afleiðingarnar eru af slíkri vist.“

Aron Pálmi og Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Ísafoldar, eru að skrifa sögu Arons Pálma. „Það er mín trú að umheimurinn verði að fá að vita hvað er að eiga sér stað í þessum fangelsum og bókin varpar ljósi á það. Ég segi frá hlutum sem hentu mig sem ég hét að segja aldrei frá. Ég trúi því hins vegar í dag að vilji maður ná bata er nauðsynlegt að tala um reynslu sína,“ segir Aron Pálmi sem vonast til að bókin komi út fyrir næstu jól.

larab@frettabladid.is

Við byggjum... Á traustum grunni

KS verktakar hf hafa yfir 20 ára reynslu í byggingariðnaði og með tímanum skapað sér sess sem traustur og áreiðanlegur verktaki.

www.ksverktakar.is



Kópavogstún 6-8

KS verktakar hafa nýlega hafið byggingu á fjölbýlishúsi í vesturbæ Kópavogs. Þeir sem vilja nálgast meiri upplýsingar er bent á netsíðuna www.ksverktakar.is

KS
VERKTAKAR HF



SLEGIST UM BITANN Mávar að gæða sér á matarleifum fyrir utan Bæjarins bestu.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Mávum hefur ekki fjölgað í vor:

Hundruðum fugla fargað

„Ef Íslendingar notuðu rusladallana fyrir matarleifarnar og slepptu því að henda þeim á götuna þá væri þetta ekki svona,“ segir Ómar Dabney, meindýraeyðir hjá Reykjavíkurborg, spurður um máva í miðborginni sem hafa verið áberandi í sumar.

Ómar segir að mávunum hafi ekki fjölgað í borginni í vor. Meindýraeyðarnir séu búnir að drepa hundruð fugla og varpið sé ekki byrjað að skila ungum. Eins sé fuglinn að verpa færri eggjum en fyrir nokkrum árum. „Áður var það undantekning ef það voru ekki þrjú egg

í hreiðri. Nú erum við að sjá eitt til þrjú egg í hreiðri,“ segir Ómar.

Hann tekur undir það að fuglarnir geti verið ágengir. „Þeir ætluðu nú að koma á grillið hjá mér uppi í Breiðholti. Þeir vissu greinilega ekki hver það var sem stóð við grillið. Ég var kominn á fremsta hlunn með að sækja byssuna en ég lét það eiga sig.“

Ómar telur að það eigi sinn þátt í þessu að allt skólþ fari nú í gegnum hreinsistöðvar og síðan langt út á haf. Það hafi minnkað ætisframboð fuglsins sem leitar því annað eftir æti.

- avi

Bandarískir nemar í umhverfisfræðum á Íslandi í haust:

Háskólanám á Sólheimum

Boðið verður upp á nám á háskólastigi í umhverfisfræðum á Sólheimum í Grímsnesi í haust. Prettán bandarískir nemendur á vegum samtakanna CELL - Center for Ecological Learning and Living - koma til með að dvelja á Sólheimum í tólf vikur. Námið greiða þeir sjálfir og er það metið til eininga í bandarískum háskólum.

Sólheimar eru hluti af alþjóðlegum umhverfissamtökum. Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir, forstöðumaður Sesseljuhúss, umhverfisseturs á Sólheimum, segir CELL mögulega hafa komist á snodir um staðinn í gegnum þau en hróður staðarins hefur

borist víða. „Það kom mér á óvart þegar ég byrjaði hér fyrir ári hversu margir erlendis þekktu til Sólheima og starfsins hérna,“ segir Bergþóra.

Námið byggist á akademískum kúrsnum, vettvangsferðum um landið og umhverfisverkefnum á Sólheimum, sem Bergþóra segir að gagnist staðnum sérstaklega vel. „Það er frábært að fá hingað mannskap til að hrinda í framkvæmd verkefnum sem hafa verið á dagskrá en ekki gefist tími fyrir hingað til.“

Sesselja Sigmundsdóttir, stofnandi Sólheima, hóf lífræna ræktun á fjórða áratug síðustu aldar, fyrst allra á Norðurlönd-

um. Umhverfismál hafa ávallt verið rauður þráður í starfi Sólheima og vonar Bergþóra að nám af þessu tagi verði að föstum lið á Sólheimum.

- bs



VIÐ SESSELJUHÚS Bergþóra við brjóstmynd af Sesselju Sigmundsdóttur, stofnanda Sólheima, sem hóf lífræna ræktun fyrst allra á Norðurlöndum.




MITSUBISHI L-200 ÓTRÚLEGA FJÖLHÆFUR JEPPI Á FRÁBÆRU VERÐI

2.990.000 kr.

Veglegur aukahlutapakki innifalinn:
Álfelgur · 32" dekk · Klæðning í palli · Dráttarbeisli








Virkur þátttakandi
Mitsubishi L-200 er fjölhæfur ferðafélagi sem er meira en til í að taka þátt í öllum áhugamálum fjölskyldunnar.

Mikilvægir eiginleikar
Minnsti beygjuradíus sambærilegra bíla · 2.800 kg dráttargeta · Opnanleg afturrúða · Super select II drifbúnaður – sá sami og í Pajero · Spyrnustýring og spólvörn

Komdu og reynsluaktu



**MITSUBISHI
MOTORS**



800 5555

Alla daga
frá 10 til 22



Linde Gas } **AGA**



Vnr. 88015950

Tjald

2ja manna tjald.

Verð frá

1.990

Vnr. 88015984

Útileguljós

Útileguljós.

1.290 kr.



Vnr. 88015986

Ferðastóll

Ferðastóll.

590 kr.



www.byko.is
verslaðu á netinu

25%
afsláttur
af allri viðarvörn
& útimálningu!*

*Gildir ekki með öðrum tilboðum



990

1.290

Allt klárt fyrir útileguna!



Vnr. 88012312

Barnaleiktjald

Barnaleiktjald, gult, 102x78x109 cm.

BETRA SUMMAR

í verslunum BYKO



890

Vnr.88098157/8

Útilegustóll

Útilegustóll, grænn eða blár.



2.490

Vnr. 88015996

Útigrill

Kolagrill, flott í ferðalagið.



2.990

Vnr. 88015972/4

Svefnpoki

Svefnpoki -5°, grár eða dökkblár. Stærð 200x80 cm.



1.490

Vnr. 87992010

Prímus

Prímus.



5.990

Vnr. 87977141

Kælibox

Kælibox með rafmagni, 12V, 25 ltr.



690

Vnr. 88015964/6

Tjalddýna

Tjalddýna, svört eða ljósblá.

990

Vnr. 88015968

Teppi

Flísteppi.



15.900

Vnr. 50657482

Taska

Burðartaska fyrir STERLING PORTA CHEF ferðagargrill.

2.990 kr.

Vnr. 50652233

Ferðagrill

STERLING PORTA CHEF ferðagargrill með efri grind. Grillflötur 32x48 cm.



Vnr. 88016002

Einnotagrill 299 kr.


Einnotagrill.



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

Svona erum við

> Fjöldi fanga á Íslandi



HEIMILD: FANGELISMÁLASTOFNUN

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: FORSÆTISRÁÐHERRA BRETA

Tímamótaembætti í stjórnmalasögunni

Embættið forsætisráðherra Breta er kallað prime minister á ensku. Það heiti er dregið af latneska orðatiltækinu „primus inter pares“ sem þýðir fremstur meðal jafningja. Þessi titill var ekki formlega tekinn upp í Englandi fyrr en 1905 en í reynd var þessi staða komin í breskt stjórnkerfi mun fyrr.

Hvernig varð staðan til?

Fyrr á öldum var konungur með mann sér til fulltingis sem var höfuð ríkisstjórnarinnar. Vald hans var þó upp á náð konungs sem gat sent hann í útleð eða tekið hann af lífi ef honum sýndist svo. Á sautjándu öld eykst þingræðið til muna á kostnað konungs sem gat ekki lengur sett ný lög eða komið á nýjum sköttum án samþykkis þings. Þar skapaðist vettvangur fyrir raunverulegan leiðtoga ríkisstjórnarinnar.

Hver var fyrsti forsætisráðherra Breta?

Þáttaskil verða á fyrri hluta átjándu aldar þegar Georg I verður konungur Englands. Hann talaði ekki ensku og dvaldi mestan part í Hannover. Þar með varð leiðtogi ríkisstjórnarinnar, Thomas Walpole, í reynd helsti valdamaður breska stjórnkerfisins og ríkti hann í tuttugu ár. Má því kalla hann fyrsta forsætisráðherra Breta. Hann sjálfur var þó ávallt á móti þessum titli og alla átjándu öld var því neitað að þessi titill væri til því England átti að heita konungsríki. Sumir konungar reyndu að ná til baka einhverjum hluta af því valdi sem þeir höfðu haft með litlum árangri.

Á níttjándu öld tóku margar þjóðir í Evrópu upp þetta stjórnarformlag Breta þegar þær fengu sjálfstæði.

Eiga Bretar fræga forsætisráðherra?

Fræga breska forsætisráðherra í gegnum tíðina má nefna Winston Churchill, Margaret Thatcher og Tony Blair. Núverandi forsætisráðherra Breta er Gordon Brown og tók hann við völdum í gær.

Formlega tilnefnið höfuð bresku krúnunnar forsætisráðherra Breta en í reynd er forsætisráðherrann ávallt leiðtogi stærsta þingflokksins.



SPURT & SVARAD

EINSTÖK BÖRN



HELGA KRISTJÁNSDÓTTIR Framkvæmdastjóri Einstakra barna.

Hefur mikla þýðingu

Einstök börn fengu á dögum góðan styrk þegar stundakennari við Háskólann í Reykjavík gaf öll laun sín til félagsins. Helga Kristjánsdóttir er framkvæmdastjóri Einstakra barna.

Hvað er Einstök börn?
„Í stuttu máli er Einstök börn félagskapur fyrir börn með sjaldgæfa, alvarlega og langvinna sjúkdóma. Þetta er því gríðarlega fjölbreyttur hópur.“

Hvaða þýðingu hafa peningagjafir af þessu tagi fyrir ykkur?

„Gríðarlega mikla þar sem við erum ekki ríkisstyrkt félag. Félagið veitir styrki til félagsmanna og þeir byggjast algjörlega á því að það sé góðviljað fólk úti í þjóðfélaginu sem man eftir okkur. Svo vekur þetta athygli á aðstæðum fólks, því um leið og við fáum styrki fáum við umfjöllun.“

Stjórnarskrárkreppa ESB að baki

Angela Merkel Þýskalandskannslari og starfandi formaður leiðtogaráðs Evrópusambandsins hleypti mönnum ekki frá samningaborðinu fyrr en málamiðlun var náð um nýja upp færslu á stofnsáttmála sambandsins. Nýi sáttmálinn, sem á að taka gildi árið 2009, kemur í stað hins strandaða stjórnarskrársáttmála og inniheldur nokkur helztu atriðin úr honum.

„Það verður að endurskoða vinnu- aðferðir okkar. Það er ekki hægt að una því að við séum að til klukkan fimm að morgni. Það er fátíðlegt.“

Svo vill til að það var ekki Angela Merkel, Tony Blair eða annar úr hópi ESB-ríkisstjórnarleiðtoganna 27 sem lét þessi orð falla er staðið var upp frá samningaborðinu í Brussel að morgni laugardagsins síðasta, eftir yfir 30 tíma marabonsamningalotu. Það var Jacques Chirac, þáverandi Frakklandsforseti, sem mælti þessi orð fyrir nærri því sjö árum, þegar leiðtogafundinum í Nice lauk í desember 2000.

Á báðum fundum toguðust leiðtogarnir á um upp færslu á stofnsáttmála ESB og hættu ekki fyrr en málamiðlun var í höfn.

Kröfur Pólverjar erfiðastar

Stjórnmalaskýrindur telja það ekki sízt að þakka þrjú og ákveðni Angelu Merkel, kannlara Þýskalands sem gegnir formennskunni í ESB fyrri helming ársins og stýrði því fundinum, að samkomulag náðist.

Erfiðust við að eiga var krafa Pólverja um að þeir héldu sama atkvæðavægi við ákvarðanatöku í sambandinu og samið var um í Nice-sáttmálanum, en samkvæmt því hafði Pólland nærri því jafnmikið atkvæðavægi og Þýskaland, þótt Pólland hefði meira en tvöfalt færri íbúa.

Samkvæmt drögunum að nýja sáttmálanum, sem byggja á því fyrirkomulagi sem samið hafði verið um í stjórnarskrársáttmálanum, á í stað Nice-kerfisins að koma kerfi sem kennt er við tvöfaldan meirihluta. Öll aðildarríkin nema Pólland samþykktu þetta nýja kerfi, en höfuðkosturinn við það er að það getur staðið óbreytt þótt aðildarríkjum sambandsins fjölgi, jafnframt því að vera einfalt. Samkvæmt því þurfa 65 prósent aðildarríkja, sem hafa minnst 55 prósent íbúa sambandsins að baki sér, að samþykkja til að ákvörðun nái fram að ganga.

Ekki nær borgurinum

En það er líka önnur ástæða til að staldra við orð Chiracs frá Nice-fundinum. Því að óánægjan með hvernig mál gengu fyrir sig þar leiddi til þess að þegar næst var ráðizt í endurskoðun stofnsáttmálanum – sem nauðsynlegt var vegna hinnar fyrrihuguðu stórfjölgunar aðildarríkja – var brugðið út frá þeirri hefð að halda einungis svonefnda ríkjaráðstefnu til að ákveða breytingarnar. Í stað þess að ríkisstjórnir aðildarríkja ákveðdu sín í milli hvernig nýja sáttmálaupp færslan skyldi líta út var bryddað upp á þeirri nýjung að kalla saman eins konar stjórnlagabing, sem átti að færa ferlið nær borgurinum og gera ákvarðanatökuna lýðræðislegri.

Kaldhæðni örlaganna er að stjórnarskrársáttmálinn er sú sáttmálaupp færsla í sögu Evrópusambandsins, sem ákveðin var með allra lýðræðislegustum hætti. Fullgilding hennar strandaði síðan á lýðræðinu – þegar kjósendur í Frakklandi og Hollandi höfnuðu henni í þjóðaratkvæðagreiðslum fyrir tveimur árum.

Þessi reynsla gerði að verkum, að eitt meginmarkmið leiðtoganna



„STJÚPMÓÐIR EVRÓPU“ í umfjöllun sinni um leiðtogafundinn hæddist pólska vikuritið Wprost í vikunni bæði að þýzka kannslaranum Angelu Merkel og Kaczynski-tviburunum sem stjórn Póllandi; Lech forseta t.v. og Jaroslaw forsætisráðherra t.h. Í baráttunni fyrir óbreyttu atkvæðavægi Póllands gekk Jaroslaw Kaczynski svo langt að vísa til þess, að hefði Hitlers-Þýskaland ekki ráðizt á Pólland á sínum tíma væru íbúar landsins nú 66 milljónir í stað 38 og það ætti þannig sögulega heimtingu á þungavigtarvægi í Evrópu. Hann bætti um betur í gær og líkti Þýskalandi nútímans við Þýskaland fjórða áratugarins. Stjórnmalamenn í Þýskalandi, sem hafa lagt sig fram um góð tengsl við Pólland, furða sig á þessu fjandskaparviðhorfi pólska ríkisstjórnarleiðtogans og á því viðhorfi sem birtist t.d. í forsíðumyndvalli Wprost.

NORDICPHOTOS/AFP

þegar þeir komu saman nú var að búa þannig um hnúta að hægt væri að fullgilda nýja sáttmálan í sem flestum aðildarríkjum án þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Þetta er ekki til merkis um neinn illan hug leiðtoganna,“ segir Evrópufréttaritari danska blaðsins Politiken, og heldur áfram: „En ályktunin er óhjákvæmileg: Já, leiðtogunum tókst að koma sér saman um nýjan sáttmála. Nei, það tókst ekki að færa Evrópusambandið nær borgurinum.“

Kreppan yfirstaðin

Merkel sagði í gær, er hún gerði upp ESB-formennskutíð þjóðverja á fundi í Evrópuþinginu, að samkomulagið um nýja sáttmálan hefði forðað sambandinu frá því að skiptast upp í „tveggja-hraða-Evrópu“, þar sem sum aðildarríkin tækju sig saman um að ganga lengra í samrunaðtt en önnur.

Tony Blair, sem sat sinn síðasta ESB-fund sem forsætisráðherra Bretlands, lét svo ummælt eftir fundinn að karpíð, sem að vísu leiddi loks til niðurstöðu, sýndi hvers vegna þörf væri á nýjum sáttmála; gera yrði ákvarðanatöku og stofnanakerfi ESB skilvirkari, en hvort tveggja hefði ekki verið hannað fyrir núverandi fjölda aðildarríkja.

MEGINATRIÐI NÝJA SÁTTMÁLANS

- Varanlegt embætti forseta leiðtogaráðs ESB
- Nýtt embætti varanlegs æðsta fulltrúa ESB í utanríkismálum kemur í stað embættis æðsta talsmanns ESB í utanríkis- og öryggismálum (sem Javier Solana hefur gegnt) og þess fulltrúa í framkvæmdastjórn ESB sem fer með utanríkismál. Gert til að auka vægi ESB í alþjóðamálum
- Málefnaviðum fækkað þar sem hvert aðildarríki hefur neitunarvald
- Breytt kerfi ákvarðanatöku með „tvöföldum meirihluta“ gengur í gildi í áföngum á árabílinu 2014-2017
- Meðlimum framkvæmdastjórnarinnar fækkað niður í 17 frá árinu 2014
- Forseti framkvæmdastjórnarinnar kjörinn af Evrópuþinginu og valdsvíð hans aukið
- Vald Evrópuþingsins aukið og þjóðþinganna einnig
- Skýrari valdmörk milli þjóðríkja og hins yfirþjóðlega valds

Jafnréttissjóður Auglýsing

Starfræktur er sérstakur rannsóknarsjóður, Jafnréttissjóður og er tilgangur hans að efla kynjarannsóknir og stuðla þannig að bættri stöðu kvenna og karla og framgangi jafnréttis.

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki úr Jafnréttissjóði. Í samræmi við hlutverk sjóðsins verða veittir styrkir til rannsókna sem tengjast jafnréttismálum.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi 10 milljónir króna til ráðstöfunar fyrir hvert starfsár og að styrkir séu ekki færri en þrjár og ekki fleiri en fimm.

Gerðar eru skýrar faglegar og fræðilegar kröfur til umsækjenda. Ekki verða veittir styrkir til verkefna sem þegar er lokið.

Einungis verður tekið við umsóknum á þar til gerðum eyðublöðum. Þau má finna á vefsíðu forsætisráðuneytis (www.forsaetisraduneyti.is, Jafnréttissjóður). Enn fremur má nálgast eyðublöð á skrifstofu ráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg (sími 545 8400, netfang postur@for.stjr.is).

Umsóknarfrestur er til 1. september 2007 og verður úthlutað úr sjóðnum á degi Sameinuðu þjóðanna, 24. október 2007. Umsóknir til Jafnréttissjóðs skal senda forsætisráðuneytinu, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, 150 Reykjavík.

Jafnréttissjóður starfar samkvæmt reglum nr. 513/2006, um úthlutun styrkja Jafnréttissjóðs.

Reykjavík 28. júní 2007

FRÉTTASKÝRING

AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is



„Það borgar sig að finna næstu Olís-stöð!“



Fellihýsi
1. vinningur!



Fleetwood-fellihýsi
að verðmæti
1.595.000 kr.

Risagasgrill
2. vinningur!



PermaSteel-gasgrill
að verðmæti
228.000 kr.

Lúxusgisting
3. vinningur!



fyrir tvo á Hótel Búðum
með kvöldverði og
morgunmat.

Farsímatilboð
fyrir stimpilkort!



Ævintýrakortin eru líka
lykill að frábærum
farsímatilboðum.

Taktu þátt í Ævintýraeyjuleiknum og safnaðu stimplum hjá Olís. Glæsilegir vinningar í boði.

Fjórfaldir Vildarpunktar í farteskið!

Þeir sem versla hjá Olís dagana 28. júní til 2. júlí fá hvorki meira né minna en fjórfalda Vildarpunkta í kaupbæti.



Vildarpunktur

OLÍS – við höldum með þér!



Frelsi stöðvar tímann

Þú borgar bara fyrir fyrstu 3 mínúturnar en getur svo talað og talað fyrir 0 kr.

Fylltu á Frelsi með GSM símanum og njóttu þess að vera í gefandi samböndum í sumar.*

- 0 kr. mínútan eftir fyrstu 3 mínútur hvers símtals
- 0 kr. fyrir hver skilaboð eftir 3 SMS eða 3 MMS innan sólarhringsins

Til að geta fyllt á Frelsi með símanum þínum þarftu bara að skrá debet- eða kreditkortid þitt einu sinni á Minu Frelsi á siminn.is eða í verslunum Símans.



SONY ERICSSON Z310i

900 kr.

Léttkaupsútborgun

1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð aðeins 12.900 kr.

*Tilboðið gildir innan kerfis Símans. Nánari upplýsingar um tilboð og skilmála er að finna á siminn.is/frelsi

800 7000 – siminn.is

Síminn



Vefurinn: Snacksby

Veistu ekkert hvað þú átt að gera úr matnum í ísskápnum? Segðu Snacksby hvaða hráefni þú átt og hann segir þér hvaða rétti þú getur eldað.

www.snacksby.com

tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

ÚTSKYRING: LEITARVÉLAR

Köngulær sem halda skrá yfir netið

Við tökum leitarvélum á netinu sem sjálf-sögðum og hversdagslegum hlut. Fæstir vita hvað gerist á bak við tjöldin þegar leitarorð eru slegin inn og þúsundir niðurstaðna birtast á skjánum innan við sekúndu síðar.

Hvernig virkar leitarvél?

Þegar tölvunotandi vill leita að einhverju á netinu opnar hann síðu leitarvélarinnar sem hann vill nota, slær inn leitarorð og ýtir á leitarhnappinn. Þessi orð eru send til aðalvefþjóns leitarvélarinnar, og þeim flett upp í eins konar orðabók

yfir síður á netinu. Bestu leitarniðurstöðurnar eru fundnar út frá reglum leitarvélarinnar, niðurstöðurnar settar upp í lista og listinn sendur aftur til notandans. Allt þetta ferli tekur um það bil fjórðung úr sekúndu.

Hvernig er orðabókin gerð?

Orðabók yfir síður netsins er skiljanlega gríðarlega stór, og mikil vinna er að viðhalda henni. Til þess eru notaðar svokallaðar köngulær (e. spiders), forrit sem skrifa hingað og þangað um netið og uppfæra

orðabókina með upplýsingum um síðu sem þær heimsækja. Það er ekkert lítið verk, því árið 2006 hafði Google, vinsælasta leitarvél heims, skráð yfir 25 milljarða síðna í orðabókina sína.

Er allt netið skráð í orðabókina?

Nei. Netið vex hraðar en svo að nokkurt forrit geti skráð það. Vegna þess að enginn einn ræður yfir netinu er erfitt að henda reiður á hversu stórt það er nákvæmlega, en í febrúar á þessu ári var fjöldi síðna lauslega áætlaður um 109 milljarðar. Google hefur því náð að skrá rétt um fjórðung af internetinu.



TÖLVUHEIMURINN

Ofur-ofurtölva

Tölvufyrirtækið IBM hefur búið til ofurtölvu sem tekur öllum öðrum ofurtölvum fram. Tölvun, sem nefnist Blue Gene/P, getur framkvæmt allt að eina milljón milljarða (1.000.000.000.000.000) aðgerða á sekúndu, um það bil hundrað þúsund sinnum meira en venjuleg borðtölva ræður við. Ríkisstjórn Bandaríkjanna festi kaup á fyrstu vélinni, en fleiri eintök eru á leiðinni.

Tölvuleikjafíkn ekki sjúkdómur

Tillaga um að skilgreina tölvuleikjafíkn sem andlegan sjúkdóm á borð við spílafíkn og eiturfíkn var felld á þingi bandaríska læknafélagsins um helgina. Of fáar rannsóknir var helsta ástæðan fyrir að tölvuleikjafíkn fékk ekki að vera með hinum fíknunum. Málið verður tekið aftur fyrir á þingi félagsins árið 2012.



Eftirlit í höndum Barnaverndarstofu

Ofbeldistölvuleikurinn Manhunt 2 var á dögnum bannaður í Bretlandi og víðar um heim eins og hefur komið fram. Í kjölfarið frestaði útgáfufyrirtækið Take Two útgáfu leiksins um óákveðinn tíma. Þegar leikurinn kemur hingað til lands er ákvörðun um útgáfu hans í höndum Barnaverndarstofu, en hún hefur vald til þess að banna kvikmyndir og tölvuleiki sem þykja ekki boðlegir.

Vefræningi fangelsaður

Breti hefur verið dæmdur í rúmlega fjögurra ára fangelsi í Bandaríkjunum fyrir hugbúnaðarstuld. Hann var höfuðpaur hópsins DrinkOrDie, sem dreifði illa fengnum hugbúnaði fyrir milljarða króna á árunum 1993 til 2001. Þetta er einn þyngsti dómur sem hefur fallið í slíku máli.

iPhone loksins í búðir

iPhone síminn frá Apple kemur út í Bandaríkjunum á morgun. Aldrei hefur verið jafn mikil eftirvænting eftir farsíma, en hann státar af tónlistar- og myndbandsspilara, vafra og snertiskjá. Raðir tóku að myndast fyrir utan verlanir í Bandaríkjunum á þriðjudag. Evrópubúar þurfa að bíða í nokkra mánuði í viðbót eftir gripnum.



Dýrasta stílabók í heimi?

Fartölvur eru að verða jafn algengar og reiknivélar og pennaveski í sumum framhaldsskólum landsins. Menntaskólinn í Kópavogi gerir ráð fyrir að allir nemendur séu með fartölvu við námið og margir aðrir skólar mæla með fartölvueign nemenda. Eru fartölvur mikilvægt hjálpartæki fyrir nemendur eða bara rándýr stílabók?

Fartölvuvæðing framhaldsskóla er engin nýjung, en undirbúningur hennar hófst árið 1999. Ári síðar riðu þrjár framhaldsskólar á vaðið um þróun upplýsingatækni í skólastarfi, Fjölbrotaskólinn við Ármúla, Fjölbrotaskóli Suðurlands og Menntaskólinn á Akureyri. Stuttu eftir það hóf Menntaskólinn í Kópavogi að gera ráð fyrir fartölvueign nemenda sinna, og gerir það enn.

„Kennslan hjá okkur er fartölvumiðuð í öllum áföngum og ef nemendur ætla að nýta sér það þá er nánast nauðsynlegt að vera með vél,“ segir Margrét Friðriksdóttir, skólameistari MK. „Kannanir okkar sýna að nemendur eru almennt ánægðir og telja upplýsingatækni gera námið skemmtilegra. Hins vegar hefur ekki verið gerð úttekt á því hvort þetta hækkir einkunnir eitthvað.“

Mörgum foreldrum finnst skrytið að þurfa að kaupa eitt til tvö hundruð þúsund króna fartölvu handa börnum sínum þegar þeim nægði sjálfum stílabók og blýant-



GLÓSABÍ Í TÍMA Með fartölvuvæðingunni hefur meðalverðmæti skólabúnaðar framhaldsskólanema margfaldast. Algengt er að sextán ára krakkar labbi um skólagangana með tvö hundruð þúsund króna fartölvu undir hendinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

■ Kallar á nýja kennsluhætti

„Ég kenni tungumál og mér finnst möguleikarnir sem tölvun býður upp á auðveldla nemendum námið,“ segir Ásdís Vatnsdal, enskukennari við Menntaskólann í Kópavogi. „Hún gefur mér tækifæri til að vera með fjölbreyttari kennsluáferðir, til dæmis gagnvirk verkefni sem nemendur leysa í tölvunum sínum.“

Aðspurð hvort athyglisdreifingin sem gluggi að netinu býður upp á skapi ekki vandamál í kennslustofunni segir hún það rétt að sumu leyti, en krakkar geti alltaf fundið eitthvað til að dreifa athyglinni. „Þetta er nýtt námsumhverfi sem kallar á nýjar kennsluáferðir. Með vefleiðöngum og verkefnum er mun auðveldara að halda athygli krakkanna.“

En réttlæta kostir fartölvuvæðingar þau fjárútlát sem foreldrar þurfa að fara út í? „Þetta er erfíð spurning. Ég tel að þetta réttlæti kostnaðinn vegna þess hve þetta er gott fyrir einstaklinginn.“



ÁSDÍS VATNSDAL

■ Illa undirbúið

Halldór Gunnarsson kerfisfræðingur á tvö börn sem gengu í Menntaskólann í Kópavogi. Hann þurfti að kaupa fartölvu handa þeim báðum, og segist ekki sáttur við undirbúning fartölvuvæðingar MK.

„Ef ég ætti að velja í dag milli skóla þar sem er fartölvuvæðing annars vegar og hins vegar ekki fartölvuvæðing myndi ég velja fartölvulausa skólann,“ segir hann. Að sögn dóttur Halldórs voru tölvurnar minnst notaðar í námið en þeim mun meira í leiki og MSN-spjalli til að byrja með. Hún hafi hætt að taka tölvuna með sér í skólann síðustu tvö árin. „Ég held að ástandið sé mun skárra núna en það er spurning hvort það er þörf á þessu,“ segir Halldór.

ur á sinni framhaldsskólagoingu. Hvað hafa krakkarnir að gera við þessi dýru tæki?

„Í byrjun voru menn óvissir um þessa nýju tækni og hvernig hún myndi nýtast nemendum. Foreldrar hringdu kvartandi og kölluðu þetta dýra glósubók,“ segir Margrét. „Síðan þá hafa mínir kennarar farið langt í að nýta alla hugsanlega möguleika sem svona rafræn kennsla býður upp á, og ég hef ekki fengið eina einustu kvörtun í tvö eða þrjú ár.“

Sem dæmi um þá möguleika sem fartölvuvæðing býður upp á nefnir Margrét fyrirlestara sem eru hljóðritaðir og settir á netið, vefleiðangra og verkefnaaðaðar kennslustundir. „Það hefur dregið

gríðarlega úr þessari svokölluðu töflukennslu hjá okkur, þar sem kennarinn stendur uppi við töfluna og þylur upp námsefni.“

Margrét segir nemendurna ekki geta fengið fartölvu á kaupleigusamning, eins og var í boði fyrstu árin hjá MK. Ekki eru heldur neindir samningar til staðar við tölvuverlanir um sérstök skólatilboð. Foreldrarinn, eða unglíngarnir sjálfir, þurfa því að kaupa fartölvurnar á sama verði og allir aðrir.

„Við vorum með kaupleigusamninga og tilboð til að byrja með en áhuginn fór dvínandi með árunum. Þegar við hættum með það var nánast engin eftirspurn. Fartölvutilboðin eru líka orðin svo góð í dag.“

salvar@frettabladid.is

Mallorca

í júlí
Sértilboð - Club Cala D'or Park
frá aðeins kr. 39.990

Aðeins örfáar íbúðir!



Verð kr. 39.990

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn saman í íbúð m/1 svefnherbergi í viku. Aukavika kr. 14.000.

Verð kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna saman í íbúð m/1 svefnherbergi í viku. Aukavika kr. 14.000.

Þjóðum nú síðustu sætin til Mallorca í júlí á frábæru tilboði. Þjóðum einstök kjör á gistingu á Club Cala D'or Park íbúðahótelinu á Cala D'or, 6., 13., 20 og 27. júlí. Fjölskylduvænt íbúðahotel sem býður upp á góða staðsetningu og notalega stemningu. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

VÍSINDAHEIMURINN

Meðleigjandi óskast

Bandaríska geimferðastofnunin, NASA, hyggst ekki nota allt plássíð sem hún hefur til rannsókna í alþjóðlegu geimstöðinni ISS, og leitar því meðleigjanda. Viðkomandi þarf

ekki að borga fyrir rekstur á stöðinni, en hann þarf að útvega allan rannsóknarbúnað sjálfur auk þess að treysta geimförunum í stöðinni fyrir sjálfri rannsóknarvinnunni.

Merkilegasta múmían

Egyptskir fornleifafraeðingar hafa fundið múmíu sem þeir segja þrjú þúsund ára gamlar leifar Hatshepsut, frægasta kvenleiðtoga Egyptalands. Fundurinn er sagður sá merkasti síðan grafhýsi faraósins Tutankhamens var afhjúpað árið 1922.



Hitabeltis-risamörgæs

Steingerðar leifar risamörgæsar sem kaus hitabeltið í suðurhófunum fram yfir kuldann á Suðurskautinu hafa fundist í Perú. Dýrið, sem var uppi fyrir um 36 milljón árum, var eins og hálf metra hátt og hafði langan og hárbeyttan gogg.

FRÁBÆR KAUP!

Sjö manna Kia Carens CRDI dísil, sjálfskiptur, 2,0 l., 140 hö.



2.850.000 kr.

DVD bílabíó og dráttarbeisli innifalið í verði

KIA CARENS

Nýi fjölnotabíllinn frá Kia er kominn og sameinar glæsilegt útlit, sveigjanlegt rými og frábæra akstursegginleika. Kia Carens rúmar allt að sjö manns, en gefur líka endalausar notkunarmöguleika. Að sjálfsgöðu er verðið eftir sem áður í anda Kia.

Ríkulegur staðalbúnaður:

- ABS og EBD hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- Álfelgur
- Bakkskynjari
- Loftkæling
- 3ja punkta öryggisbelti fyrir sjö farþega
- Hraðastillir
- Aksturstölva
- Ræsitengd þjófavörn
- ... og margt fleira



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
X.XXX +X,XX%Fjöldi viðskipta: xxx
Velta: x.xxx milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ XX
XX
XXx,xx%
x,xx%
x,xx%

MESTA LÆKKUN

↓ XX
XX
XXx,xx%
x,xx%
x,xx%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Finnur verður framkvæmdastjóri

Finnur Oddsson, lektor og forstöðumaður MBAnáms við Háskólann í Reykjavík, sest í framkvæmdastjórnastól Viðskiptaráðs Íslands í haust. Hann tekur við af Höllu Tómasdóttur. Finnur verður þó áfram viðloðandi HR enda er Viðskiptaráð Íslands stærsti eigandi skólans. Mun hann meðal annars halda áfram kennslu og rannsóknarstörfum við skólann. Fram að framkvæmdastjórnarskiptum ætla Finnur að ganga frá lausum endum og koma nýjum manni inn í starf forstöðumanns. Sá verður Aðalsteinn Leifsson sem einnig gegnir stöðu lektors við HR. Hvort einhverja breytinga á skipulagi Viðskiptaráðs sé að vænta segist Finnur ekki geta sagt til um enn. Hins vegar sé ljóst að hann muni áfram vinna ötullega að því markmiði Viðskiptaráðs að tryggja að hér á landi sé gott viðskiptaumhverfi.

Stofnar sjóð fyrir konur

Halla Tómasdóttir tók við starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs undir lok árs 2005. Hún staðfesti í gær þær sögusagnir að hún hygðist láta af störfum til að stofna fjárfestingarsjóð. Sá verður sérstakur fyrir þær sakir að hann mun beina sjónum að kvennafyrirtækjum. Það kemur ekki á óvart að Halla skuli snúa sér í þessa átt. Hún hefur verið virk í þeirri baráttu að auka hlut kvenna í viðskiptalífni. Þar að auki þykir hún hafa næmt nef fyrir ónýttum tækifærum. Halla hefur verið ein allt of fára íslenskra kvenna sem hafa verið áberandi á viðskiptasíðum dagblaðanna. Missir verður að henni þar. Þess er þó að vænta að hún hverfi ekki frá nema í stutta stund og komi aftur sterk inn með haustinu á nýjum vettvangi.



MARKAÐSFRÉTTIR

Norski seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 25 punkta í gær og standa stýrivextir þar í landi nú í 4,5 prósentum. Greiningardeild Landsbankans segir stefnt að því að halda stýrivextum að jafnaði í 5,75 prósentum næstu tvö árin.

Íbúðalánasjóður hefur hækkað vexti sína um 0,1 prósent í kjölfar útbóðs í fyrradag. Vextir lána með uppgreiðsluálagi eru nú 4,80 prósent en vextir lána án uppgreiðsluálags eru 5,05 prósent.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins bannaði í gær írsku lág-gjaldaflugfélaginu Ryanair að kaupa írsku flugfélagið Aer Lingus. Í úrskurði ESB segir að kaupin gætu skert samkeppni og valdið hækkun á fargjöldum.

Spá litlum verðlagsbreytingum

Tólf mánaða verðbólga fer niður fyrir fjögur prósent.

Greiningardeildir bankanna reikna með litlum breytingum á vísitölu neysluverðs (VNV) milli júní og júlí. Sérfræðingar Kaupþings spá 0,1 prósent hækkun verðlags í júlí en hins vegar reikna kollegar þeirra hjá Landsbankanum með 0,1 prósent lækkun og Glitnismenn spá 0,2 prósent lækkun.

Samkvæmt spám greiningardeildanna fer tólf mánaða verðbólga undir fjögur prósent og verður á bilinu 3,4-3,6 prósent. Verðbólgan hefur farið lækkandi á árinu en í upphafi árs var hún 6,9 prósent.

Útsölur koma til með að draga úr hækkunum verðlags en aftur á

VERÐBÓLGUSPÁR
BANKANNA FYRIR JÚLÍ

	Breyting VNV	12 mán. verðbólga
Glitnir	-0,2%	3,3%
Kaupþing	0,1%	3,6%
Landsbankinn	-0,1%	3,4%

móti vinnur hækkandi fasteignaverð á móti útsöluáhrifum.

Þrátt fyrir lækkandi verðbólgu er mat sérfræðinga að undirliggjandi verðbólga sé enn talsverð í hagkerfinu.

Hagstofan birtir næstu mælingu hinn 11. júlí.

Stórlaxinn hrapar í verði

Bandaríska fjárfestingafélagið Blackstone Group hefur átt verra gengi að fagna í bandarísku kauphöllinni vestanhafs en vonir stöðu til. Gengið hefur hríðfallið í vikunni og er nú komið undir útboðsgengi.

Fjárfestingafélagið Blackstone Group var skráð í Kauphöllina í New York í Bandaríkjunum á föstudag í síðustu viku að undangengnu velheppnuðu hlutafjárútbóði með rúman 12 prósent hlut í félaginu.

Talsverðrar eftirvæntingar gætti fyrir útboðið og var mikil umframeftirspurn eftir bréfum í þessu einu af stærstu fjárfestingafélögum heims. Þegar útboð-



ALLT Á SUÐUPUNKTI FYRIR VIÐSKIPTI MEÐ BRÉF BLACKSTONE Gengi bréfa í fjárfestingafélaginu Blackstone hækkaði um 20 prósent á fyrsta viðskiptadegi á föstudag. Það hefur hríðlækkað síðan og er nú undir útboðsgengi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

inu lauk á fimmtudag höfðu 153,3 milljónir bréfa selst í félaginu fyrir jafnvirði 258 milljarða króna á genginu 31 dalur á hlut, sem var í efri mörkum væntinga.

Að útboðinu loknu sagði fréttaveitan Bloomberg Blackstone einn af stórlöxunum í bandarísku kauphöllinni með markaðsvirði upp á 33,5 milljarða dala, jafnvirði 2.100 milljarða íslenskra króna. Bloomberg varaði hins vegar við því í gær að ekki megi búast við jafn miklum vexti fjárfestingafélaga og undanfarin misseri þar sem lántökur væru orðnar kostnaðarsamar og yfirtökur því erfiðari.

Rúmur helmingur af nýju hluta-

fé Blackstone rann í vasa Stephens Schwarzman og Peters G. Peterson en þeir stofnuðu félagið árið 1985 með 400 þúsund dali upp á vasann.

Upphafsgengi bréfa Blackstone var 36,45 dalir á hlut á föstudag og hækkaði talsvert í fyrstu viðskiptum, fór hæst upp um 45 prósent. Dagshækkun var engu að síður ágæt, um 20 prósent.

Gengi bréfanna hefur fallið hratt í þessari viku, þar af um 5,2 prósent á þriðjudag og endaði undir útboðsgengi við lokun viðskipta. Lækkanaferlið hélt áfram í gær og stóð gengið í kringum 30 dali á hlut um miðjan dag.

jonab@frettabladid.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1.
verðlaun
í Þýskalandi
W2241WPS

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

Þurrkari T223

• Verð frá kr. 78.540

• Íslenskt stjórnborð

• Ný og betri tromla

• Verð frá kr. 106.600

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is



FRÁ BRUSSEL Baugur ætla að gera yfirtökutilboð í fasteignafélagið Immo-Croissance sem skráð er í kauphallinnar í Brussel og Lúxemborg.

Sækir á evrópskan fasteignamarkað

Baugur Group hyggst gera yfirtökutilboð í fasteignafélagið Immo-Croissance. Félagið er skráð í kauphöllina í Lúxemborg og Eur-onext-kauphöllina í Brussel.

Upplýsingar um starfið gefa Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í sínum 5404700 og 8215007, netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og Guðlaug Erla Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri í sínum 5404700 og 8215009 netfang: gudlaug.erala.gunnarsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist Alftanesskóla, 225 Alftanesi. Sjá einnig vefina www.alftanesskoli.is og www.alftanes.is

Skólastjóri

ATVINNA



Rauðhelli 1 - 221 Hafnarfjörður - Sími 580 16 00 Fax 580 16 01
Veffang gtverktakar@gtverktakar.is - www.gtverktakar.is

Bílstjórar

Okkur vantar strax bílstjóra á krókhæysisbíla til starfa. Boðið er upp á gott starfsumhverfi og ný tæki. Mikil vinna framundan.

Uppl. í síma 896 38 01 einnig er hægt að sækja um á heimsíðu félagsins www.gtverktakar.is



ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ

Íslenska járnblendifélagið á Grundartanga leitar að starfsmanni í starf þjónustufulltrúa í sölu- og markaðsdeild fyrirtækisins.

Íslenska járnblendifélagið ehf. er dótturfyrirtæki norska fyrirtækisins Elkem AS, en það er alþjóðlegt fyrirtæki með höfuðstöðvar í Noregi. Elkem er leiðandi fyrirtæki í heiminum í framleiðslu á ýmsum málum og málblend. Fyrirtækið hefur starfsemi í Evrópu, Asíu, Suður Afríku og Suður og Norður Ameríku.

Þetta er afbragðs tækifæri til þess að taka þátt í uppbyggingu og þróun fyrirtækis þar sem fullkomnasta tækni sem völ er á er notuð til þess að leysa krefjandi verkefni.

Starfssvið

- Móttaka og frágangur pantana ásamt reikningagerð
- Samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavinum
- Samskipti við söludeildir og umboðsmenn fyrirtækisins erlendis
- Skipulagning og eftirlit með flutningi á vörum fyrirtækisins

Almennar kröfur sem gerðar eru til allra starfsmanna

- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Vilji til samvinnu og samstarfs í teyllum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Vilji til að vinna að stöðugum endurbótum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf
- Reynsla af bókhaldsvinnu, inn- eða útflutningi er kostur
- Samvissusemi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Kunnátta í þýsku og/eða Norðurlandamáli er kostur



Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðrjúður D. Hálfðanardóttir (guðrjudur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Veldu Ford Focus Trend Collection



Nýtt tákn um gæði

Kauptu í dag Ford Focus Trend Collection 1.6i 5 dyra 5 gíra

Kauptu Focus Collection í dag 2.220.000 kr.*

Collection toppar flokkinn 'special series' hjá Ford. Gerðu samanburð. Spurðu söluráðgjafa Ford um Ford Focus Trend Collection.

Skoðaðu verð og búnað. Komdu í Brimborg. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Focus Trend Collection.

Kauptu Focus Trend Collection frá Ford í sumar. Komdu í Brimborg.

collection

FOCUS
collection

FOCUS

FordFocus Nýtt tákn um lífsgæði

Ford Focus Genuine Design. Hönnun Ford Focus sýnir í verki einlægum vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Focus merkir að þú færð sterkari og falletgri bíl. Þú færð betri aksturseginnleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og vistmildan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Focus.

Spurðu um hvað
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar
þýðir fyrir þig



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Aukin slysatíðni í sundlaugum.

Örugg í sundi

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR SKRIFAR

Asundstöðum hefur skapast sérstök menning. Öllum er veittur aðgangur, reglurnar eru einfaldar og sérstakir samskiptahættir eru þar viðhafðir. Fólk rifst ekki á sundstöðum og aldrei eru menn þar í vondu skapi. Fólk nærir þar sálina, ræktar líkamann, sækir félagsskap eða nýtur kærkominnar einveru. Heita vatnið sem er forsenda búsetu hér á landi, hefur gefið okkur sundlaugarnar sem hafa skapað þessa séríslensku menningu. Ameríska keðjan McDonalds getur sprottið upp hvar sem er; íslensku sundstaðirnir eru bara hér og einstakt er að geta haldið í slíka menningu þegar alþjóðavæðingin hefur náð að má út ýmis sérkenni þjóða. Því miður eru sundstaðirnir þó ekki lausir við galla og oft verða þar hræðileg slys.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að slysum á sundstöðum fjölgi. Oftast eru það slys á börnum sem í alltof mörgum tilfellum hafa druknað. „Ég hef af þessu þungar áhyggjur því svo virðist sem alvarlegum slysum í sundlaugum fari fjölgandi,“ segir Herdís Storgaard, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Sjóvá - forvarnahússins, í Fréttablaðinu í gær. Hún segir þó að strangar reglur séu um eftirlit á sundstöðum en því miður séu reglurnar sums staðar virtar að vettugi, sem er mjög alvarlegt mál.

Hægt er að taka undir það með Herdísi að skoða þurfi eftir hvert

Ofuráhersla hefur verið lögð á þrifnað í sundlaugunum og tími til kominn að gera örygginu jafnhátt undir höfði svo að sundlaugarnar geti áfram þjónað hlutverki sínu sem griðastaður.

slys hvað hafi farið úrskeiðis og kalla fólk til ábyrgðar sé það augljóst hver á sökina. Vart þarf að brýna það fyrir foreldrum að láta börn sín aldrei komast úr auglýsni. Ekki er hægt að treysta á kúta og í einhverju kæruleysi gleyma sér við aðra iðju. Slysinn gerast þó hratt og oft er þar alls ekki kæruleysi um að kenna. Það er sama hvað forvarnir eru góðar og eftirlitið gott, það er ekki hægt að afstýra öllum slysum þó það eigi aldrei að slá af þeirri kröfu.

Áhersla hefur verið lögð á eftirlit við sundstaði en lítil sem engin áhersla lögð á forvarnir. Sundkennsla fyrir yngstu börnin er forvarnarstarf sem mætti sinna betur. Eitthvað er um námskeið í laugunum þar sem börnum undir sex ára aldri er kennt að synda en þau eru ekki nægilega mörg. Miklu máli skiptir að leiðbeina yngstu börnunum og kenna þeim að bjarga sér í vatninu. Það gæti hugsanlega afstýrt slysum. Ekki væri úr vegi ef í hverri laug hefði fólk aðgang að leiðbeinanda sem gæti aðstoðað foreldra og forráðamenn barna við að kenna þeim réttu tókin.

Reglurnar á sundstöðunum voru settar fyrir löngu. Þær hafa staðist tímans tönn og af þeim sökum er líklegt að enginn hafi talið að við þær þurfi að eiga. Reglur þarf þó alltaf að endurskoða og at-huga hvort ekki sé hægt að bæta einhverju við. Ofuráhersla hefur verið lögð á þrifnað í sundlaugunum og tími til kominn að gera örygginu jafnhátt undir höfði svo að sundlaugarnar geti áfram þjónað hlutverki sínu sem griðastaður.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

Lokað vegna sumarleyfa frá og með 28. júní.

Opnum aftur 6. júlí



na na thai
Thai Restaurant & Store

FRÁ DEGI TIL DAGS

Öldruð ungmennasamtök

Samband ungra sjálfstæðismanna – SUS – varð 77 ára í gær. Alls eru 38 aðildarfélög í sambandinu, sem telur um tólf þúsund félaga. SUS er því ekki aðeins ein elsta pólitíska ungmennahreyfingin hér á landi, heldur líka sú fjölmennasta. Í hógværrí yfirlýsingu á vef SUS í tilefni dagsins, segir að ekki þurfi að „rýna mikið í lög samþykkt af Alþingi til að sjá að þrátt fyrir að SUS sé oftast töluvert



á undan sinni samtíð í mál-efnaáherslum að þá hafa þær flestar náð fram að ganga landi og lýð til góðs“. Segir maður ekki bara takk?

Við

Sagt var frá því í sexfréttum Útvarpsins á mánudag að sunnlensk-ur bjór væri væntanlegur á markað. Í inngangi Sigmundar Sigurgeirssonar, fréttaritari á Suðurlandi, kom fram að Sunnlendingar væru vanir bruggun görötra drykkja, en „alvöru bruggverksmiðju höfum við aldrei átt“. Minnir þetta á plagsið sumra fréttaritari út á landi að líta frekar á sig sem kynningarfulltrúa héraðsins en fréttamenn.

Hörmundur

Guðmundur Steingrímsson varaþingmaður er í út-löndum, í franski stemningu ef

marka má vef hans. Sumarið er ekki til að blogga, skrifar Guðmundur, frekar ætti maður „að grípa sér baguette, rauðvinsflösku, setja Le Monde undir hendina og ganga niður í bæ í flaksandi hörjakafötum“. Segja má að þetta andrúmsloft sé gegnumgangandi stef í sumarskapi Guðmundar. Í Bakþönkum sínum frá því í júní 2003 spyr hann alltént: „Á maður kannski að fara að ganga um í þunnum flaksandi hörbuxum? Klæðast hvítum pólból og röndöttum sumarjakka, með hatt og baguette undir annari hendi-inni og Le Monde í hinn?“ Fjórum árum síðar er svarið greinilega já.



bergsteinn@frettabladid.is

Skattur? Nei, gjald

Borgarstjórnin í London, Ken Livingstone, lagði fyrir nokkrum árum umferðargjald á öku-menn í London til að draga úr umferðarþunganum í miðborginni, enda var hann orðinn nær óbærilegur. Það var eins og hendi væri veifað: umferðin um borgina er nú miklu greiðari en áður, því að nú greiða menn gjald fyrir tafnarnar, sem þeir leggja hver á annan með misþörfum akstri. Gjaldið nemur nú um þúsund krónum á bil á dag. Það hrifur. London er nú dásamlegri en nokkru sinni fyrr.

Unaðssemdir lífsins eru þó ekki alltaf teknar út með sældinni. Bandaríska sendiráðið í London neitar að greiða gjaldið og hefur hlaðið upp 200 milljón króna skuld, sem hækkar dag frá degi. Sendiráðið greiddi gjaldið möglunarlausit í fyrstu, og það hefur einnig greitt umferðargjöld fyrir bíla í kyrrstöðu, öðru nafni stöðumælagjöld. Frá miðju ári 2005 hefur Kaninn þó neitað að standa í skilum með þeim rökum, að umferðargjaldið sé skattur og sendiráð séu undanþegin sköttum. Sem sagt: sendiráðið greiðir mótþrólausit gjald fyrir bíla í kyrrstöðu, en þegar borgarstjórnin í London tekur loksins upp sams konar gjald fyrir bíla á hreyfingu til að létta borgarbúum lífið og gestum þeirra, fer sendiherra Bandarík-anna í baklás, neitar að borga og ber því við, að gjaldið sé skattur.

Upplagnar forsendur

Boðskapurinn í sögunni er tvíþættur. Í fyrsta lagi þarf að nefna hlutina réttum nöfnum. Þegar gjald er tekið fyrir veitta þjónustu, í þessu dæmi fyrir aðgang að götunum í London, er það rétt nefnt gjald og ekki skattur. Almenn ákvæði um skatta eiga því ekki við um slíka gjaldheimtu, ekki frekar en þau eiga við um gjaldið, sem ég reiði fram, þegar ég fer til rak-



ÞORVALDUR GYLFASON Í DAG | Þorskurinn og þjóðin

arans. Þó reyndu íslenzkir útvegsmenn og erindrekar þeirra á Alþingi að skjóta sér í lengstu lög undan veiðigjaldi fyrir aðganginn að sameiginlegum fiskimiðum þjóðarinnar með því að lýsa gjaldinu ranglega sem skattlagningu á sjávarútveginn. En þeir töpuðu þeim slag, enda hefur veiðigjald nú fyrir nokkru verið leitt í lög, þótt það sé enn of lágt. Gjaldið þarf að bíta til að gera fullt gagn. Í annan stað hefur Bandaríkjastjórn undir stjórn Bush forseta hegðað sér eins og fylliraftur í fermingarveizlu og komið sér út úr húsi um allan heim, jafnvel í London, þar sem Bandaríkjamenn hafa hingur til átt velvild að fagna. Þeir búa nú til ófrið úr öllu, það er þeirra stilli, og einnig á upplögnum forsendum, með því til dæmis að kalla gjald fyrir veitta þjónustu skatt til að skjóta sér undan greiðslum. Bandaríkjamenn hafa ekki heldur staðið skil á skuldum sínum við Sameinuðu þjóðirnar.

Þverrandi þorskur

Sigur veiðigjaldsmanna í baráttunni um fiskveiðistjórnina hér heima var samt ekki nema sigur að nafninu til, sigur til hálf. Við höfum gjaldið í gegn, en það er þó enn aðeins til málamynda. Haffrannsóknastofnun hefur nú lagt til stórfelldan niðurskurð á þorskveiðum eina ferðina enn. Nauðsyn slíks niðurskurðar var fyrirséð. Núgildandi

kvótakerfi án veiðigjalds nema að nafninu til hvetur fiskimenn til brottkasts, því að þeir reyna eftir föngum að fylla kvótana sína með verðmætum fiski og fleygja því undirmálsfiski í stórum stíl. Flestir vita um þetta, en fáir vilja gangast við því, þar eð brottkast varðar við lög. Í vel útfærðu veiðigjaldskerfi borgar sig oftast nær að koma með allan veiddan fisk á land, ef gjaldið er miðað við aflaverðmæti frekar en aflamagn. Núgildandi kvótakerfi er eins og önnur skömmtunarkerfi: það gerir marga þátttakendur í leiknum að sakamönnum, sem sveipa sig með ósannindum í sjálfsvörn. Og fiskstofnarnir fjara út.

Áður fyrr þótti fólk við sjávarsiðuna það ekki vera tiltökumál að færa sig stað úr stað, elta fiskinn eða fá sér aðra vinnu, ef afli brást. Þetta er saga Flateyjar, Siglufjarðar, Raufarhafnar, Þórshafnar, Vestmannaeyja og fleiri staða. Duttlungar náttúrunnar réðu miklu um þróun byggðar um landið. Nútímafólk unni þá síður um eltast við duttlunga einstakra útvegsmanna, sem flytja kvóta milli staða án þess að skeyta um fólk, sem vinnur verkin. Það unni þá enn síður að missa vinnuna og aleiguna af manna völdum. Ef fiskveiðinum hefði frá öndverðu verið stýrt með vel útfærðu veiðigjaldi, væri þorsstofninn varla í þeirri útrýmingarhættu, sem vofir nú yfir honum. Og þá hefði verið hægt að verja ávöxtum aukinnar hagkvæmni í útgerð – veiðigjaldstekjunum! – í almannaþágu, líkt og til dæmis tekjunum af umferðargjaldinu í London hefur verið varið til samgöngubóta þar í borg. Alþingi hafnaði þessu sjónarmiði á sínum tíma og ákvað heldur að afhenda völdum útvegsmönnum kvótann án endurgjalds, en þingið reyndi síðan að bæta ásjónu sína með lögfestingu lítils háttar veiðigjalds eftir dúk og disk. Afleiðingarnar blasa nú við.

Dagurinn er bjartur

UMRÆÐAN

Umhverfismál

Sjötti þingmaður Suðvesturkjördæmis, Ögmundur Jónasson, ræðir um Fagra Ísland stefnu Samfylkingarinnar í umhverfismálum í Fréttablaðinu 26. júní sl. Síðan er skipt um gir og þingmaðurinn segir ordrétt: „Samkvæmt staðhæfingum forstjóra Alcans, Michel Jacques, hafði bæjarstjórnin frumkvæði að því að bjóða Alcan að stækka álverið í Straumsvík með því að byggja á landfyllingu.“

Með tilliti til þessa ber að upplýsa þingmanninn að það hefur legið fyrir lengi að hafnarstjórn sé að skoða þróun á hafnarstæðinu við Straumsvík, með landfyllingum út frá lóð álversins, eins og kemur fram í staðfestu aðalskipulagi. Hafnarfjarðarhöfn vinnur nú að frekari útfærslu á fyllingum fyrir mögulegt framtíðarhafnarstæði, sem yrði þá valkostur á móti þeim tilögum sem kynntar hafa verið um hafnarstæði út frá landi Óttarstaða vestan við víkina.

Fjölmörg fyrirtæki leita eftir því að komast á hafnarstæði í Hafnarfirði þar sem önnur stærsta höfnin á höfuðborgarsvæðinu er og gert ráð fyrir samkvæmt staðfestu svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Þeir sem fylgst hafa með, hefur verið fullkunnugt um þessar hugmyndir Hafnarfjarðarhafnar um langt



GUNNAR SVAVARSSON

árábil. Umræðan, um tillögur að stækkun Straumsvíkurhafnar eða nýja höfn á vesturbakkanum, er því ekki ný af nálinni.

Vel má vera að forstjóri Alcan Metal Group líkt eins og fjölmargir aðrir hér á landi, jafnvel einstaka þingmenn kjördæmisins, séu ekki vel að sér varðandi skipulagsmál í Hafnarfirði og hafi því ekki heyrt af þessum landfyllingarárformum m.t.t. þróunar hafnarmannvirkja.

Þrátt fyrir að deiliskipulagið sem kosið var um 31. mars sl. hafi ekki verið auglýst skv. skipulags- og byggingarlögum, enda niðurstaða í lýðræðislegri íbúakosningu ljós, þá mun skipulagsmálda halda áfram í Hafnarfirði. Þar hafa allir sinn rétt, íbúar sem fyrirtæki. Í Hafnarfirði hefur á undanförunum mánuðum verið úthlutað hundruðum lóða til iðnaðar- og þjónustufyrirtækja. Það mun gerast áfram, á landfyllingum (ef af þeim verður) svo og á öðrum svæðum ofar í landi. Það mun gerast algjörlega óháð því hvað kanadískir forstjórar tjá sig um, enda umræddar hugmyndir ekki nýjar af nálinni eins og 6. þingmaður Suðvesturkjördæmis heldur.

Samfylkingarfólk er aldrei hrætt við umræðu um umhverfismál, skipulagsmál hvað þá heldur lýðræðismál.

Höfundur er bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og þingmaður Suðvesturkjördæmis.

Öruggari í fimm stjörnu bifreið

UMRÆÐAN Umferðarmál

Bifreiðin er fyrir löngu orðin nauðsynlegur ferðamáti. Umferðarslys eru því miður alltof algeng. Það er hægt að draga verulega úr afleiðingum umferðarslysa sem kosta okkur tugi milljarða árlega fyrir utan líkamleg örskum og mikla sálarangist.



BRYNJÓLFUR MOGENSEN

Við gætum fækkað dauðsföllum eða alvarlegum áverkum um 15-30 prósent ef við keyrðum öll 5 stjörnu bifreiðar, því þær vernda okkur svo miklu betur, ef við lendum í umferðarslysi. Við verðum, þrátt fyrir 5 stjörnur, að spenna öryggisbeltin og virða hámarks hraða.

Árekstrarprófanir

Virtar óháðar stofnanir í Evrópu, Bandaríkjunum, Ástralíu og Japan hafa öryggisprófað bifreiðar um árabíl og gera strangari kröfur en reglugerðir kveða á um. Hjá evrópsku prófunarstöðinni - EuroNCAP, www.euroncap.com, er prófunarbifreið ekið framan á fyrirstöðu á 64 km hraða. Einnig er bifreiðin prófuð gagnvart hliðarárekstri á 50 km hraða. Í prófunarbifreiðinni eru brúður og bifreiðin fær einkunn eftir því hversu lítið hún skemmist og hvernig brúðunum farnast. Í Evrópu er stjörnujökfur fyrir börn og fullorðna í bifreiðinni ein einnig fyrir fótgangandi sem verður fyrir bifreiðinni. Mest eru gefnar 5 stjörnur og minnst ein stjarna. Bandaríkin prófa bifreiðar á svipaðan hátt en nota bókstafi í staðinn fyrir stjörnur. Þar er líka farið að veltiprófa bifreiðar. Í töflu 1 eru gagnlegir netslóðar um öryggi bifreiða.

Að kaupa bifreið

Sá sem ætlar að kaupa nýja bifreið þarf að hafa nokkur öryggisatriði í huga. Hann ætti helst að kaupa 5 stjörnu bifreið og aldrei færri en 4 stjörnur. Hann ætti einnig að hafa til hliðsjónar upplýsingar um alvarleika áverka slasaðra úr raunverulegum umferðarslysum. Ef bifreiðin hefur ekki verið prófuð af óháðri prófunarstöð af því að um nýja árgærd er að ræða, er oftast hægt að skoða öryggi eldri árganga á netinu. Ef bifreiðategundin hefur alls ekki verið prófuð er kaupanda ráðlagt að kaupa heldur bifreið sem hefur verið prófuð. Kaupandinn á einnig að gera þær kröfur að í bifreiðinni séu sjálfstökkjanleg öryggisbelti, aðvörunarbúnaður ef viðkomandi spennir ekki öryggisbeltin, a.m.k. sex öryggisþúðar, stöðugleikastýring, ABS hemlar og búnaður sem dregur úr líkum á hálstögnun.

Sjálfstökkjanleg öryggisbelti minnka líkurnar á alvarlegum áverka um 55 prósent.

Öryggisþúðar að framan fyrir ökumann og farþega ásamt sjálfstökkjanlegum öryggisbeltum fækka alvarlegum áverkum um 60-70 prósent. Öryggisþúðar til hliðanna til að vernda brjósthól og kvið ásamt hliðarhöfuðþúðum til að vernda höfuðið í hliðarárekstri fækka alvarlegum áverkum um 45 prósent. Æskilegt er að það séu einnig hliðarloftþúðar fyrir aftursæti sem vernda í hliðarárekstri. Stöðugleikastýring á að vera staðalútbúnaður sem fækkar alvarlegum áverkum að meðaltali um 20 prósent en 50 prósent í bleytu. ABS bremsur gera gagn í 5-10 prósent tilvika sem er þó langt undir því sem flestir virðast

NETSLÓÐAR UM ÖRYGGI BIFREIÐA

www.euroncap.com	Evrópsk prófunarstöð
www.iihs.org	Bandarísk prófunarstöð
www.folksam.se	Sænsk tryggingarfélag
www.safecarguide.com	Nettengingar á m.a. prófunarstöðvar

Fimm stjörnu bifreiðar

Lendi ökumaður eða farþegi í árekstri í 5 stjörnu bifreið eru litlar líkur á alvarlegum áverkum á 64 km hraða í framan á árekstri eða 50 km hraða hliðarárekstri. Fjórar stjörnur tákna að viðkomandi geti slasast nokkuð. Þrjár stjörnur sýna að viðkomandi slasast væntanlega mikið en ein eða tvær stjörnur þýða falleinkunn og alvarlega slasaðan einstakling, sjá töflu 2.

halda. Hálstögnanir eru algengustu áverkarnir eftir umferðarslys en sértækur búnaður dregur úr líkum á hálstögnun um allt að 50 prósent.

Getum dregið úr slysum

Við getum fækkað dauðsföllum og alvarlegum áverkum í umferðarslysum um 15-30 prósent ef allir leggjast á eitt og keyra um á 5 stjörnu bifreiðum. Fimm stjörnu bifreið þarf ekki að vera dýrari en 3ja stjörnu bifreið. Þær eiga

NIÐURSTÖÐUR ÚR ÁREKSTRARPRÓFUNUM BIFREIÐA

Stjörnujökfur bifreiða	Alvarleiki áverka slasaðra
Fimm stjörnur	Litlir áverkar
Fjórar stjörnur	Nokkrir áverkar
Þrjár stjörnur	Miklir áverkar
Tvær stjörnur	Alvarlegir áverkar
Ein stjarna	Lífshættulegir áverkar

Víða eru gerðar umfangsmiklar rannsóknir á afleiðingum raunverulegra umferðarslysa. Má þar nefna rannsóknir sænska tryggingarfélagins Folksam, www.folksam.se, sem birtir árlega niðurstöður úr umferðarslysum í Svíþjóð. Þar sést að fimm stjörnu meðalstórar og stórar bifreiðar reynast best og að sumar þeirra eru með 30 prósent meira öryggi en meðal bifreiðin. Líkurnar á að sleppa lífandi úr alvarlegu umferðarslysi eru tífalt meiri úr bestu fimm stjörnu bifreiðunum miðað við bifreiðar með minnsta öryggi.

En fullkomið öryggi er ekki til og hraðakstur drepur. Hingað til hefur engum tekist, mér vitanlega, að fjóldaframleiða bifreið sem veitir 4ra eða 5 stjörnu öryggi í árekstri á 90 km hraða.

að vera útbúnað sjálfstökkjanlegum öryggisbeltum, viðvörunarhljóði um notkun öryggisbelta, a.m.k. 6 loftþúðum, stöðugleikastýringu, ABS bremsum og búnaði sem dregur úr líkum á hálstögnunum. Tryggingafélög hafa um árabíl lækkað iðgjöld þeirra sem hafa staðið sig vel í umferðinni. Tryggingafélögin ættu líka að lækka iðgjöld 5 stjörnu bifreiða því minni líkur eru á að fólk slasist í þeim ef það lendir í umferðarslysi.

Farið á netið og skoðið það sem er í boði. Tökum höndum saman og drögum úr alvarleika umferðarslysa með því að aka á fimm stjörnu bifreiðum.

Höfundur vinnur við og kennir bráðalækningar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Hann er formaður Slysavarnarás.

www.ellingsen.is

Njóttu lífsins í Fleetwood Niagra

Staðalbúnaður

- Vatnsþolnar eldhúsbörðplötur með saumlausum köntum
- Saumlaust filon-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Undirstöður sæta með máluðum málramma
- Þak undirbúið fyrir loftræstingu
- Rafhemlar og 5 bolta nafir
- Fjórir stuðningsfætur með sandþúðum til að gera vagninn stöðugan
- Sveif fyrir lyftikerfi í mittishæð
- Galvaniseraðar stálplötur að framan og aftan með grjótvörn úr tígulplötu að framan
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™ öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómuðum hjólkoppum.
- Gólf og rúmbotnar úr heilum Strukturwood-plötum

- Þykkir állistar umhverfis vagn/rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Snýrtung með föstum veggjum
- Handklæðahengi, klósettrúlluhalda og snýrtispigill
- Miðjufestur kerrutjakkur með hjóli sem taka má af
- Skiptur Sunbrella® 302 tjaldúður með gluggaflípum
- Fast eldhús með venjulegri hæð og tvíhólfa vaski, 3 gashellur
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- 80 l grávatnsgeymir
- Þétt svampdýna (með áklæði og skrautflípa)
- Kæliskápur með frysti, 118 l, 3 stillingar
- 35 amp. straumbreytir með hleðslutæki
- Ljós fyrir útíþall (aukatengill f/ljós)

- 4 hátalarar AM/FM stereó með geislaspilara
- Fatahengi
- Föðruð glugga- og rúmtjöld, skrautkappi með fullri lengd
- Dyráprei sem rennur út
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Varadekk, festing, felgulykill
- Gagnsær vinylguggar
- Vinyhlíf fyrir varadekk
- Skreyttar skáphurðir
- Vinyhlíf fyrir LP-gaskút.
- 1-9 kg LP-gaskútar
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Notalegur setkrókur
- Hnífaparabakki
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Geymsluhólf með aðgangi utan frá
- Stuðari (10x10 cm sívalt geymslurými)

Útilegukortið

Takmarkalausir gistimöguleikar um allt land!

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Ópið mánudag-föstudag 8-18
laugardag 10-16

Aðrar upplýsingar

Árgærd	2007
Rafgeymir	12 V 115 amp
Heildarlengd	587 cm (14 fet)
Heildarbreidd	226 cm
Lengd að innan	427 cm
Eigin þyngd	1430 kg
Heildarþyngd	1708 kg

Verðdæmi

Verð	2.195.000 kr.
Útborgun	200.000 kr.
Mánaðargreiðsla	

28.464 kr.*

*miðast við 84 mánuði

– fullt hús ævintýra



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, fösturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ragnar Þór Kjartansson

áður til heimilis á Garðarsbraut 35b, Húsavík,

verður jarðsönginn frá Húsavíkirkirkju laugardaginn 30. júní kl. 14.00.

Hrafnhildur Jónasdóttir

Kolbrún Ragnarsdóttir

Emil Ragnarsson

Jónas Már Ragnarsson

María Axfjörð

Steinunn Friðgeirsdóttir

Arnaldur F. Axfjörð

Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir

barnabörn og þeirra fjölskyldur.

Haukur H. Logason

Elin Jónasdóttir

Sigríður Pétursdóttir

Pálmi Þorsteinsson

Kolbrún Eggertsdóttir

Gunnar Jóhann Elísson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýbug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Klementínu Margrétar

Klemenzdóttur

Hagamel 31, Reykjavík.

Margrét Björgvinsdóttir

Magdalena Björgvinsdóttir

Kolbrún Björgvinsdóttir

Dröfn Björgvinsdóttir

Mjöll Björgvinsdóttir

Drífa Björgvinsdóttir

Hrónn Björgvinsdóttir

ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.

Práinn Viggósson

Þorgeir Jónsson

Ólafur Stefánsson

Benedikt Þ. Gröndal



Elskuleg eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,

Hansína Ásta Stefánsdóttir

Grenigrund 10, Selfossi,

verður jarðsöngin frá Selfoskirkju laugardaginn 30. júní kl. 13.30.

Gissur Jensen

Stefán Jónsson

Stefán Róbert Gissurarson

Axel Þór Gissurarson

Diðrik Stefánsson, Ásta Lilja Stefánsdóttir og Gísli Þór Axelsson.

Unnur Sigursteinsdóttir

Sigrún Sigurðardóttir

Ásdís Björg Ingvarsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Árni Guðbergur

Guðmundsson

fyrirverandi slökkviliðsmaður, Esjurgund 88, Kjalarnesi,

andaðist að morgni 25. júní á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut. Jarðarförin auglýst síðar.

Vigdís Á Sigurðardóttir

Klara S. Árnadóttir

Guðmundur J. Árnason

Sigurður H. Árnason

Jóhanna G. Árnadóttir

börn og barnabörn.

Jóhann Kristjánsson

Ingunn Jónsdóttir

Berglind Káradóttir

Ingimar Cizzowitz



Okkar ástkæri,

Sigurvin Kristjánsson

bóndi, Fáskrúðarbakka, Eyja- og Miklaholtshreppi,

sem andaðist á Sjúkrahúsinu Akranesi hinn 22. júní, verður jarðsönginn frá Fáskrúðarbakkakirkju föstudaginn 29. júní kl. 16.00.

Steinunn Hrólfsdóttir

Gunnar Kristjánsson

Veronika G. Sigurvinsson Björn H. Kristjánsson

Sigursteinn Sigurvinsson

Kristján Sigurvinsson

Hrólfur Már Helgason

Sandra Dögg, Rakel Ösp og Arnar Freyr.

Ársól Ólafíudóttir

HANS BLIX FÆDDIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1928

„Á miðöldum var fólk líka sannfært um að nornir væru til. Það leitaði svo mikið að þeim að auðvitað fann það þær.“

Hans Blix er fyrirverandi framkvæmdastjóri Alþjóðakjarnorkustofnunarinnar, yfirmaður vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna og stjórnandi vopnaleitarinnar í Írak.



PETTA GERÐIST: 28. JÚNÍ 1947

Hálf þjóðin sá sýninguna

Pennan dag árið 1947 var landbúnaðarsýning opnuð í Reykjavík. Við setningarathöfnina var forseti Íslands og frú hans, ásamt ríkisstjórninni og fulltrúum erlendra ríkja. Einnig ýmsir helstu embættismenn ríkis og bæjar og margir þeir menn sem starfað höfðu að landbúnaðarmálum.

Aðalsýningin var í miklum flugvélaskála sem hólfaður var eftir endilöngu í fjóra ganga og voru sýningarbásar meðfram göngunum. Hún stóð í tvær vikur og hana sáu 60.300 manns. Það var engin smá aðsókn en landsmenn voru þá aðeins 135 þúsund. Það jafngildir því að um 140 þúsund manns sæktu landbún-



STÓRVIRKT LANDBÚNAÐARTEKI

Þúfnabanninn sem Thor Jensen flutti inn til að slétta túnin á Korpúlfsstöðum er nú safngripur á Hvanneyri.

aðarsýningu í dag. Þetta er þó skiljanlegt í ljósi þess að árið 1947 var mesta framfaraskreið að hefjast í íslenskum landbúnaði, með ört vaxandi tækni og stórfeldri ræktun.

tímamót

timamot@frettabladid.is



UNDIRRITUN ÞJÓNUSTUSAMNINGS Fulltrúar Reykjavíkurborgar og Hjallastefnunnar undirrituðu þjónustusamning um yfirtöku Hjallastefnunnar á Laufásborg í góðvörðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HJALLASTEFNAN: TEKUR VIÐ REKSTRI LAUFÁSBORGAR

Hjallastefnugleði í borginni

Hjallastefnan ehf. og Reykjavíkurborg undirrituðu í gær þjónustusamning um yfirtöku Hjallastefnunnar á leikskólunum Laufásborg í Reykjavík. Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, segir þessa yfirtöku mjög stór tímamót fyrir Hjallastefnuna. „Við höfum verið lengi á leiðinni inn í Reykjavíkurborg,“ segir hún og bætir við: „Það hafa aðrir leikskólar starfað í anda Hjallastefnunnar í Reykjavík og gert það mjög vel en við höfum ekki verið með rekstur í borginni.“

Margrét Pála segir mikla hamingju innan Hjallastefnunnar yfir að þetta hafi loksins gengið í gegn. „Fyrsti Hjallastefnuleikskólinn var stofnaður

árið 1989 í Hafnarfirði þannig að það tók okkur átján ár að komast til borgarinnar,“ segir Margrét.

Spurð hvort yfirtakan hafi í för með sér breytingar fyrir Laufásborg, segir Margrét: „Í raun og veru verður ekki svo mikil breyting á starfi leikskólans því fyrir tveimur árum þegar starfshópurinn á Laufásborg ákvað að hann vildi ganga alla leið og vera í okkar hópi þá byrjuðum við að undirbúa. Þannig að það er búið að skerpa á öllum starfsþáttum, starfsfólkið hefur þjálfað sig og ytri einkenni Hjallastefnunnar hafa þegar verið tekin upp,“ segir Margrét og vísar þar til skólábúninga barna og kennarabúninga. „Þannig að síðasta skrefið

var að undirrita. Allir starfsmenn halda áfram störfum og foreldrar ættu ekki að finna neinn mun frá því sem áður hefur verið. Það verður bara áframhaldandi þróun og Hjallastefnugleði,“ segir Margrét og hlær.

„Foreldrar fjögurra barna óskuðu eftir sex ára starfi strax í vetur og við ákváðum að verða við þeim óskum svo að barnaskólinn okkar í Garðabæ verður með lítið útibú fyrir fjögur börn á Laufásborg í vetur og það má svo sannarlega segja að það séu tímamót líka,“ segir Margrét og bætir við: „Við erum glöð og þakklát börnunum, foreldrunum og starfsfólkinu sem vinnur með okkur og trúir á okkur.“ sigridurh@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir, systir, tengdamóðir, amma og langamma,

Erna Helgadóttir

Laufbrekka 30, Kópavogi,

sem lést miðvikudaginn 20. júní á Landspítalanum í Fossvogi, verður jarðsöngin frá Digraneskirkju föstudaginn 29. júní kl. 13.00.

Halldór Valgeirsson, Helgi Reimarsson, Guðný Reimarsdóttir, Valgeir Halldórsson, Halldór Arnar Halldórsson, Haukur Hrafn Halldórsson, Magnús Helgason, Guðný Helgadóttir, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Mæðrastyrksnefnd Kópavogs.



Kristín Anna Karlsdóttir

Eyjahrauni 17, Þorlákshöfn, verður sjötug 4. júlí nk.

Í tilefni af því býður hún ættingjum og vinum til veislu í Ráðhúsinu í Þorlákshöfn laugardaginn 30. júní frá kl. 14.00 til 18.00.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sveir Einarsson



Hermann Jónsson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líflutningar



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Allt fyrir útileguna hjá Ellingsen í sumar

Komdu og kynntu þér úrvalið – við bjóðum gæðavöru á góðu verði

Primus-lukt m/kveikju



Tilboð 3.900 kr.

Vnr. 6962

Primus-tjaldhitari
2000-2500W

Tilboð 6.900 kr.

Vnr. 6985

Fortjaldshitari – 4,2 kw



Tilboð 14.900 kr.

Vnr. 28601

Primus-pottasett



Tilboð 1.790 kr.

Vnr. 29760

Primus-gaspottur
ETA Power

Tilboð 7.900 kr.

Vnr. 45625

Primus-hnifaparasett



Tilboð 690 kr.

Vnr. 29762

Primus-bolli

Heldur
heitu og
köldu

Tilboð 690 kr.

Vnr. 29764

Primus-ferðagasgrill
m/gasslöngu

Tilboð 5.900 kr.

Vnr. 29776

Primus-
hitabrúsi
0,35 l

Tilboð 995 kr.

Vnr. 29765

Primus-ennisljós
PrimeLite DP

Tilboð 2.690 kr.

Vnr. 30851

Campingaz-ferðasalerni



Tilboð 6.900 kr.

Vnr. 17967

Coleman-borðlampi



Tilboð 1.990 kr.

Vnr. 24946

Coleman-tjalddýna



Tilboð 3.900 kr.

Vnr. 22328

Coleman-útilegustóll
m/hliðarborði

Tilboð 5.900 kr.

Vnr. 22331

Coleman-kælibox 48 l



Tilboð 5.500 kr.


Vnr. 01447

Campingaz-salernispappír
fyrir ferðasalerni

Tilboð 390 kr.

Vnr. 22298

Coleman-brauðrist



Tilboð 680 kr.

Vnr. 36105

Coleman-útilegustóll



Tilboð 5.900 kr.

Vnr. 36108

Coleman-ferðaeldhús



Tilboð 19.900 kr.

Vnr. 26280

Einnota hraðgrill



Tilboð 450 kr.

Vnr. 01666



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1-3, Akureyri • Sími 460 3630

Opið mánudaga–föstudaga 8–18, laugardaga 10–16 og sunnudaga 12–16
(ath. lokað sunnudaga á Akureyri)

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

Ferðadagar



Nú eru ferðadagar á Shell. Tjald, tveir svefnpokar, ferðastólar og dýnur auk vasaljöss. Allt í einni tösku á innan við tíu þúsund krónur.

Komdu við á næstu Shellstöð og fáðu það sem vantar í ferðalagið.

Made to move



STUÐ MILLI STRÍÐA Nítjándi júní með breyttu sniði

ROALD VIÐAR EYVINDSSON VILL AÐ ALLIR KARLAR MISSI VINNUNA, ÖKURÉTTINDIN OG KOSNINGARÉTTINN



Alveg síðan ég var pínulítill þjakkur hefur mér þótt rosalega gaman að sjá ráðamenn þjóðarinnar setja sig í spor minnihlutahópa í einn dag með tilheyrandi skakkaföllum.

Að sjá Þórólf Árnason, Davíð Oddsson og fleiri staulast áfram með lepp og blindrastaf á blindradaginn eða festa hjólastól í vegakanti, er óborganlegt grín ásamt því að vekja mann til umhugsunar um allt mótlætið sem ákveðnir samfélagshópar mæta á degi hverjum.

Þegar 19. júní rann upp velti ég einmitt fyrir mér af hverju engum hefði dottið í hug að snúa þessari bráðsniðugu aðferðafræði upp á

kvenréttindadaginn sjálfan.

Það væri alveg tilvalið að byrja með því að skikka alræmdustu karlrembur landsins til að bregða sér í hlutverk kvenna ef ekki ákveðinna starfsstétta í heilan dag, svo remburnar drægju af því einhvern lærdóm.

Geiri Goldfinger yrði þá tilneyddur til að hrista sig á súlu í einn dag, Rósa Ingólfsdóttir yrði að gefa karllæg viðhorf upp á bátinn og Björn Blöndal ljósmyndari þyrfti að sitja hálfnakinn fyrir á vafasamri mynd, með upplýsta appelsínuhúðina. Síðast en ekki síst yrði Jón Baldvin Hannibalsson að stýra menntamálaráðuneytinu í kjól og með ljósa hárkollu.

Síðan mætti heimfæra þennan hlutverkaleik upp á íslenska karl-

peninginn almennt, sem hæfist með því að við lækkuðum allir um 10-12 prósent í launum í einn dag. Svo þyrftum við að sjá um heimilisstörfin, taka til, þvo þvotta og elda, keyra, skeina, skutla og sækja krakkana í leikskólann, kaupa gjafir og undirbúa boð. Allt þetta dót og drasl sem einskorðast enn að miklu leyti við reynsluheim kvenna.

Í raun og veru mætti alveg hafa nokkra svona daga á ári og jafnvel leita í Íslandssöguna eftir hugmyndum. Til dæmis mætti svipta alla karla undir fertugu kosningaréttinum í einn dag. Ökuréttindin fengju að fjúka á öðrum degi. Skólagangan á þeim þriðja, vinnan á þeim fjórða og svo framvegis.

Svo yrði öllu sjónvarpað beint almenningi til fróðleiks og gamans.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Bláir skuggar í Hafnarborg



Kl. 20.00

Rithöfundurinn Ragnar Arnalds leiðir göngu á Þingvöllum og segir frá tildrögum þess að fyrstu konunni var drekkt í Drekkingarhyl.

Gönguferðin hefst við fræðslumíðstöðina og tekur um tvær klukkustundir. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.thingvellir.is.



menning

menning@frettabladid.is

Á stefnumót

Einn af þeim rúmlega áttatíu hönnuðum sem eiga verk á sýningunni Magma/Kvika á Kjarvalsstöðum er grafíski hönnuðurinn Ámundi Sigurðsson en hann verður með hádegisleiðsögn um sýninguna kl. 12 í dag.

Ámundi hefur starfað sem grafískur hönnuður frá 1985. Hann hannaði m.a. útlit nýlegrar auglýsingaherferðar í formi veggspjalda og blaðaauglýsinga fyrir Landsbankann, þar sem landsmönnum var óskað til hamingju með hina ýmsu tyllidaga, og hlaut fyrir hana viðurkenningar og verðlaun. Skjaldarmerki hljómsveitarinnar Ghostigítal er eitt af verkum Ámunda en hann á einnig heiðurinn af hönn-



ÁMUNDI SIGURÐSSON HÖNNUÐUR
Leiðir gesti um Kjarvalsstaði í hádeginu.

MYND/ERIK JAN VENS

un bókarinnar Magma/Kvika sem gefin var út í tilefni sýningarinnar.

Hádegisstefnumótið hefst kl. 12 og stendur í 20 mínútur. Frítt er í öll hús Listasafns Reykjavíkur á fimmtudögum.

Norski málarinn Kjell Nupen opnar sýningu á málverkum og grafíkverkum í Hafnarborg í Hafnarfirði í dag. Sýningin er farandsýning sem hefur göngu sína hér en fer síðan til þriggja annarra safna: Safnsins á Haugum í Vestfold í Norvegi, Safns trúarlegrar listar og Kastrupgaard-safnsins í Danmörku. Ferðalagið er styrkt af norska sendiráðinu í Kaupmannahöfn og Norræna menningarsjóðnum.

Ferðalagið á þessu úrvali af verkum úr eigu safna og safnara eftir Kjell stafar af áhuga listamannsins og margra annarra í norrænum myndlistarheimi að tengsl séu eflað milli landanna með myndarlegum hætti. Kjell Nupen hefur verið áberandi í norsku myndlistarlífi um árabil. Hann er á svipuðu reki og margir þeir málarafræðingur sem þessa dagana eru í hvað mestum gangi: Hann fæddist 1955, var kornungur er hann lagði á braut myndlistarinnar. Hann stundaði nám, í upphafi fyrir mistök í Statens Kunstakademi í Osló og framhaldsnám á þeim hræringarmiklu tímum skömmu eftir 1968 í akademíunni í Dusseldorf þar sem Gerhard Richter, einn virtasti



MYNDLIST Kjell Nupen myndlistarmaður opnar sýningu í Hafnarborg í dag.

málari Þýskalands, var aðalkennari hans. Joseph Beuys réði ríkjum í akademíunni í raun þó hann væri hættur þar vegna ágreinings við yfirvöld um stefnu. Þetta var í þann tíma sem Beuys kallaði Dieter Roth til starfa í Dusseldorf þótt ekki yrði úr. Tímabilið var síðar kallað blýárin. Andinn í samfélaginu einkenndist af einstefnu andófs og andstöðu með harkalegu pólitísku þvargi og hermdarverkum hópa á borð við Baader Meinhof.

Þegar fyrir Þýskalandsdvölina var Nupen búinn að ákvarða að málverkið væri sinn miðill þó hann tæki af fullum krafti þátt í hinni miklu grafík-sprengju sem hófst í Evrópu upp úr 1960 og hafði ekki aðeins pólitískt innihald í vali á myndefnum heldur líka það erindi að koma ódýrari myndlist á framfæri við almenning. Hann hefur æ síðan unnið í grafík, en málverkið er hans helsti miðill þó hann hafi víða komið við: leirmunir, skúlptúrar og gler og grjót eru honum einnig töm efni. Hann var verðlaunaður fyrir grafíkverk sín á messunni í Baaden Baaden 1982.

Kjell og kona hans, óperusöngkonan Aino Ilkama, sneru aftur til heimabæjar hans, Kristjánssands, 1978 til fastrar búsetu. Áttundi áratugurinn var honum drjúgur til ferða: Feneyjar, suðurhluti Bandaríkjanna með

sínum sterka litaheimi, Miðjarðarhaf á skútu: heim sneri hann með enn sterkari litarvitund og myndheim sem var laus úr viðjum samfélagslegra átaka.

Verkin á sýningunni í Hafnarborg eru á fimmta tuginn og spanna tímabilið frá ferðaárunum til dagsins í dag.

Í Kristjánssandi sá Kjell Nupen ungar sýningu á verkum Edwards Munch og þau kölluðu hann til myndlistarinnar. Í mörgum verka hans verður endurminning frá Munch enda áleitinn. Dökkir fletir í margbreytilegu ljósbroti hans norræna rökkurs umlykja sterkan bláan lit sem verður í málun hans ápreifanlegt kvöldhúm.

Myndheimur Nupen stendur undarlega nálægt íslensku sinni: áhugamenn um myndlist og þá einkum tilveru málverksins geta því glaðst að hann skuli loksins drepa hér niður og kynna feril sinn í verkunum fimmtíu.

Sýningin er opnuð í dag og stendur til 5. ágúst. Aðgangur á sýningar í Hafnarborg er fjálsöllum í boði Glitnis. Þar er til sölu vegleg bók um feril listamannsins skreytt fjölda mynda. Hún er gefin út í samþrenni á íslensku, dönsku og norsku og lýtur ritstjórn Dagmar Warming og er gefin út í samstarfi við helsta gallerí Nupen, Gallerí NB í Víborg.

ppb@frettabladid.is

LOPAPEYSAN

Á Írskum dögum á Akranesi við sementsbryggjuna

Forsala hafinn í Pennanum Akranesi

07.07.07



Raggi Bjarna

Bubbi + stríð og friður



Buff ásamt Matta Papa

VÍKING
LÉTTÖL

Forsala hafinn í Pennanum Akranesi kr. 3.000 kr. í forsölu. 18 ára aldurstakmark

Svæðið opnar kl 23:30

Landsbankinn

protech
Vinir Hallarinnar

ÍRSKIR
DAGAR
Akranesi 6.-8. júl. 2007

Ljósmyndarar á ferð

Í kvöld fer Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari í göngutúr á vegum Ljósmyndasafns Reykjavíkur og hyggst hann leiða menn á vit myndefna í Kvosinni. Guðmundur er borinn og barnfæddur Reykvíkingur og hafði lengi aðsetur með stofu sína milli Hverfisgötu og Laugavegar en er nú kominn út á Granda. Hann var einn af forvígismönnum Torfusamtakanna á sinni tíð og hefur um langt árabil tekið myndir í Reykjavík miðri og víðar. Lagt verður af stað frá Grófarhúsinu og stendur gangan frá 20 til 21.

Annar yngri ljósmyndari og víðförull, Páll Stefánsson opnar á laugardag í nýja ljósmyndagalleríinu hans Ara Sigvaldasonar, Fótógrafi, sýningu á myndum sínum frá Afríku. Hann kallar hana Heitt.

Páll er að vinna bók um Afríku, bók sem gefur jákvæða mynd af þessari heimsálfu þar sem knattspyrnan er í fókus. Sýningin er afrakstur ferðar Páls og Halldórs Lárussonar um Kamerún í maí 2007. Bókin kemur út haustið 2009.

Sýningin stendur til 4. ágúst. Opíð er alla daga í Fótógrafi neðst á Skólavörðustíg frá 12 til 18.



PÁLL STEFÁNSSON LJÓSMYNDARI



SALTFÉLAGIÐ

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

HEIMILIÐ ER HEILAGT









BRÚÐKAUP FRAMUNDAN?

BRÚÐARGJAFALISTAR • GJAFABRÉF • KLASSÍSKAR BRÚÐARGJAFIR



ENNEKKA / SA / NW28469

Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.**



BÚLGARSKUR BLÁSTUR Haukur Gröndal leiðir hljómsveitina Narena Musika.

MYND/GUDMUNDUR ALBERTSSON

Balkanskt tempó

Djólálaghljómssveitin Narodna Musika heldur tónleika á Café Cultura í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu í kvöld. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaferðalagi hljómsveitarinnar um Ísland.

Haukur Gröndal, klarinett- og saxófónleikari, leiðir sveitina en með honum leika Búlgararnir Borislav Zgurovski á harmóníku og Enis Ahmed á tamboura. Þorgrímur Jónsson leikur á kontrabassa og sænski trommarinn Erik Qvick leikur á slagverk. Þeir félagar munu leika búlgörska þjóðlög í eldfjörugum tempóum.

Á tónleikunum verður einnig boðið upp á laðborð þar sem fólk gefst kostur á að bragða á balkönskum réttum. Sveitin mun svo leika fyrir matargesti en þessi háttur er oft hafður á veitingastöðum í Búlgaríu og skapast skemmtileg stemning meðal annars vegna nálægðar við tónlistarmennina.

Um helgina leikur sveitin á Djasshátíðinni á Egilsstöðum en síðan liggur leiðin vítt og breitt þar sem leikið verður á sex tónleikum til viðbótar.

-khh

Djass fyrir austan

Djasshátíð Egilsstaða á Austurlandi, ein elsta sérhæfða tónlistarhátíðin utan Reykjavíkur, er nýhafin. Hátíðin varð til fyrir tutugu árum í sumarblíðu á Egilsstöðum og varð að veruleika sumarið 1988. Síðan hefur hún fest sig í sessi þótt frumkvöðullinn, Árni Ísleifsson, hafi á tíðum látið hafa eftir sér að nú skorti hann þrek til að halda hátíðinni áfram.

Fyrsta hátíðin, sumarið 1988, skartaði þekktum mönnum úr djasslífinu: Jón Múli og Viðar Alfredsson voru báðir á staðnum, þjóðkunnir fyrir sinn skerf til djassmenningar landans. Yngri kynslóðin lét sig heldur ekki vanta.

Síðan er mikið vatn runnið til sjávar frá Héraði og úr söllum hátíðarinnar hafa margir tónar liðið inn í sumarkvöldin þar eystra. Hátíðin nú er enn að stærstu verk Árna þótt hann hafi notið aðstoðar yngri manna við bókanir. Mörg fyrirtæki að austan og með starfsemi um land allt, allan heim, leggja henni nú lið með fjárhagslegum stuðningi.

Í kvöld spilar Hrafnaspark, sem er tríó frá Akureyri, sérhæft í sígaunadjassi í anda Django Reinhardt.

Þar verður einnig framlag frá Djasssmíðju Austurlands. Verður hátíðin sett á Hótel Héraði en það er einn þeirra staða sem verða virkir í samkomuhaldi hátíðarinnar næstu daga.

Á fimmtudagskvöld verður djassað í Hótel Egilsbúð í Neskaupstað. Þar verður Djasssmíð-

an aftur á ferð, ungrir djassarar af Austurlandi og Flís að auki.

Á föstudagskvöld verða stórtónleikar í Herðubreið á Seyðisfirði með erlendum gestum: James Carter blásari fer þar fremstur. Þessi fjölhæfi saxófónleikari er fæddur í Detroit í Bandaríkjunum og vakti snemma athygli fyrir saxófónleik sinn.

Hann hefur leikið með fjölda snillinga og til að nefna nokkra Herbie Hancock, Lester Bowie, Buddy Tate og Cyrus Chestnut. Carter leikur jöfnum höndum á allar gerðir saxófónsins og hefur verið valinn besti barítónsaxófónleikari heims í hinu virta DownBeat tímariti fimm sinnum.

James er ekki einn gesta að koma fram það kvöld: Deitra Farr er ekki ókunnug okkur Íslendingum.

Hún kom fram á hátíðinni með Vinum Dóra 1992 og kom hingað til lands aftur 2005. Í bæði skiptin var hún áfúsugestur og hreyfði við hjörtum þeirra sem heyrðu. Hún kemur fram í Herðubreið með Riotinu, þeim Birni Thoroddsen, Ásgeiri Óskarssyni, Dóra Braga, Jóni Rafnssyni og nafna hans Ólafssyni hljómborðsleikara. Þeir troða síðan upp með Deitra, Andreu Gylfadóttur og Gospelkór Fjarðabyggðar á stórtónleikum í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði. Það mun sjóða á keipum þann daginn í góðviðrinu en fjörið hefst kl. 14.

Í sömu mund hefjast afmælistónleikar hátíðarinnar uppi á Héraði: fyrst með ræðuhöldum því þar verður Árni Ísleifsson heiðraður sérstaklega fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi og síðan dagskrá fram undir kvöldmat: þar koma fram Blúsbrót Garðars Harðar, Pitch Fork Rebellion, minnst verður Lesters Young, Riot



TÓNLIST Árni Ísleifsson hefur haldið úti djasshátíð á Héraði í tvo áratugi. Hún hefst í kvöld og teygir sig niður á Firði.

kemur fram eftir snöggan bíltúr af gospeltónleikum á Eskifirði, Sean Walsh Band spilar, Narodna Musika leggur sitt til hátíðahaldsins og loks hita Jagúarmenn sig upp fyrir lokadansleik hátíðarinnar sem verður frá 22 um kvöldið í

Valaskjálfi. Þá skal Skjálfin nötra. Áhugasamir geta kynnt sér hátíðina á vefsíðunni www.jea.is. Svo er bara að setjast í bíla og leggja af stað ellegar ná sér í flug, í versta falli fljúga sjálfur.

pbb@dfrettabladid.is

VIÐ TJÖLDUM ÞVÍ BESTA

LÍKA Á DALVEGI 18 KÓPAVOGI

Colorado 500
5 manna tjald
Eldvarinn dúkur
3000mm vatnsheldni
Þyngd 15,7 kg

TILBOÐ 28.995

Colorado 600
6 manna tjald
6,76m fortjald
Hámarks hæð 210cm
Eldvarinn dúkur
3000mm vatnsheldni
Þyngd 18kg

TILBOÐ 33.995

Nítestar 250
Hámarksuldaból -10
siliconhúðaður
4ra hólur fiber
Verð áður 6.990

3.495

Sigma 300
Gott 3ja manna tjald
með fortjaldi.
Eldvarinn dúkur
verð áður 11.995

TILBOÐ 5.997

Kælibox
Rafmagns 30-45L

30% AFSLÁTTUR

Spirit 200+
Göngutjald
Eldvarinn dúkur
3000mm vatnsheldni
Þyngd 2,35kg
Verð 46.995

Mikið úrval af göngutjöldum
Verð frá 15.995

RD Línuskautar

50% AFSLÁTTUR
Áðeins á Dalvegi 18

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 og Dalvegi 18

Sími 533 4450 / 577 4450 · www.everest.is

EVEREST SKEIFUNNI 6 OG EVEREST DALVEGI 18

Ófá gæsa húðaraugnablik

Örfáir miðar eru eftir á aukatónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hljómsveitarinnar Dúndurfrétta sem flytja muna stórvirki Pink Floyd, The Wall, í Laugardalshöll í kvöld. Uppselt er á seinni tónleikana á föstudaginn.

The Wall kom fyrst út árið 1979 og vakti heimsathygli. Platan er samhangandi verk, uppvaltarsaga ráðvillts drengs eftirstriðsáranna á Englandi sem glímur við föðummissi, ofverndandi móður og íhaldssamt skólakerfi sem gerir hvað það getur til þess að steypa alla í sama mót. Síðar hlotnast honum frami í tónlist en eitruyfjanotkun, draugar fortíðar og sjálfsvorkunn verða til þess að hann lokar sig af og byggir ímyndaðan vegg í kringum sig til þess að forðast erf-



HLJÓMSVEITIN DÚNDURFRÉTTIR Leika ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á tvennum tónleikum í Laugardalshöll.

íðar tilfinningar raunveruleikans. Verkið verður flutt í útsetningu Haraldar Vignis Sveinbjörnssonar en á fyrstu æfingu verksins síðastliðinn föstudag voru menn sam-

mála um það að gæsa húðaraugnablik yrðu sjálfsagt fleiri en eitt og fleiri en tvö á þessum tónleikum.

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFÆGA MENN“
GRETTIR

LADDI 6-TUGUR

Í kvöld kl. 20 UPPS. Síðasta sýning
LJÓTU HÁLFVITARNIR ÚTGÁFUTÓNLEIKAR LAU 30/6 KL. 21 MIÐAVERÐ KR. 1.800

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

VIÐISIR www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

25 26 27 **28** 29 30 1

Fimmtudagur

■ ■ TÓNLEIKAR

- 12.00 **Guðmundur Sigurðsson**, formaður Félags íslenskra organleikara og organisti Hafnarfjarðarkirkju, leikur á **Klaisorgelið** í **Hallgrímskirkju** á hádegistónleikum tónleikaraðarinnar Alþjóðlegt orgelsumar. Tónleikarnir standa í hálf tíma, eru skipulagðir í samvinnu við Félag íslenskra orgelleikara.
- 20.00 Tónlistarhópurinn **Kvaka** heldur tónleika í **Frikirkjunni** í Reykjavík. Hópurinn skipa **Þorvaldur Þorvaldsson** bassasöngvari, **Björg Þórsdóttir** sópransöngkona, **Geirprúður Ása Guðjónsdóttir** fiðluleikari og **Matthildur Anna Gísladóttir** píanóleikari. Dagskrá tónleikanna er fjölbreytt en hópurinn mun meðal annars flytja lög eftir **Tryggva M. Baldursson**, **Karl O. Runólfsson** og **Verdí**.
- 21.30 Tríói **Hrafnaspark** leikur á heitum fimmtudegi í **Ketilhúsinu** á **Akureyri** í tilefni af **Listasumri**. Með **Ólafi Hauk Arnasyni** og **Jóhanni Guðmundssyni** á gítara og **Péttri Ingólfssyni** á kontrabassa leikur **Grímur Helgason** klarinetuleikari. Efnisskráin samanstendur af sígrænum lögum úr safni **Django Reinhardt**, lögum eftir innlenda og erlenda höfunda í útsetningu tríófélagi ásamt þeirra eigin lögum.

■ ■ SÝNINGAR

- 11.00 **Rannveig Ásbjörnsdóttir (Ransý)** sýnir á **Geysir bistro & bar** Aðalstræti 2. Listakonan sýnir vatns-lítamyndir en yfirskrift sýningarinnar er **Landslag og blóm**. Staðurinn er opinn alla daga frá 11-22. Listakonan hefur gert jólakort fyrir **Svölurnar** sem gerð eru til styrktar líknarmála.
- 11.00 **Helga Sigurðardóttir** sýnir **galleríinu Art-Iceland**. Hafið í öllum sínum margbreytileika er áhrifamáttur sýningarinnar. Sýningin ber heitið **Mar**. Sýningin er opin 11-18 virka daga og 11-16 á laugar-dögum

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Ævintýrlega gott á grillið!

Fjölbreytt úrval af gæða kjöti og fisk á grillið. Láttu matreiðslumenn okkar aðstoða þig við valið.



Ljúffengar lambalundir á grillið.

Mikið úrval að gírnilegum fiskréttum hönnuðum af fremstu matreiðslumeisturum landsins.



Þægindi! aðeins **20** mínútna eldunartími



Gómsæt sjóbleikja á grillið



T-bone steik að hætti Gallerí Kjöts



Prófaðu vinsælu sjávarréttagrillpinnana.

Fiskisaga **GALLERÍ KJÖT**

Ævintýrlegar sælkerabúðir

Sælkerabúðir Gallerí kjöts og Fiskisögu: Dalvegur 4, Tjarnarvellir 15, Búðakór 1
Sælkerabúðir Fiskisögu: Hamraborg 14a, Skipholt 70, Höfðabakki 1, Nesvegur 100
Sundlaugarvegur 12, Háaleitisbraut 58-60, Ægisbraut 29, Akranesi

Sýningar á sögulofti

MR. SKALLAGRÍMSSON

Júní: 29. kl.20 Uppselt
Júlí: 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Uppselt
5. kl.20 uppselt, 13. kl.20 uppselt,
14. kl.15 laus sæti
14. kl. 20 uppselt
Ágúst: 11. kl.20, laus sæti
12. kl.20, laus sæti
18. kl.20, laus sæti
19. kl.20, laus sæti
25. kl. 20 laus sæti
26. kl. 20
30. kl.20, laus sæti
31. kl.20 laus sæti

Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsingar www.landnamsettur.is

LANDNAMSETTUR ÍSLANDS



KVIKMYNDANJÖRÐURINN SIGMAR VILHJÁLMSOHN BANKAMAÐUR

Forrest Gump mesta hetja kvikmyndasögunnar

> GOTT GLÁP

Little Children: Gúrkutiðin heldur áfram á hvíta tjaldinu og því er um að gera að kíkja á myndir sem lítið fór fyrir í kvikmyndahúsunum. Little Children er tvímælalaust ein þeirra sem fólk ætti ekki að vera sviðið af.

Pan's Labyrinth: Ævintýralega góð kvikmynd eftir Guillermo del Toro. Sannkallað augnakonfekt.

bíó

bio@frettabladid.is

Hvaða mynd sástu síðast í bíó?

Babel. Já langt síðan ég fór í bíó. En þetta er tímabilið þegar maður er með nýfætt barn.

Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?

The Last King of Scotland, Whitaker er sterkur leikari, fyrir mér er hann eins og Philip Seymour Hoffman. Aukaleikari sem fékk loksins að blómstra. Góð mynd.

Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?

Óff, margar með misjöfnum hætti. Hotel Rwanda opnaði augun mín verulega nú í seinni tíð og fær mig til að líta á það sem er að gerast í dag á Vesturbakkanum og í Irak.

Hefur þú grátið í bíó? Já,

já. Ef maður lifir sig ekki inn í kvikmynd, hvernig er hægt að njóta hennar?

Uppáhalds íslenska persónan:

Davíð í myndinni Stóra planið sem kemur út í haust. Hann er leikinn af Péttri Jóhanni Sigfússyni og bara treilerarnir gera hann að uppáhalds íslensku persónunni: Poppoli.com/storaplanid.

Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:

Tom Cruise er ein stærsta kvikmyndastjarna allra tíma, og þá er ég aðallega að líta til aðsóknar og tekna. Hann er samt frekar einhæfur leikari að mínu mati, nánast allt af sami karakterinn.

Mesta hetja hvíta tjaldsins:

Forrest Gump. Er hægt að finna meiri hetju?



Mesti skúrurinn: Dr. Hannibal Lecter er hrottaleg persóna. Ég veit ekki hvort skúrur sé endilega rétta orðið. En það er eitthvað ógnvekjandi við það að eldri maður sem er svo rólegur og indæll eitthvað geti gert það sem hann gerði.

Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?

Blossi. Hvað voru menn að reykja við gerð þeirrar myndar? Menn voru eflaust líka undir áhrifum þegar handritið var skrifað. Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér? Ég væri til í að leika James Bond undir leikstjórn James Campbell. Mér fannst Casino Royale mjög vel heppnuð Bond-mynd og má segja að Bond hafi endurheimt sinn sess. Semsé, rauðhæður James Bond frá Egilsstöðum.

Fishburne tryggir sér Alkemistann

Bandaríski kvikmyndaleikarinn Laurence Fishburne mun leikstýra kvikmyndaútgáfu af hinni ofurvinsælu bók Paul Coelho, Alkemistinn. Allar líkur eru á því að Fishburne muni einnig koma að handritsskrifum en málið ku vera á upphafsreit. Alkemistinn er einhver vinsælasta bók allra tíma og hefur setið á toppi metsölulista um allan heim og verið þýdd á yfir fimmtíu tungumál.

Enn sem komið er hefur ekkert verið ákveðið hverjir leika aðalhlutverkin en meðal þeirra sem hafa sýnt áhuga á að framleiða myndina með Fishburne er Barrie Osbourne.



Í LEIKSTJÓRASTÓLLINN Laurence Fishburne hyggst gera kvikmynd eftir hinni ofurvinsælu bók Paul Coelho, Alkemistanum.



MCCLANE Bruce Willis varð ofurstjarna á einni nóttu eftir að fyrsta myndin um lögreglumanninn John McClane var frumsýnd fyrir tuttugu árum.

Hvunndagshetjan McClane

Í gær var fjórða kvikmyndin um John McClane frumsýnd en hann hefur verið þrándur í götu hryðjuverkamanna síðustu tuttugu árin. En af hverju skyldu þessar kvikmyndir njóta svona mikillar hylli að til þeirra er vitnað í öllum mögulegum afþreyingariðnaði?

Fram að litlu jólafrú John McClane til Los Angeles, þar sem eiginkona hans Holly hafði komið sér fyrir, höfðu hetjur hvíta tjaldsins verið allt að því ómannlegar, gjörsamlega tilfinningasnaugar og ofursvalar. Indiana Jones var Bond fornleifafræðinnar, persónur Arnolds Schwarzenegger allt að því viljalaust verkfæri skotvopna og Sylvester Stallone blikknaði varla þegar hann murrkaði lífið úr óvinum sínum. Að ógleymdum sjálfum Bond sem átti konu í hverri höfn og lét sér fátt um finnst þótt hann eyðilagði og tortímdi eins og óður maður. Þetta voru allt menn sem voru svo fjarri raunveruleikanum að áhorfendur gátu einungis látið sig dreyma um að komast með tærnar þar sem þeir höfðu hælana.

Mannlegur umfram allt

McClane var öðruvísi. Harðgiftur náungi á leiðinni til eiginkonu sinnar í þeim erindagjörðum að vinna hana aftur á sitt band, fá hana með sér til New York þar sem þau gætu tekið upp þráðinn aftur. Eilíftíð klár lögreglumaður, varla verður framhjá því horft en hvorki vöðvastæltur framur

hófi né útbúinn nýjustu tækjum og tólum frá leynilegri rannsóknarstofu. McClane var einfaldlega hnyttinn náungi með lögregluþyssuna sína sem var í nöp við skrífinsku og yfirvöld og kaus heldur að láta verkin tala. Með kaldhæðnislegum tón.

Fyrsta Die Hard myndin varð þvílíkur smellur að Bruce Willis varð ofurstjarna á einni nóttu. Í fyrstu hafði framleiðandinn Joel Silver séð fyrir sér Richard Gere en þegar hann brást var leitað til Willis. Leikarinn hafði þá varla borið sitt barr eftir frekar erfiða byrjun á hvíta tjaldinu og með góðum rökum má segja að bæði McClane og Bruce hafi verið að berjast fyrir lífi sínu í Die Hard. Og formúlan gekk fullkomlega upp.

Áhorfendur áttu ekki í erfiðleikum með að sjá sig sem John McClane enda var hann ótrúlega mennskur. Blótaði of mikið, keðjureykta og fór jafnvel að gráta eftir að hafa fengið glerflísar uppi fæturna á sér. Dirty Harry hefði nú bara gengið á þeim og Stallone varla tekið eftir þeim. Hann hikaði ekki við að viðurkenna dauðleika sinn og vonaði heitt og innilega að hann myndi nú ekki deyja þegar hann gengi á hölm við þungvopnaða hryðjuverkamann.

Engir kjánar

Leikstjórinn John McTiernan fór jafnframt aðrar leiðir þegar kom að

skúrkunum. Þeir höfðu öllu jafnan verið frekar treggáfuð morðtöl sem vissu varla í hvorn fótinn þeir áttu að stíga. En Hans Gruber í stórkostlegum meðförum Alans Rickman var allt annað en heimskur. Og ránið hans í Nakatomi-byggingunni gekk næstum því upp. McTiernan lét meira að segja Óð til gleðinnar hljóma undir þegar honum hafði tekist að sprengja hvelfinguna þannig að áhorfendur fengu það á tilfinninguna að þetta gæti hreinlega gengið.

Fyrsta Die Hard-myndin er af mörgum talin vera ein besta hasarmynd sem hefur verið gerð. Hún skapaði grundvöll fyrir nýjar hetjur sem hafa prýtt hvíta tjaldið og leiddu kvikmyndaverunum það fyrir sjónir að sigurvegari dagsins þyrfti ekki alltaf að vera ofurmenni, flagari eða vaxtarræktartröll.



ALMÚGAMAÐUR McClane er fyrst og fremst mannlegur og það er ástæðan fyrir vinsældum hans.

UPPSÉLT! AUKATÓNLEIKAR

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS OG DÚNDURFRÉTTIR

THE WALL

STÓRTÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL

Í KVÖLD, FIMMTUDAGSKVÖLD KL. 19.30 LAUS SÆTI

FÖSTUDAGINN 29. JÚNÍ KL. 19.30 UPPSÉLT

Roger Waters (Pink Floyd) ::: The Wall
Hljómsveitarstjóri ::: Bernharður Wilkinson
Útsetningar ::: Haraldr Vignir Sveinbjörnsson

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA SEM ALLRA FYRST Á WWW.SINFONIA.IS

MIÐAVERÐ ::: 5.000 / 4.500 KR.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS

prime

VIKING LÉTTÓL

Miða skal sækja í miðasölu SÍ í Háskólabíói á milli 9 og 17 fimmtudag og föstudag. Eftir klukkan 18 verður hægt að sækja miða í Laugardalshöll.


FL GROUP ER AÐALSTYRKJARADILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

FJÓRÐUNGSMÓT Á AUSTURLANDI 28. JÚNÍ - 1. JÚLÍ IÐAVÖLLUM VIÐ EGILSSTAÐI



Héradsprent

- * KYNBÓTAHROSS OG GÆÐINGAR
- * Tölt - 200 þúsund í verðlaun
- * 100 m skeið - 200 þúsund í verðlaun
- * Ræktunarbú
- * STÓÐHESTAR Í BREKKUDÓMI



www.freyfaxi.net/fm07

**DANSLEIKIR:
MAGNI – Á MÓTI SÓL
AUSTURLANDIÐ**

GLITNIR

Carlsberg

HÉRADSPRENT

Coca-Cola
light

LÍFLAND
- betri búnaður

Samkaup úrval



> Gott ráð er

... að pensla með matarolíu yfir grindina áður en byrjað er að grilla, þá klessist maturinn síður við.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN HELGA VALA HELGADÓTTIR, REKUR KAFFI EDINBORG Á ÍSAFIRÐI

Gæti alls ekki verið án súkkulaðis

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Súkkulaðis.

Besta máltíð sem þú hefur fengið:
Það hefur verið einhver dásamleg máltíð með fjölskyldunni. Mér finnst félagsskapurinn og stemningin vera um áttatíu prósent af góðri máltíð. Maturinn er eiginlega bara tuttugu prósent að mínu mati. Það þýðir ekkert að borða dýrindis mat með leiðinlegu fólki.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Bjúgu. Ég borða ekki bjúgu. Þetta er reykt, feitt, unnið kjöt innan í einhvers konar filmu úr kemísku efni sem er bundin saman á endunum. Ég held ég þurfi ekkert að útskýra það frekar. Svo hef ég ekki enn þorað að smakka skötustöppu þótt ég sé hérna fyrir vestan.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:

Eiga leyndarmálin að fara eitthvert víðar?
Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Dökkt súkkulaði! Ég er á þeirri skoðun að alvöru súkkulaðiunnendur vilji ekkert ljóst súkkulaði. Ég hef mjög gaman af því að halda þessu fram.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Grænmeti. Ég á oftast til brokkolí og svo á ég líka alltaf hvítlauk. Mjólk er auðvitað alltaf til en það er bara af því að ég á svo mörg börn.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?

Ég myndi taka með mér humar því humar er besti matur í heimi.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Skata. Við skulum orða það þannig að mér þykir hún einstaklega at-
hyglisverð á bragðið.



Möndlumjólk á morgunkornið

Sólveig Eiríksdóttir eldar kynstrin öll af gömsætum grænmetisréttum fyrir Völu Matt í kvöld í þætti hennar Matur og lífsstíll. „Solla himneska, eins og maður kallar hana þar sem hún rekur fyrirtækið Himnesk hollusta, er ótrúlega hugmyndarík og sniðug þegar kemur að spennandi uppskriftum,“ segir Vala. „Uppskriftirnar eru alveg dúndurhollar og á sama tíma ofboðslega bragðgóðar því hún er svo mikill sælkeri sjálf.“ Í þættinum útbýr Solla mjög sérstakt kúrbitspasta, sítrónuköku með súkkulaði og spennandi hollustudrykk.



SÓLVEIG EIRÍKSÓTTIR
Fær góð meðmæli frá Völu Matt.

„Ég er sérstaklega hrifin af hollustudrykknum en honum er hægt að skufla í sig hvenær sem er dagsins, hvort sem það er snemma á morgnana eða bara svona síðdegis til að slá á mesta hungrið fyrir kvöldmat,“ sagði Vala en uppskrift að hollustudrykknum fylgir.

Möndlurnar má leggja í bleyti í átta til tólf klukkustundir en það er þó ekki nauðsynlegt. Allt er sett í blandara og beðið þar til allt er mjúkt og kekklaust. Gott er að skilja hratið frá mjólkinni með sigti, grisju, nælonsokk eða þéttofnum spírúpoka. Þetta er borið fram kælt eða við stofuhita. Hægt er að skipta döðlunum út fyrir 1 tsk. agave, 1/4 tsk. stevíu eða 1 msk. maca en einnig má sleppa sætuefninu bara alveg. Möndlumjólkin er frábær í staðinn fyrir mjólk, hún er góð út á morgunmatinn eða í pottrétti í stað kókosmjólkur og einnig hægt að nota sem grunn í mjólkurhristinga. - bor



DÖÐLUR Solla notar döðlur í möndlumjólkinu sína en einnig er hægt að nota annað sætuefni í þeirra stað.

MÖNDUMJÓLK

1 bolli (240 ml) möndlur
3 bollar vatn
4 steinlausar döðlur (má sleppa)
1/2 tsk. vanilluduft (má sleppa)



EGILL IBSEN ÓSKARSSON Flugmaðurinn er lipur í eldhúsinu og sýður saman girnilegan fisk- og hrísgrjónarétt fyrir lesendur Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fiskréttur flugmannsins

Egill Ibsen Óskarsson starfar sem flugmaður en hefur mikinn áhuga á myndlist og mat og eyðir frístundum sínum í að rækta þessi áhugamál.

„Ég er frekar duglegur að elda heima en fylgi þó aldrei uppskriftum. Ég tek bara það sem er til og skelli því í rétt en ég á það þó til að kíkja í uppskriftarbækur til að fá hugmyndir um hráefni,“ segir Egill Ibsen Óskarsson flugmaður. Aðspurður hvað honum þyki skemmtilegast að elda segir hann: „Það er langskemmtilegast þegar við konan eldum eitthvað gott saman og þá dreyppum við á hvítvíni á meðan við undirbúum matreiðsluna,“ segir Egill.

Þegar hann er beðinn um að nefna það besta sem hann fær er hann snöggur að svara. „Það eru svartfuglasegg. Þau fást hvergi annars staðar en á Íslandi og eru bara svo hrikalega góð og fljótelduð. Ég er reyndar líka rosalega mikið fyrir sushi,“ segir hann og er fljótur að sjóða saman nokkur mikilvæg ráð fyrir áhugamenn um sushigerð.

„Það eru nokkur atriði sem þarf að passa mjög vel. Í fyrsta lagi þarf að skola sushi-hrísgrjónin vel eftir að þau eru soðin og skola þau alveg þar til hættir að koma hvítur litur í vatnið. Svo er algjörlega nauðsynlegt að kæla þau mjög vel. Hrísgrjónin þarf að sjóða daginn áður en sushi-ið er gert svo þau séu örugglega orðin nógu köld. Það þýðir ekkert að gera sushi úr volgum hrísgrjónum því þá klessast þau bara saman,“ segir Egill sem græniliga er orðinn sérfræðingur.

„Þá þarf að blanda réttu hrísgrjónasósuna sem oftast er gerð úr ediki, sykri og stundum fleiri bragðefnum en japanskar fjöl-

skyldur eru hver með sína eigin sérblandaða hrísgrjónasósu. Síðasta ráðið er að setja vitawrap filmu á milli þarans og mottunnar sem notuð er til að rúlla upp sushiinu. Þetta er trikk sem ég sá í japönsku eldhúsi og kemur í veg fyrir að safinn úr hrísgrjónunum bleyti allt saman.“

Egill valdi uppskrift til að deila með lesendum og er það uppskrift að fljótlegum fiskirétti sem hann bjó til nýlega. hilda@frettabladid.is

„QUICK AND EASY“ -FISKRÉTTUR FYRIR TVÖ

Ýsa fyrir tvo
(má vera annar fiskur)
300 gr rjómaostur
1 1/2 bolli af mjólk
(má vera matreiðslurjómi)
1/2 tsk. af „Best á lambið“
-kryddi
1/2 tsk. af Maldon salti
2 tsk. Óskars kjúklingakraftur
1 tsk. Heintz
Worchestershire-sósa
2 tsk. af Tamara soja-sósu
tveir bollar af hrísgrjónum
alls kyns grænmeti

ADFERD:

Hrísgrjónin eru soðin. Rjómaosturinn er bræddur við vægan hita. Mjólkinni er hellt úti ásamt soja- og Worchestershire-sósunum. Kryddin og saltið sett út í. Í raun má nota hvaða krydd sem er, eftir smekk. Kjúklingakrafti er síðan bætt út í sósuna.

Um helmingur af hrísgrjónunum er settur í botninn á eldföstu móti og fiskbitarnir settir ofan á. Svo er restinni af hrísgrjónunum hellt yfir og grænmeti (má vera frosið) sett yfir. Sósunni er síðan hellt yfir og stungið í gegn með gaffli svo sósan dreifi sér niður á við. Gott er að setja rifinn ost ofan á. Bakað í þrjátíu mínútur við 200° hita.

oasis
KRINGLAN | SMÁRALIND | DEBENHAMS
www.oasis-stores.com

ÚTSALA

30-70%
AFSLÁTTUR

Verðsprenngja

sparið allt að 10.000 kr.



TILBOÐ
39.999 kr
Verð áður 49.999

PÚ SPARAR
10.000 kr



PÚ SPARAR
3.000 kr

SHIMANO

TILBOÐ
14.999 kr
Verð áður 17.999

20" Nitro

PÚ SPARAR
3.000 kr

SHIMANO

TILBOÐ
14.999 kr
Verð áður 17.999

20" Rider

PÚ SPARAR
5.000 kr

SHIMANO

TILBOÐ
24.999 kr
Verð áður 29.999

20" Free Style

PÚ SPARAR
4.000 kr

SHIMANO

TILBOÐ
23.999 kr
Verð áður 27.999

24" White Pearl

PÚ SPARAR
4.000 kr

SHIMANO

TILBOÐ
23.999 kr
Verð áður 27.999

24" Extreme

PÚ SPARAR
6.000 kr

SHIMANO

TILBOÐ
23.999 kr
Verð áður 29.999

28" Gentleman

PÚ SPARAR
5.000 kr

SHIMANO

TILBOÐ
24.999 kr
Verð áður 29.999

26" City Racer

PÚ SPARAR
5.000 kr

SHIMANO

TILBOÐ
24.999 kr
Verð áður 29.999

26" City Cruiser

PÚ SPARAR
5.000 kr

SHIMANO

TILBOÐ
34.999 kr
Verð áður 39.999

26" Cross Rider

Gildir til 1. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

Kim Larsen væntanlegur til Íslands

Danski tónlistarmaðurinn Kim Larsen og hljómsveit hans Kjukken heldur tónleika í Vodafonehöllinni hinn 24. nóvember.

Hljómsveitin hefur verið á tónleikaferð um Danmörku og í haust ætlar hún að ferðast um hin Norðurlöndin. Verða lokatónleikar hennar á Íslandi.

Í Vodafonehöllinni, sem er nafnið á nýja Valsheimilinu, verður hægt að selja bæði í sæti og stæði. Þykir hljómburðurinn þar betri en gengur og gerist í íþróttahúsum hérlandis, að sögn skipuleggjenda tónleika Kim Larsen.

Nýjasta plata Kim Larsen og Kjukken, Gammel hankat, kom út fyrir síðustu jól. Hefur hún fengið mjög góða dóma, þar á meðal fimm

stjörnur í Ekstra Bladet, BT, Jyllands Posten, MetroXpress, Politiken og Urban.

Kim Larsen, sem kom síðast til Íslands fyrir tveimur árum, þykir í feiknaformi um þessar mundir en síðastliðin fimm ár hefur hann gefið út fjórar plötur sem hafa selst afar vel.

Víst er að koma hans hingað til lands á eftir að vekja mikla eftirtekt enda á hann hér traustan aðdáendahóp. Miðasala verður meðal annars á Mið.is og verður hún auglýst síðar.

KIM LARSEN Larsen spilaði á tvennum tónleikum á Nasa fyrir tveimur árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



BON JOVI Hljómsveitin Bon Jovi nýtur mikilla vinsælda í Bandaríkjunum.

Bon Jovi snýr aftur

Hljómsveitin Bon Jovi er komin á topp bandaríska Billboard-vinsældalistans í fyrsta sinn síðan 1988, eða í nítján ár. Nýjasta plata sveitarinnar, Lost Highway, seldist í tæpum 290 þúsund eintökum sína fyrstu viku á lista. Frá því mælingar hófust árið 1991 hefur sveitin aldrei selt jafnmikið í fyrstu vikunni í heimalandi sínu.

Tvær aðrar plötur Bon Jovi hafa komist á toppinn. Fyrst var það Slippery When Wet árið 1987 og ári síðar fór New Jersey sömu leið.

Góð endurkoma The Rapture

Bandaríska danspönksveitin The Rapture hélt afar vel heppnaða tónleika á Nasa á þriðjudagskvöld. Strákarnir í Motion Boys sáu um að hita fólk upp og stóðu sig einnig með þrýði.

Mjög góð stemning var á Nasa og hvað eftir annað stigu tónleikagestir trylltan dans við tóna stuðboltanna í The Rapture. Hljómsveitin kom síðast hingað til lands fyrir fimm árum þegar hún spilaði á Iceland Airwaves-hátíðinni við mjög góðar undirtektir. The Rapture er á tónleikaferð um heiminn til að kynna sína þriðju plötu, Pieces of the People We Love. Hefur lagið Get Myself Into It, sem er að finna á plötunni, notið mikilla vinsælda að undanfögnu. Lögin Who! Alright-Yeah ... Uh huh og Pieces of the People We Love hafa einnig hljómað ótt og títt á útvarpsstöðvum landsins sem og á dansgölfum skemmtistaða höfuðborgarinnar.

Sjá gagnrýni á næstu opnu



THE RAPTURE Bandarísku danspönkarnir í The Rapture héldu uppi góðri stemningu á Nasa.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



ELLI OG ÁSA Elli úr hljómsveitinni Jeff Who? og kærasta hans Ása Ottesen fylgdust með The Rapture.



SAMAN Á TÓNLEIKUM Vinkonurnar Anna Margrét og Heiðrún létu sig ekki vanta á tónleikana.

ÚTSALA
40-90%
afsláttur

TOPSHOP

Minnisvarði um Lennon og George

Minnisvarði um Bítlanu fyrrverandi, John Lennon og George Harrison, var afhjúpaður í Las Vegas vegna framlags þeirra til söngleikjarins Love sem hefur notið mikilla vinsælda í flutningi Cirque du Soleil.

Viðstödd athöfnina voru fyrrum félagar þeirra, Sir Paul McCartney og Ringo Starr, ásamt ekkjunum Yoko Ono og Olivia Harrison. Love-verkefnið, sem gat af sér „nýja“ Bítla plötu á síðasta ári, hófst í framhaldi af venskap George Harrison og stofnanda Cirque du Soleil, Guy Laliberté.

„Það er frábært að afhjúpa þennan minnisvarða því strákarnir eru ekki hér og sýningin hefur verið gríðarlega vinsæl,“ sagði McCartney. „Þeir voru frábærir náungar og það er heiður að afhjúpa þennan



SAMAN Í VEGAS McCartney, Yoko Ono, Oliva Harrison og Ringo Starr þegar minnisvarðinn var afhjúpaður í Las Vegas.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

varða til minningar um þá.“

Eitt ár er liðið síðan Love-söngleikurinn hóf göngu sína og fjórtíu ár eru jafnframt liðin síðan platan Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band kom út.

Mikill áhugi á Toto

Miðasala á tónleika bandarísku hljómsveitarinnar Toto í Laugardalshöll 10. júlí gengur vel. Uppselst er í stúku og innan við þúsund miðar eru eftir í stæði.

„Þeir koma hingað 8. júlí og fara þann 11. Einhverjir ætla að vera eftir og skoða landið og íslenskt næturlíf. Þetta verður alls um tutugu manna hópur,“ segir Björgvin Rúnarsson hjá 2B Company, sem flytur sveitina til landsins. „Við sáum þá spila í Amsterdam um daginn og þeir komu okkur gríðarlega á óvart.“ Spilaði Toto órafmagnað í hálf tíma á tónleikum um við frábærar undirtektir.

Toto á þrjátíu ára feril að baki og hefur selt yfir 25 milljónir




TOTO Hljómsveitin Toto heldur tónleika í Laugardalshöll 10. júlí.


plata. Frægðarsól sveitarinnar skein hæst á níunda áratugnum. Á meðal frægustu laga hennar eru Hold the Line, Rosanna, Africa og Georgy Porgy. Miðaverð á tónleikana í Höllinni er 5.300 krónur.

POPP OG KÓK

OG NÝJUSTU MYNDIRNAR



100% ÖRYGGI
EF HÚN ER EKKI INNI PÁ FÆRÐU HANA FRÍA*



100% ÖRYGGI
EF HÚN ER EKKI INNI PÁ FÆRÐU HANA FRÍA*



TILBOÐ 28. JÚNÍ - 9. JÚLÍ
NÝ MYND + ELDRI
+ POPP + 2L. COKE
790 KR.

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

*EF MYNDIN MUSIC AND LYRICS Eða DREAMGIRLS ER EKKI INNI PÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆSTÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100% KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAD ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

TILBOÐID GILDIR 28. JÚNÍ - 9. JÚLÍ UM ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING - MED FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.

www.SAMbio.is t 575 8900 midi.is

SHREK, Flóna, Stígvélaði kötturinn og Asninn eru mætt aftur í skemmtilegasta ævintýri allra tíma

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS

DOLBY DIGITAL

SHREK THE THIRD

OCEAN'S THIRTEEN

CODE NAME THE CLEANER

ÁLFABAKKA

SHREK 3 M/- Ensku TAL	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	L	OCEAN'S 13 VIP	kl. 5:30	
SHREK 3 VIP	kl. 8 - 10:10		PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 6 - 8 - 10	10
SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 4 - 6	L	ZODIAC	kl. 6 - 9	16
OCEAN'S 13	kl. 5:30 - 8 - 10:30	7	ROBINSON... M/- ISL TAL	kl. 4	L

KRINGLUNNI

SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL	kl. 8:15 - 10:20	L	SHREK 3 M/- Ensku TAL	kl. 6	L
SHREK 3 M/- ISL TAL DIGITAL	kl. 4:15 - 6:15	L	SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 6	L
CODE NAME CLEANER	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	10	OCEAN'S 13	kl. 8	7
OCEAN'S 13 DIGITAL	kl. 8 - 10:30	7			
PIRATES 3 DIGITAL	kl. 5	10			

AKUREYRI

SHREK 3 M/- Ensku TAL	kl. 6	L			
SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 6	L			
OCEAN'S 13	kl. 8	7			

KEFLAVÍK

SHREK THE THIRD	kl. 8	L			
DIE HARD 4	kl. 8 - 10:30	L			
HOSTEL 2	kl. 10	16			

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS
ER STAÐSETTUR Í SAMBIOJUNUM ÁLFABAKKA

Syngja fyrir umhverfið

Umhverfisverndarsamtökin Saving Iceland standa fyrir stórtónleikum á Nasa til styrktar ráðstefnu um umhverfisvernd í byrjun næstu viku. Meðal þeirra sem koma fram eru múm, Rúnar Júlíusson og Bogomil Font.



STYRKARTÓNLEIKAR Jason Slade er einn skipuleggjandi styrktartónleika umhverfisverndarsamtakanna Saving Iceland.

„Við viljum vekja athygli á því að þó að Kárahnjúkavirkjun sé komin í gagn er hellingur af nýjum virkjunum á teiknborðinu. Bara í síðustu viku var talað um fjóra eða fimm mögulega staði fyrir ný álver,“ segir Jason Slade, einn skipuleggjandi tónleikanna, sem vonast til þess að tónleikarnir verði til þess að fá fleiri til að taka þátt í baráttunni fyrir náttúru Íslands.

Meðal þeirra sem koma fram á tónleikunum á mánudagskvöld eru Rúnar Júlíusson, múm, Reykjavík!, Skátar, Ólöf Arnalds, Magga Stína og Evil Madness.

Tónleikarnir eru haldnir til að styrkja ráðstefnuna Náttúran – Áhrif stóriðju og stórstíflna sem verður haldin á Hótel Hlíð í Ólfusi 7.-8. júlí. Aðgangur á ráðstefnuna er ókeypis.

„Það koma hingað fyrirlesarar frá fimm heimsálfum og tólf löndum sem hafa verið að mótmæla framkvæmdum Alcan og Alcoa í

sínum heimalöndum,“ segir Sigurður Harðarson, betur þekktur sem Siggí pönk, annar skipuleggjandi tónleikanna. „Við erum að halda þessa ráðstefnu til að grasrótarhóparnir hér heima fái tengingu við það sem er að gerast úti í heimi. Þetta er alþjóðleg barátta sem við stöndum í.“

Auk erlendu ráðstefnugestanna munu Andri Snær Magnason, Guð-

bergur Bergsson, Ómar Ragnars-son og margir fleiri halda fyrirlestra.

Tónleikarnir á Nasa á mánudaginn hefjast kl. 20 og húsið opnað hálf tíma áður. Aðgangseyrir er 2.500 kr. og allir listamennirnir sem koma fram gefa vinnu sína.

Allar nánari upplýsingar má finna á vef samtakanna www.savingiceland.org. jara@frettabladid.is

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ

BRUCE WILLIS DIE HARD 4.0

LAUGARÁSBÍÓ - SYNINGARTÍMAR

DIE HARD 4.0	kl. 4.30, 7.30 og 10-POWER	14
SHREK 3 enskt tal	kl. 4, 6, 8 og 10	L
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 3.50, 5.40 og 8	L
FANTASTIC FOUR 2	kl. 10	L

www.laugarasbio.is

Allt á suðupunkti á Nasa

Það voru nýstirnin í hljómsveitinni Motion Boys sem hituðu upp fyrir The Rapture á Nasa á þriðjudagskvöldi. Motion Boys er mikið hampað þessa dagana og þess vegna gaman að fá tækifæri til að sjá hvernig sveitin spjarar sig á tónleikum. Þeir Birgir Ísleifur og Árni Plúseinn mættu með þrjá hljóðfæraleikara með sér og fengu frábærar viðtökur strax frá fyrsta hljómi. Þeir virka vel sem tónleikaband þó að þessi fimm lög sem þeir tóku hafi verið misgóð. Nýja lagið sem þeir spiluðu, Steal Your Love, er mjög flott (ekki síst byrjunin) og slagarinn Hold Me Close To Your Heart er ennþá kraftmeiri og flottari á tónleikum heldur en í útvarpinu. Það er of snemmt að kveða upp einhverja stóra dóma, en þetta er sveit sem lofar góðu.

Þegar The Rapture steig á svið nokkru seinna var orðið þægilega fullt í salnum. Það kom mér reyndar á óvart að það skyldi ekki vera löngu uppselt á þessa tónleika, bæði vegna þess hvað frammistaða þeirra á Airwaves fyrir fimm árum þótti mögnuð og vegna þess að The Rapture er af mörgum talin ein af skemmtilegustu tónleikasveitunum í dag. Ég var á Gauknum 2002 og steinla fyrir bandinu þá þannig að ég

mætti á Nasa með miklar væntingar. The Rapture stóð undir þeim næstum því öllum.

Þeir byrjuðu á laginu Out Of The Races af samnefndri EP-plötu, tóku svo Down For So Long og Get Myself Into It af nýju plötu og fóru svo yfir í Sister Saviour af Echoes. Hörkubyrjun og strax komin mikil stemning í salinn. Það sem gerir The Rapture að svona skemmtilegri tónleikasveit er auðvitað hvað þetta er taktglöð og stuðvekjandi tónlist, en líka hvað hún er einföld og hrá og hvað meðlimir sveitarinnar leggja mikið í að gera tónleikana lifandi. Þeir eru á þeytingi um sviðið og passa sig að vanda sig ekki allt of mikið í spilamennskunni. Ryþmaparið Vito og Mattie er frábært og Luke er mjög ryþmískur og skemmtilegur gítarleikari. Svo er Gabriel líka ómissandi hvort sem hann handleikur saxófóninn eða kúabjölluna. The Rapture tók flest af sínum þekktustu lögum á tónleikunum og hápunktarnir voru margir, t.d. lögin Whoo! Alright Yeah, House Of Jealous Lovers og Echoes. Eftir tólf lög hurfu þeir af sviðinu, en komu svo aftur og tóku Don Gon Do It og Olio. Þó að þetta hafi bara verið þriðjudagskvöld þá var allt á suðupunkti við sviðið



TÓNLEIKAR

The Rapture

Nasa 26. júní

★★★★★

Hljómsveitin The Rapture stóð undir þeim miklu væntingum sem gerðar voru til hennar á frábærum tónleikum á Nasa á þriðjudagskvöldi.

og Luke tók sig til og skutlaði sér út í áhorfendaskarann við mikinn fögnuð. Það eina sem ég saknaði var að þeir skyldu ekki hafa tekið lagið First Gear sem er mitt uppáhalds Rapture-lag þessa dagana. Fyrir utan það var þetta fullkomið.

Trausti Júlíusson

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSRUMSÝNING!

JOHN MCCLANE ER MÆTTUR AFTUR!

ÞORIR ÞÚ AÐ MÆTA?

DIE HARD 4.0

Coca-Cola zero YIPPEE KI YAY 14 LÚXUS

SHREK HINN ÞRIÐJI

PREMONITION

MARTRÖÐ EÐA RAUNVERULEIKI?

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

DIE HARD 4.0	kl. 5 - 8 - 10:45	14
DIE HARD 4.0 LÚXUS	kl. 5 - 8 - 10:45	
SHREK THE THIRD	kl. 3 - 5 - 7 - 9:10 - 11:10	
SHREK HINN ÞRIÐJI (ÍSL. TAL)	kl. 3 - 5 - 7	
FANTASTIC FOUR 2	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	
HOSTEL 2	kl. 9	18
THE LAST MINZY	kl. 3	

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

DIE HARD 4.0	kl. 5.40 - 8:20 - 11	14
PREMONITION	kl. 5.45 - 8 - 10:15	12
FANTASTIC FOUR 2	kl. 6 - 8:20 - 10:30	
THE HOAX	kl. 5:30 - 8	12
28 WEEKS LATER	kl. 10:30	16

450 kr. í bíó!

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

DIE HARD 4.0	kl. 5:15 - 8 - 10:45	14
PREMONITION	kl. 5:45 - 8 - 10:15	12
FANTASTIC FOUR 2	kl. 6 - 8 - 10	
HOSTEL 2	kl. 8 - 10	18
THE LIVES OF OTHERS	kl. 5:30	14

REGNBÖGINN SÍMI 462 3500

DIE HARD 4.0	kl. 5.40 - 8 - 10:20	14
PREMONITION	kl. 8 - 10	12
FANTASTIC FOUR 2	kl. 6	

MIDASALA Á **mid.is** BÍÓ,IS

BÍÓKORT

Leggðu launin þín inn á unglingareikning Kaupþings og fáðu BÍÓKORT. Nafnið þitt fer líka í pott og þú gætir unnið einhvern af þessum glæsilegu vinningum:

1. TIVOLI iYYI
2. Sony Ericsson W810i
3. 25.000 kr. gjafabréf í Kringluna

KAUPPING

Kenya stígur á svið

Íslenska söngkonan Kenya heldur sína fyrstu sólótonleika á Gauki á Stöng í kvöld. Lag hennar, Hot Dancing, hefur verið spilað talsvert það sem af er sumri og kemur það út á stuttplötu í haust.

Mikið er lagt í gerð stuttplötunnar og spila margir af færustu tónlistarmönnum landsins á henni. Bandarísku upptökustjórnarnir Jason Harden og Pismo, sem hefur unnið með Wu-Tang Clan, stjórnðu upptökum sem fóru fram í Stúdíó Sýrlandi og Manhattan Center Studios í New York. James „Bonzi“ Caruso, sem vann Grammy-verðlaun fyrir starf sitt með Damiön Marley, og Valgeir Sigurðsson hljóðblönduðu lögin á plötunni. „Ég sem textana og langflest lögin í samvinnu við báða „pródúserana“,“



KENYA Heldur sína fyrstu sólótonleika á Gauknum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

segir Kenya, sem hlakkar mikið til tónleikanna á Gauknum. Von er á góðum gestum utan úr heimi á tónleikana, þar á meðal áður nefndum Pismo. Húsið verður opnað kl. 20.00 og stígur Kenya á svið fljótlega eftir það. - fb



FRÉTTIR AF FÓLKI



Bitillinn fyrrverandi, **Sir Paul McCartney**, hélt ókeypis tónleika í plötu-búð í Los Angeles í gær. Aðeins 300 manns sáu tónleikana en mörg hundruð manns höfðu safnast saman fyrir utan búðina í von um að berja goðið augum. Sumir

þeirra höfðu beðið í tvo daga og sögðu þeir það alveg þess virði. „Tónlist hans snertir sál mína og fær mig til að brosa,“ sagði einn aðdáandinn.

Leikkonan **Portia de Rossi** leikur lesbíu í fimmtu þáttaröð Nip/Tick sem verður sýnd í Bandaríkjunum á næstunni. Rossi ættri að ráða við hlutverkið, því kærasta hennar er spjallþáttstjórnandinn og leikkonan **Ellen DeGeneres**. Margir muna eftir Rossi í hlutverki harðskeytts lögfræðings í þáttunum Ally McBeal.



Söng- og leikkonurnar **Beyoncé Knowles** og **Jennifer Hudson** fengu tvönn verðlaun hvor á bandarísku BET-verðlaunahátíðinni, sem eru afhent þeldökku fólki úr skemmtanabransanum. **Forest Whitaker** var kjörinn besti leikarinn og **Diana Ross** hlaut viðurkenningu fyrir æviframlag sitt til tónlistarheimsins.

Rokkduettinn The White Stripes fór beint á toppinn á breska vinsældalistanum með nýjstu plötu sína Icky Thump. Þetta er betri árangur en þau **Jack White** og **Meg White** náðu með síðustu plötu sinni, Get Behind Me Satan, því hún komst hæst í þriðja sætið á listanum. Síðast fór The White Stripes beint á toppinn í Bretlandi með plötunni Elephant sem kom út fyrir fjórum árum. Safnplata The Traveling Wilburys, sem var í fyrsta sæti í síðustu viku, datt niður í annað sætið. Í því þriðja lenti

Enrique Inglesias með plötu sína In-somniac.



FÆRIR SUMARIÐ ÞÉR SPENNANDI HLUTI?

Taktu þátt í sumarleik Klassa og þú gætir unnið það sem þú óskar þér. Leikurinn er fyrir ungt fólk á vinnu-skólaaldri.

- Kiktu á klassi.is og skráðu þig til leiks.
- Skoðaðu hlutina sem eru í boði og veldu þrjá.
- Leggðu sumarlaunin þín inn á Landsbankareikninginn og sparaðu fyrir hlutunum. Í hvert sinn sem þú leggur inn á reikninginn getur þú valið milli fjölda veglegra Klassagjafa.

Í lok sumars verða 10 Klassafélagar sem hafa náð settu markmiði og sparað fyrir hlutunum sem þeir völdu, dregnir út og fá hlutina gefins frá Landsbankanum.



> Garðar skoraði í Svíþjóð

Þrjú Íslendingalið voru í eldlinunni í Svíþjóð í gær. Í efstu deild karla vann Hammarby 3-1 sigur á IFK Gautaborg en hvorki Gunnar Þór Gunnarsson né Heiðar Geir Júlíusson komu við sögu hjá Hammarby að þessu sinni. Norrköping vann Örgryte í sænsku 1. deildinni með sömu markatölu, 3-1. Garðar Bergmann Gunnlaugsson skoraði annað mark Norrköping úr vítaspurni. Stefán Þórðarson var í byrjunarliði liðsins en var skipt útaf á 74. mínútu. Þá vann kvennalið Malmö 2-0 heimasigur á Bällinge. Dóra Stefánsdóttir var í byrjunarliði Malmö en var skipt útaf í síðari hálfleik. Ásthildur Helgadóttir lék ekki með vegna meiðsla.



sport
sport@frettabladid.is

Ólafur Þórðarson: Mætir Teiti Bróður sínum þegar Fram og KR spila í kvöld

Ég hef ekki efni á því að gera Teiti nokkurn greiða

Ólafur Þórðarson fer með lærisveina sína í Fram í Frostaskjólíð í kvöld þar sem KR er gestgjafinn. Ólafur mun þar kljást við bróður sinn Teit en þrátt fyrir marga bræður í íslenskum fót-bolta og háan aldur þessara tveggja elstu knattspyrnu liða landsins er þetta í fyrsta sinn sem bræður þjálfá þessi lið og stýra þeim í innbyrðis-viðureign í efstu deild karla.


Þó að KR sitji eitt á botninum með eitt stig eftir sjö leiki, og engan unninn leik, ætlar Ólafur ekki að gera bróður sínum nokkurn greiða. „Ég hef ekki efni á því að gera honum nokkurn greiða. Það er auðvitað sérstakt að mæta bróður mínum en þetta er auðvitað bara einn leikur í deildinni. Við tökum þessu eins og hverjum öðrum leik,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær.

„KR-ingar eru upp við vegg og verða að fara að ná í stig og þeir sjá sjálfsagt fram á góðan möguleika á því á morg-

un. Okkur veitir aftur á móti ekkert af stigunum heldur,“ sagði Ólafur en Fram hefur fimm stig í níunda sætinu.

Með sigri í kvöld er KR sjö stigum frá næstu liðum og staða félagsins enn svartari en hún er. „Svona er lífið í boltanum. Ég hef alveg samvisku í að vinna Teit. Þetta snýst um það verkefni sem ég er með í höndunum og það er að festa Fram í sessi í efstu deild. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er leikur upp á líf og dauða,“ sagði Ólafur, sem er á því að það hefði kannski verið betra að mæta KR á öðrum tímamarki og með öðrum forsendum.

„Það er vont að mæta liðum sem hafa ekki unnið leik í deildinni, það segir sig sjálf. Það hefði líklega verið betra að mæta þeim á öðrum forsendum en það er ekkert spurt að því. Við verðum klárir í slaginn,“ sagði Ólafur Þórðarson.



4-1

Valur

FH

Laugardalsv., áhorf.: 1.592 Garðar Örn Hinriksson (8)

1-0 Guðmundur Benediktsson (13.)
2-0 Helgi Sigurðsson (20.)
3-0 Tommy Nielsen (35. - sjálfsmark)
3-1 Matthías Vilhjálmsson (47.)
4-1 Guðmundur Benediktsson (62.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark) 14-10 (6-5)
Varin skot Kjartan 4 - Daði 2
Horn 3-8
Aukaspurnur fengnar 15-20
Rangstöður 3-2

VALUR 4-4-2	FH 4-3-3
Kjartan Sturluson 5	Daði Lárusson 3
Birkir M. Sævarsson 7	Hjörtur Logi Valgarðs 3
Barry Smith 7	Tommy Nielsen 3
(54. Gunnar Einarsson 6)	Sverrir Garðarsson 4
Atli Sv. Þórarinnsson 7	Guðmundur Sævarss. 4
Rene Carlsen 7	David Þór Víðarsson 4
Baldur Bett 8	Ásgeir G. Ásgeirsson 6
(77. Sigurbjörn Hrei. -)	Dennis Siim 2
Baldur Aðalsteinsson 7	(57. Atli Guðnason 6)
Pálmi R. Pálmason 7	Matthías Guðmunds. 4
Hafþór Æ. Vilhjálmss. 7	Matthías Vilhjálmsson 5
*Guðmundur Bened. 8	Trygvi Guðmunds. 3
(71. Den. Mortensen -)	
Helgi Sigurðsson 8	

*Maður leiksins



1-0

Keflavík

Fylkir

Keflavíkuvöll, áhorf.: 1.350 Egill Már Markússon (6)

1-0 Símun Samuelsen (61.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark) 10-12 (5-6)
Varin skot Ómar 6 - Fjalar 4
Horn 4-1
Aukaspurnur fengnar 17-13
Rangstöður 4-2

KEFLAVÍK 4-4-2	FYLKIR 4-3-3
Ómar Jóhannsson 8	Fjalar Þorgeirsson 7
Guðjón Á. Antoníuss. 7	Guðni R. Helgason 6
*Hallgrímur Jónass. 8	Kristján Valdimarsson 6
Guðmundur Mete 7	David Hannah 7
Branislav Milicevic 7	Viðir Leifsson 6
Marco Kotilainen 7	Ólafur Ingi Stígsson 7
Jónas G. Sævarsson 6	(80. Páll Einarsson -)
Baldur Sigurðsson 6	Mads Beierholm 6
(80. Halldór Hillmison -)	
Símun Samuelsen 8	(80. Halldór Hillmison -)
Þórarinn Kristjánss. 5	Valur Fannar Gíslason 5
(46. Nic. Jørgensen 6)	Andrés M. Jóhanness. 4
Guðm. Steinarsson 6	(61. Haukur Guðnas. 5)
(90. Högni Helgason -)	Christian Christiansen 6
	Peter Gravesen 5

*Maður leiksins

LANDSBANKAEILDIN

STADAN:

1. FH	8	6	1	1	16-8	19
2. KEFLAVÍK	8	5	2	1	15-9	17
3. VALUR	8	4	3	1	15-9	15
4. ÍA	8	3	2	3	14-13	11
5. FYLKIR	8	3	2	3	7-8	11
6. BREIDABLIK	8	2	4	2	11-7	10
7. HK	8	3	1	4	5-12	10
8. VÍKINGUR	8	2	2	4	7-11	8
9. FRAM	7	1	2	4	8-12	5
10. KR	7	0	1	6	5-14	1

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar

Meistararnir kjöldregnir í Dalnum

Valsmenn kjöldrógu Íslandsmeistara FH á Laugardalsvelli í gær og unnu stórsigur, 4-1. Frábær fyrri hálfleikur skóp sigurinn en þá skoraði Valur þrjú mörk gegn engu frá FH.

FÓTBOLTI FH var búið að fá fjögur mörk á sig í Landsbankadeildinni áður en það mætti Val í gær. Þar var sá markafjöldi tvöfaldaður þegar frábært Valslið gjörsamlega yfirspilaði meistarana sem voru ekki nema skugginn af sjálfum sér. Þetta var fyrsta tap FH í sumari.

Fyrri hálfleikur var eins og í lygasögu og ég man ekki eftir að hafa séð FH-liðið kjöldregið á slík- an hátt í mörg ár. Valsmenn mættu gríðarlega grimmir til leiks og pressuðu FH-ingana stíft sem virtust engan veginn tilbúnir í alvöru átök.

Guðmundur Benediktsson kom Val yfir með ævintýralegu marki en Daði markvörður sparkaði boltanum beint í hann og í markið fór hann. Einstaklega klaufalegt. Aðeins sjö mínútur síðar skilaði Helgi frábærri stungusendingu Hafþórs Ægis í netið. Markið má rekja til mistaka Daða nokkru áður.

Áttu margir von á því að Valur myndi bakka í kjölfarið en því fór víðsfjarri því spólgráðir Valsmenn voru ekki búnir að fá nóg og héldu áfram að pressa FH-inga hátt á vellinum sem voru orðnir skíthræddir. Það var ekki heil brú í leik FH-liðsins í fyrri hálfleik og það kórónaðist á 35. mínútu þegar Tommy Nielsen skoraði sjálfsmark eftir sendingu Hafþórs Ægis í teiginn. 3-0 og þannig stóðu leikar í hálfleik. Ótrúleg staða.

FH-ingar hafa að vonum fengið fina yfirhalingu í hálfleik og það var allt annað að sjá til liðsins í upphafi síðari hálfleiks. Leikmenn voru grimmir á alla bolta



HVAR ER BOLTINN? Baldur Aðalsteinsson og Dennis Siim í skallaevingi með lokuð augun í Laugardalnum í gær. Guðmundur Benediktsson fylgdist spenntur með en hann skoraði tvö mörk í kvöld og stóð vel fyrir sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

og loksins tilbúnir í slaginn. Þeir uppskáru mark eftir rúma mínútu þegar Matthías skoraði með skoti utan teigs sem Kjartan hefði átt að verja.

Von fyrir FH-inga sem færðust allir í aukana. Þeir pressuðu nokkuð stíft á Valsmenn en allar vonir þeirra um stig í leiknum fuku út um gluggan þegar Guðmundur rak smíðshöggið á frábæra skyndisókn Valsmanna á 62. mínútu. Leikurinn róaðist nokkuð í kjölfarið og Valsmenn fögn-

uði innilega sætum sigri á Íslandsmeisturunum.

Leikurinn var upp á líf og dauða fyrir Valsmenn og það mátti sjá á leikmönnum liðsins. Þeir voru mikið meira en tilbúnir í leikinn strax frá fyrstu mínútu og uppskáru eins og þeir sáu. Will- um hefur smám saman verið að leita að réttu blöndunni hjá sér og hann virtist hafa fundið hana í gær þegar hann setti Baldur Bett á miðja miðjuna og færði nafna hans Aðalsteinsson út á kantinn.

Keflavík vann góðan 1-0 heimasigur á Fylki í miklum barningsleik suður með sjó í gær:

Keflvíkingar nálgast FH eftir dagnaðarsigur

FÓTBOLTI Keflavík gengur vel að halda pressunni á Íslandsmeisturum FH en í gær vann liðið góðan heimasigur á Fylki, 1-0. Bæði lið börðust gríðarlega mikið í leiknum sem var harður en samt ágætlega leikinn. Símun Samuelsen skoraði sigurmark Keflvíkinga.

Fyrri hálfleikur einkenndist af mikilli baráttu og löngum sendingum sem báru líftinn sem engan árangur. Keflvíkingum gekk þó betur að skila boltum á samherja án þess þó að það gæfi mikið af sér. Heimamenn fengu tvö ágæt færi í hálfleiknum en mikill vindur var í Keflavík sem gerði leikmönnum erfitt fyrir. Fylkismenn reyndu mikið að finna Christian Christiansen sem var ansi einmana í sókninni og varð fátt ágenst gegn öflugum varnarmönnum Keflavíkur.

Seinni hálfleikur var talsvert líflegri en sá fyrri. Liðin voru að spila boltanum mun betur á milli sín og gekk betur að skapa hættulegar sóknir. Guðni Rúnar Helgason átti bylmingsskot að marki snemma í hálfleiknum sem Ómar Jóhannsson varði vel í horn.

Á 61. mínútu komust Keflvíkingar í sókn. Hár bolti barst inn á vítateig Fylkis og skallaði Andrés Már Jóhannesson út beint fyrir fæturna á Jónasi Guðna Sævarssyni sem var á hættulegasta stað fyrir framan vítateiginn. Jónas vipaði boltanum yfir vörn Fylkis, Símun tímasetti hlaup sitt hárrétt og átti í engum vandræðum með að skora framhjá Fjalari í marki Fylkis.

Undir lok leiksins komst svo Símun aftur í gegn en í þetta sinn missti hann boltanum of langt frá sér og Fjalar bjargaði málinum. Fleiri urðu færin ekki þrátt fyrir ágang gestanna undir lok leiksins og Keflavík fagnaði mikilvægum sigri.

„Þetta var erfiður leikur og aðstæður gerðu okkur erfitt fyrir. Það sem var að hjá okkur var að fyrst og fremst gáfum við slæmar sendingar en þegar þær tókust tókum við rangar ákvarðanir. Það var samt alveg frábært að ná þremur stigum og halda auk þess hreinu. Algjör snilld,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, eftir leik. „Nú höldum við ótrauðir áfram á sömu braut.“



MARKASKORARINN Símun Samuelsen reynir hér fyrirgjöf í leiknum í gær sem gestirnir verjast fimlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

„Við vorum bara ekki nógu góðir og gáfum þeim ódyrt mark,“ sagði Valur Fannar Gíslason, leikmaður Fylkis. „Við gáfum þeim ekki mikið fyrir utan markið en sköp-

uðum lítið sjálfir. Það var járn í járn í kvöld og fannst mér vera jafnteflisbragur á leiknum. En þeir voru nógu góðir til að skora eitt hér í kvöld.“

- esá

Íþróttafélagið Valur og Vodafone gera risastóran fimm ára samstarfssamning:

Vodafone-mannvirki Vals

ÍPRÓTTIR Valur kynnti í gær nýjan fimm ára styrktarsamning við Vodafone. Samingurinn felur það meðal annars í sér að íþróttamannvirki Vals munu bera nafn



ÍPRÓTTAHÚSÍÐ Nýja húsið er glæsilegt.

Vodafone næstu árin. Íþróttahúsið mun því heita Vodafone-höllin og knattspyrnuvöllurinn mun heita Vodafone-völlurinn að Hlíðarenda. Verðmæti samningsins er ekki gefið upp en hann er augljóslega mjög stór og mun Valur beina öllum sínum viðskiptum til fyrir-tækisins.

Það eru ekki mörg íþróttamannvirki á Íslandi sem bera nafn styrktaraðila en það hefur færst mjög í vöxt erlendis. Hérlendis eru það Egilshöllin og DHL-höllin vestur í bæ sem bera nafn styrktaraðila.

Vígsludagur mannvirkjananna

verður 25. ágúst og er óhætt að segja að þau séu með þeim glæsilegri á landinu. Ný 1.500 manna stúka er við knattspyrnuvöllinn og álíka stúka mun rísa hinum megin vallarins innan fárra ára. Mun sú stúka liggja upp við enda knatt-húss en hin stúkan liggur upp að hlið íþróttahússins.

Íþróttahúsið tekur 1.300 manns í sæti og svo verður einnig hægt að standa fyrir aftan stúkuna. Stúkan nær allan hringinn sem er nýlunda hér á landi en góð stemning á að geta náðst í slíku húsi. Valur mun leika þar í meistaradeildinni næsta vetur.

- hbg



GLÆSILEG STÚKA Svona mun Vodafone-völlurinn að Hlíðarenda að öllum líkindum líta út. Að innan er svo íþróttahúsið sem heitir Vodafone-höllin.



BJARNI Var hress og kátur þótt þurft hafi að sauma hann saman.

Bjarni Þórður Halldórsson: Heill heilsu eftir slæmt samstuð

FÓTBOLTI Bjarni Þórður Halldórsson stendur að öllu óbreyttu í Víkingsmarkinu gegn FH hinn 3. júlí. Bjarni lenti í samstuði við Helga Pétur Magnússon, leikmann ÍA, í Landsbankadeildinni á þriðjudaginn og fékk djúpan skurð á höfuðið.

„Ég held að ég hafi skallað hann og áður en ég vissi lá ég á jörðinni og blóðið gusaðist yfir mig. Það kom læknir þarna sem var hræddur um að einhver æð hefði rifnað, í það minnsta gusaðist blóðið úr sárinu við hvern hjartslátt,“ sagði Bjarni.

Handklæði var vafið um höfuð Bjarna sem beið svo í eina og hálfu klukkustund eftir því að komast inn til aðhlynningar. „Það voru saumuð átta spor eftir að krukkað var í sárinu en ég missti ekki svo mikið blóð,“ sagði Bjarni sem mun æfa með Víkingum í dag.

- hph

Peter Hill-Wood:

Bjartsýnn á að halda Wenger

FÓTBOLTI Peter Hill-Wood, stjórnarformaður Arsenal, er bjartsýnn á að halda stjóranum Arsene Wenger hjá félaginu þó svo Thierry Henry sé farinn til Barcelona.

Wenger á ár eftir af samningi sínum við Arsenal og Henry sagði að ein ástæðan fyrir flutningnum til Spánar væri óvissan með framtíð Wengers.

„Ég hef ekki miklar áhyggjur af ummælum Henrys. Við teljum ekki að brottför Henrys sé tengd samningamálum Wengers. Það var bara afsökun hjá honum. Ég er mjög bjartsýnn á að Wenger framlengi samningi sínum við okkur,“ sagði Hill-Wood.

- hbg



8% fin hugmynd

92% guðdómlegt bragð



100% djöflaterta

Kökurit 2: Eilíft líf samkvæmt Betty Crocker.
Bara ef lífið væri svona einfalt.



TORRES Er alinn upp hjá Atletico og er í guðatölu hjá stuðningsmönnum félagsins. NORDICPHOTOS/AFP

Liverpool vill Fernando Torres: Viðræður við Atletico hafnar

FÓTBOLTI Liverpool hefur hafið samningaviðræður við Atletico Madrid um kaup á framherjanum Fernando Torres. Klásúla í samningi hans segir að bjóði félag 27 milljónir punda megi Atletico ekki neita því, en þá upphæð er Liverpool ekki tilbúið að borga. Spænska félagið ýjaði þó að því í gær að Torres færi en viðræðurnar eru enn á viðkvæmu stigi. - hph

Leikmaður Fredrikstad: Fékk þrjú rauð á fjórum dögum

FÓTBOLTI Knattspyrnumaðurinn Agim Shabani, félagi Garðars Jóhannssonar hjá norska úrvalsdeildarliðinu Fredrikstad, vann það afrek í vikunni að fá þrjú rauð spjöld á aðeins fjórum dögum. Það er líklega heimst. Á sunnudag fékk hann beint rautt í leik gegn Strömmsgodset í deildinni. Degi síðar lék hann með varaliðinu í norsku 2. deildinni og fékk hann rautt þar líka. Það var svo í bikarnum í gærkvöldi, er Fredrikstad lék gegn Nybergsund, að hann fékk sitt þriðja rauða spjald á fjórum dögum. - esá

Guðjón og Fréttablaðið: Málið útkljáð

FÓTBOLTI Eins og lesa mátti í umsógn um leik Víkings og ÍA varð leiðinleg uppákoma eftir leikinn í samskiptum Fréttablaðsins og Guðjóns Þórðarsonar, þjálfara ÍA. Að gefnu tilefni er rétt að taka fram að Fréttablaðið og Guðjón fóru yfir málið í gær, útkljáðu það og náðu sáttum. Verða því ekki frekari eftirmál af atvikinu. Samskipti Fréttablaðsins og Guðjóns verða því áfram á þeim góðu og jákvæðu nótum sem þau hafa verið hingað til. - hbq

Ég elska að keppa og elska að vinna

Nico Rosberg var staddur hér á landi fyrr í vikunni og veitti Fréttablaðinu stutt viðtal um lífið í Formúlunni. Hann segist ánægður með byrjunina á tímabilinu og stefnir á að halda áfram á sömu braut.

FORMÚLA 1 Ökuþórinn Nico Rosberg var staddur hér á landi í vikunni í tengslum við Formúlu 1-dag sem haldinn var í Smáralind. Þar ók hann keppnisbifreið Williams nokkra hringi fyrir áhorfendur sem kunnu vel að meta það. Hann veitti Fréttablaðinu einnig viðtal þar sem hann ræddi um íþróttina, fæður sinn og áhuga sinn á fótbolta.

„Þabbi minn elskar kappakstur. Það var að hans frumkvæði að ég fór í þessa íþrótt. Hann hefur ávallt verið til staðar fyrir mig og hefur hjálpað mér mikið frá upphafi,“ sagði Rosberg spurður um fæður sinn. Sá heitir Keke Rosberg og varð meistari í Formúlu 1 árið 1982. Þá ók hann einnig fyrir Williams. Premur árum síðar fæddist Nico.

„Þabbi hefur enn í dag mikla ástríðu fyrir kappakstri. Mín ástríða er þó meira almenns eðlis. Ég elska að keppa og elska að sigra. Ástæðan fyrir því að ég er í Formúlunni í dag er að ég tel það mikla áskorun að keyra Formúlu 1-bíl. Það er gríðarlega mikið starf sem er unnið bak við tjöldin. Í verksmiðjunni starfa til að mynda 500 manns og vinna allir að því að gera þennan litla bíl eins hraðskreiðan og mögulegt er. Þetta er afar áhugavert starf.“



GAF SÉR TÍMA Rosberg veitti sér nægan tíma til að gefa áhugasömum eiginhandararitun. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Rosberg var nýliði í fyrra og byrjaði mjög vel. Hann varð í sjöunda sæti í sinni fyrstu keppni og náði til að mynda að setja hraðametið í þeirri keppni. Hann er enn í dag yngsti ökuþórinn frá upphafi sem hefur náð því. Þá sló hann fyrra metið sem sett var af Fernando Alonso.

En tímabilið í fyrra var á heildina lítið ekki gott. Hvorki fyrir hann né Williams. Nú hefur hann nýjan liðsfélag, Alexander Wurz, og nýja vél - Toyota í staðinn fyrir Cosworth.

„Ég vil ekki tala um Cosworth,“ sagði hann aðspurður um muninn á bílnum eftir að skipt var yfir í Toyota. „Toyota er með mjög góða vél. Hún er kannski ekki sú besta í keppninni en afar góð engu að síður,“ sagði hann og bætti svo við langri lofæðu um Toyota.

Hann segist ánægður með byrjunina á keppnistímabilinu. „Ég verð að horfa fyrst og fremst á minn persónulega árangur og hvernig mér gengur að aka bíl. Ég get ekki stjórnað öllu, til dæmis ef vélin bregst eða öryggisbíllinn kemur út en hann breytir keppninni mikið. Billinn er þó mikið bættur og er hraðskreiðari en í fyrra.“

Hann segir að sitt persónulega takmark fyrir tímabilið sé einfalt. „Við viljum halda áfram á sömu braut og helst ná í fleiri stig. Það er erfitt að komast í hóp sterkustu liðanna en við viljum vera í næststærsta hópnum.“

Þá segist hann einnig mikill áhugamaður um aðrar íþróttir. „Ég elska til dæmis fótbolta og tennis og upphaldsliðið mitt er Bayern München. Stundum getur þó verið erfitt að fara á leiki vegna anna en ég reyni að komast þegar ég fæ frí.“ eirikur@frettabladid.is



NICO ROSBERG Stoppaði á Íslandi í vikunni og skemmti áhorfendum í Smáralind. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



HÁVAÐINN MIKILL Áhorfendur í Smáralind fengu að upplifa alvöru formúlustemningu þegar Rosberg ók bíl sínum nokkra hringi á bílastæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Nico Rosberg um Viktor Þór Jensen:

Þarf stuðning frá Íslandi

FORMÚLA 1 Ökuþórinn Nico Rosberg vissi vel hver Viktor Þór Jensen væri þegar nafn hans bar á góma í viðtali Fréttablaðsins við Rosberg. „Ég hef heyrt af honum. Var það ekki hann sem ók fyrir Palmer Audi?“

Hann segir að Viktor eigi vissulega möguleika á að komast inn í Formúlu 1 einn daginn. „Ég þekki hann ekki það vel að ég viti hversu góður ökumaður hann er en ef Ísland mun standa vel við bakið á honum þá held ég að honum gæti vegnað vel.“

Hann segir að þeir sem eru efnilegir ökumenn og sérstakir í sinni grein fái sitt tækifæri. „Þetta er ekki spurning um heppi. Ef hann á tækifærið virkilega skilið þá fær hann það,“ sagði Rosberg.

Viktor keppir í Formúlu 3-mótaröðinni og vann fyrir fáeinum vikum sína fyrstu keppni. Hann er tveimur árum yngri en Rosberg og ef rétt er haldið á spilunum gætu hlutirnir gerst hratt fyrir Viktor. - esá

Vinnur þú ferð á Formúlu 1?

Félagið Shell er með áherslu á að tryggja með því Shell V-Power International ACS.

Er þú kaupir 25 lítra eða meira af Shell V-Power dagana 18. júní til 1. júlí færðu skafmiða sem gæti fært þér ferð fyrir tvo á Formúlu eitt kappaksturinn í Þýskalandi í júlí. Vildarvinir Shell eiga tvöfalda möguleika.

Shell V-Power

Made to move

Þriðja umferð norsku bikarkeppinnar:

Norsku bikarmeistararnir úr leik

FÓTBOLTI Fredrikstad datt í gær úr norsku bikarkeppninni en fjöldi leikja í þriðju umferð fór þá fram. Fredrikstad tapaði fyrir neðri-deildar liðinu Nybergsund, 2-1, á heimavelli. Garðar Jóhannsson var í byrjunarliði Fredrikstad og lék allan leikinn.

Brann vann 5-0 útisigur á Kopervik og lék Ólafur Örn Bjarnason allan leikinn fyrir Brann. Hvorki Ármann Smári Björnsson né Kristján Örn Sigurðsson voru í hópnum hjá Brann. Þá kom Jóhannes Harðarson ekki við sögu í 2-1 sigri Start á Manglerud Star.

Hannes Þ. Sigurðsson var einn Íslendinganna hjá Viking sem kom við sögu í sigri liðsins á Drøbak/Frogn, 2-0. Hannes var í byrjunarliði Viking.

Þá skoraði Haraldur Freyr Guðmundsson fyrra mark Álasunds í 2-0 sigri gegn Alta úr víti.

Í fyrrakvöld vann Vålerenga 4-1 sigur á Mo í fyrsta leik í þriðju



GARÐAR Náði ekki að setja mark sitt á leik Fredrikstad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

umferð bikarkeppinnar og lék Árni Gautur Arason allan leikinn í marki Vålerenga. - esá

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10:00-18:30 OG LAUGARDAGA FRÁ 11:00-16:00

SUMMAR TILBOÐ

Sjóðandi heit tilboð á tölvum og tölvubúnaði



GigaPod320

Glæsileg álhýsing frá Spire með 320GB Western Digital Special Edition harðdisk með 8MB flýtiminni. Mjög hljóðlát og áreiðanleg USB2 álhýsing.

- Glæsileg USB 2.0 álhýsing
- 320GB Western Digital harðdiskur
- Mjög hljóðlát hýsing
- Glæsileg hönnun og flott álhýsing
- Hvergi á betra verði!

9.990



320GB SPECIAL EDITION 16MB

Sarotech abigs margmiðlunarspilar með fjarstýringu, les og spilar flest alla staðla fyrir mynd og hljóð

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Glæsileg og falleg hönnun

23.900
14.900 án harðdisks



GIGABYTE 8600GT SKJÁKORT

Það nýjasta í skjákortum í dag! Ofur öflugt GeForce 8 8600GT skjákort með Silent Pipe2 kælitækni sem skilar kortinu 100% hljóðlausu en tekur þó bara 1 PCI Express 16X rauf.

- GIGABYTE GeForce 8 8600GT
- 256MB GDDR3 skjáminni
- 1400MHz ofur hraðvirktt minni
- Ótrúleg myndgæði með DX10
- HDTV, SVHS, RCA ofl tengi
- 2xDUAL-link DVI tengi

14.900



Packard Bell

FERÐATÖLVA Á ÓTRÚLEGU VERÐI

- Intel Core Duo T2060, 1,6GHz
- 2GB DDR2 533MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" Diamond View skjár
- 256MB ATI Radeon Xpress 200
- Windows VISTA Home Premium
- Ótrúlega létt aðeins 2.6Kg

89.900
VE12 8.520 Á MÁN | VE LÁN Í 12 MÁNUÐI



ÞJÓNUSTUÐEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum hvort sem er stórum eða smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfissupsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning og viðhald netkerfa
- Virus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverði!

2.990
HVER HAFIN KLUKKUSTUND



25 STK 16X DVD DISKAR

25stk 16X DVD geisladiskar frá Samsung og Verbatim í spindli á frábæru verði

1.990



CANON iP4300

Frábær ljósmyndaprentari frá Canon með 5 hylkjum, 2 bökkum, prentar líka á geisladiska

9.990



Uppfærsla 2

- AM2 A64 Dual Core X2 3800+
- GIGABYTE 690V móðurborð
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 512MB Radeon X1200 skjást.
- 7.1Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og 6xUSB2
- 100% GIGABYTE gæði í gegn

19.900
VEG 3.648 Á MÁN | VE LÁN Í 6 MÁNUÐI

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

VE - Upphæfn er meðalgreiðsla á mánuði og miðu við Visa/Euro skuldabréfi með hægstæðum vörum, stimpil og lánþekkingu inniföldu.

SAM ROCKWELL

Sam fæddist í Kaliforníu árið 1968. Foreldrar hans eru báðir leikarar en þau skildu þegar Sam var aðeins fimm ára og ólst hann eftir það upp hjá föður sínum. Sam birtist fyrst á hvíta tjaldinu þegar hann var 21 árs í hryllingsmyndinni Clownhouse. Sam leikur í Matchstick Men á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.



dagsskrá



VIÐ TÆKIÐ ÞÓRUNN ELÍSABET HÉLT AÐ RAUNVERULEIKAPÆTTIR YRÐU SKAMMLÍFARI

Beðið eftir því að bólan springi

Það eru ekki svo mörg ár síðan fyrsti raunveruleikabátturinn fór í loftið. Ég veit að okkur finnst flestum eins og raunveruleikabættir hljóti bara alltaf að hafa verið til staðar, enda eru þeir löngu búnir að tröllríða öllu sjónvarpi, en það er í raun og veru stutt síðan líf okkar var ekki flækt með tilvist þeirra. Ég sakna þeirra tíma.

Þegar þetta byrjaði allt saman var talað um byltingu í sjónvarpsefni. Þættir eins og Survivor og Idol voru svo vinsælir að það voru haldin party víðs vegar um Ísland í tilefni af hverjum eina og einasta þætti. Fólk var ekki viðræðuhæft ef það vissi ekki hver þurfti að borða eitthvað ógeðslegt eða hvaða lög voru sungin í síðasta þætti. Svo ekki sé talað um hver fékk að fjúka.

Á stuttum tíma vatt þessi bylting heldur betur upp á sig og nú er svo komið að það líður ekki kvöld án þess að einhver raunveruleikabáttur sé á dagskrá. Ég fæ stundum á tilfinninguna að einhvers staðar sé fólk í vinnu

eingöngu við það að grafa upp nýja og nýja þætti sem eru hver öðrum verri. Ég veit ekki með ykkur en ég hef allavega takmarkaðan áhuga á því að horfa á tvær eldri konur þrifa hús, eða því hver verður valin hin nýja Pussycat dúkka. Er ekki líka rangnefni að tala um raunveruleika? Trúir einhver því enn þann dag í dag að svona þættir séu ekki skrifaðir fyrirfram og þeim leikstýrt?

Vegna þess að framboðið er alltof mikið hættir manni líka til þess að setja alla raunveruleikabætti í sama flokk – og skrifa pistla eins og þennan til að kvarta undan þeim. Auðvitað er þetta ekki alsæmt. Það hafa komið upp góðar hugmyndir sem stundum verða að góðum þáttum. Því miður eru framleiðendur þessara þátta oftast of fégráðugir og kunna ekki listina sem felst í því að hætta á toppnum.

Fyrir nokkrum árum beðið ég og vonaði að raunveruleikabættir væru bóla sem myndi springa stuttu seinna. Því miður er ég enn að biða.



EKKI MISSA AF



► **21.15 Aðþrengdar eiginkonur** SJÓNVARPIÐ



► **22.10 Hotel Babylon** STÖÐ 2



► **20.00 Matchstick Men** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.10 Hidden Palms** SIRKUS



► **22.20 The L Word** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 16.40 Formúlukvöld e.
- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Stundin okkar (8:32)
- 18.27 Ernst (3:7)
- 18.35 Leikurinn
- 18.50 Elli eldfluga (3:12)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Afríka heillar (1:6) (Wild at Heart) Breskur myndaflokkur um hjón sem hefja nýtt líf ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku.
- 21.15 Aðþrengdar eiginkonur Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þær sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 14-2 Í þættinum er fjallað um fót-boltasumaríð frá ýmsum hliðum. Rýnt verður í leiki efstu deilda karla og kvenna, spáð í spilin með sérfræðingum, stuðningsmönnum, leikmönnum, þjálfurum og góðum gestum.
- 22.55 Dagrenning (6:13) (Day Break) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann sem er sakaður um að hafa skotið sak-sóknara. Hann leggur á flotta og reynir að hreinsa mannorð sitt en þegar hann vaknar á morgnana er alltaf sami dagurinn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23.40 Lífsháskí e.

- 00.25 Kastljós
- 00.55 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Matchstick Men
- 08.00 Herbie. Fully Loaded
- 10.00 Miss Congeniality 2. Armed and Fabulous
- 12.00 Finding Neverland
- 14.00 Herbie. Fully Loaded
- 16.00 Miss Congeniality 2. Armed and Fabulous
- 18.00 Finding Neverland
- 20.00 Matchstick Men Þrælfyndin og dramatisk glæpagamanmynd.
- 22.00 The Forgotten
- 00.00 Small Time Obsession
- 02.00 Deeply
- 04.00 The Forgotten



- 07.00 Villingarnir
- 07.20 Myrkfælnu draugarnir
- 07.30 Tasmania
- 07.55 Myrkfælnu draugarnir
- 08.10 Beauty and the Geek (2:7)
- 08.55 Í finu formi 2005
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Forboðin feður (79.114)
- 10.15 Grey's Anatomy (2:25)
- 11.00 Fresh Prince of Bel Air 5
- 11.25 Sjálfstætt fólk
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Nágrannar
- 13.10 Forboðin feður (23.114)
- 13.55 Forboðin feður (24.114)
- 14.45 Two and a Half Men (11.24)
- 15.25 Búbbarnir (7:21)
- 15.50 Skrímslaspilið
- 16.15 Batman
- 16.40 Magic Schoolbus
- 17.05 Doddí litli og Eyrnastór
- 17.15 Fífi
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Nágrannar
- 18.18 Ísland í dag og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
- 19.40 The Simpsons (11.22) (e)
- 20.05 Matur og lífsstíll Að þessu sinni heimsækir Vala Söllu í Himneskri hollustu og Elías eiginmann hennar en þau eru á kafi í hráfæði sem er nýjasta æðið í Bandaríkjunum.
- 20.40 Standoff (16.18) Nýir spennuþættir með Ron Livingston og Rosemarie DeWitt í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um samningamenn í gíslatökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni.
- 21.25 Bones (9:21) Bönnuð börnum.
- 22.10 Hotel Babylon
- 23.05 Pirate Master (4:14)
- 23.50 Rapid Fire
- 01.20 The Shield (3:10)
- 02.05 Medium (20:22)
- 02.50 The Riches (5:13)
- 03.35 Fourplay
- 05.00 The Simpsons (11.22) (e)
- 05.20 Fréttir og Ísland í dag
- 06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTÍVI

SIRKUS TV

- 18.00 Insider
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Entertainment Tonight Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við fræg- ar stjörnur.
- 20.15 Hidden Palms (3:8) Eftir að Johnny Miller missir föður sinn snögglega flytur hann til Palm Springs ásamt móður sinni og stjúpföður. En þrátt fyrir að stað- urinn virðist vera sólskinsparadis uppgötvar Johnny fljótlega að ekki er allt sem sýnist.
- 20.55 My Name Is Earl (19:23) Önnur serían af einum vinsælu gamanþáttum heims og er þessi myndnari en fyrri!
- 21.15 Skifulistinn Tíu vinsælu lög Skif- unnar eru kynnt í þessum nýja þætti. Um- sjónvarmaður er Rakel Magnúsdóttir sem gerði garðinn frægan með Hara-flokknum í X-Factor í vetur.
- 22.00 The Riches (5:13) Glæný, bandar-ísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlut- verki. Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt æv- inni í ferðalög og svikastarfsemi með sí- gaunum en telja að það sé kominn tími til að breyta til. Þau setjast því að í venjulegu úthverfi og gera sitt besta til þess að falla í hópin.
- 22.45 Medium (20:22) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í út- hverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfir- náttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina fram- liðnu. (20:22) Stöðugir draumar um morð halda vöku fyrir Allison. Búið er að rétta í málinu og hélt Allison að því væri lokið en draumarnir gefa til kynna að svo sé ekki. Bönnuð börnum.
- 23.30 Young Blades (8:13) (e)
- 00.20 Supernatural (20:22) (e)
- 01.00 Entertainment Tonight (e)
- 01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORDURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veð- urfréttir og magasinþáttur. Dagskráin er end- ursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 07.35 Everybody Loves Raymond (e)
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 15.45 Vörutorg
- 16.45 One Tree Hill (e)
- 17.45 All of Us (e)
- 18.15 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 19.00 Everybody Loves Raymond (e)
- 19.30 Yes, Dear (4:11) Systurnar Kim og Christine eru eins ólíkar og systur geta verið! Kim er haldin ógurlegri fullkomunaráráttu en Christine hefur afslappaðri viðhorf til lífs- ins og er dugleg að minna systur sína á að líf hennar muni aldrei verða jafn fullkomið og hún þráir.
- 20.00 Everybody Hates Chris (16:22) Bandarísk gamanþættir þar sem háðfugl- inn Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum. Chris stöðvar óvart rán á gullkeðju og verður að bæta ræningjanum skaðann.
- 20.30 Malcolm in the Middle (21:22) Bandarísk gamanþættir um gáfnalísið Mal- colm og stórfurðulega fjölskyldu hans. Það er komið að skólabballinu og Malcolm og hinir nördamir mótmæla með því að halda sína eigin skemmtun. Reese verður að leggja ýmislegt á sig fyrir deitið sitt.
- 21.00 Will & Grace (18:23) Bandarísk- ir gamanþættir um skóthjúin Will og Grace og vini þeirra Jack og Karen. Popp-prinsess- an Britney Spears kikir í heimsókn og leik- ur gestahlutverk í þættinum. Stórfyrirtæki yf- irtekur OutTV og Jack fær meðstjórnanda að spjallþættinum. Karen leigundar Grace af óléttunni og leitar að leigumóður til að ganga með barn fyrir sig.
- 21.30 Law & Order. SVU - NÝTT Fyrsti þátturinn í sjöundu seríu og Stabler legg- ur allt í sölu þegar barnaníðingur er lát- inn laus.
- 22.20 The L Word (8:12) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angel- es. Alice og Tasha byrja saman þrátt fyrir að vera ekki sammála um stríðið í Írak. Tina hittir Jodi og fer að efast um að hún hafi tekið rétta ákvörðun um að snúa baki við lesbíulífinu.
- 23.10 Everybody Loves Raymond
- 23.35 Jay Leno
- 00.25 C.S.I. (e)
- 01.15 Stargate SG-1 (e)
- 02.05 Vörutorg
- 03.05 Óstöðvandi tónlist

Hobby



Einn glæsilegasti húsbíll landsins!

Til sýnis í Hobbyhúsinu, laugardag og sunnudag.

Hobbyhúsið

Dugguvogi 12 • S. 517 7040 • www.hobbyhusid.is

Opnunartími
Mán-föst 10.00-18.00 • Laugard 13.00-17.00 • Sunnud 13.00-16.00

Í KVÖLD

MATUR OG LÍFSSTÍLL
Stöð 2 kl. 20.05

Í kvöld heimsækir Vala Söllu í Himneskri hollustu og Elías eiginmann hennar en þau eru á kafi í hráfæði sem er nýjasta æðið í Bandaríkjunum. Mikið hefur verið fjallað um þennan lífsstíl í fjölmörgum en margir fullyrða að með því að neyta eingöngu hráfæðis megi sporna við mörgum algengum sjúkdómum.



Við mælum með Afríka heillar Sjónvarpið kl. 20.10

Breskur myndaflokkur um hjónin Danny og Söru Trevanion sem taka sig upp og hefja nýtt líf ásamt börnunum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. Danny er dýralæknir og því liggur kannski beint við að þau hjónin setji á stofn villidýragarð. Ævintýrin eru á hverju strái en víða leynist líka háski því allt í kringum þau eru stórhættuleg dýr – og menn líka.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.45 Veðurfrægir
- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Laufskálinn
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Brot af eilífðinni
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfrægir
- 12.50 Dánarfrægir og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Útlarpssagan: Rokkað í Vittula
- 14.30 Á vængjum yfir flóann
- 15.03 Söngvar af sviði : Á köldum klaka
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 19.00 Laufskálinn
- 19.40 Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
- 20.00 Listahátíð í Reykjavík 2007
- 21.55 Orð kvöldsins
- 22.15 Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
- 23.05 Á hvítri eyju í bláum sjó
- 00.10 Útlarpáð á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 07.00 Landsbankamörkin 2007
- 07.35 Landsbankamörkin 2007
- 08.10 Landsbankamörkin 2007
- 08.45 Landsbankamörkin 2007
- 09.20 Landsbankamörkin 2007
- 13.40 Copa America 2004 (Ekvador - Chile)
- 15.20 PGA Tour 2007 - Highlights (The Traveller's Championship)
- 16.15 Það helsta í PGA mótardönni
- 16.40 Kaupþings mótardönn 2007
- 17.40 Landsbankadeildin 2007 (Valur - FH) Útsending frá toppslag Vals og FH í 8. umferð Landsbankadeildar karla í knattspynu.
- 19.30 Landsbankamörkin 2007
- 20.00 Shellmótið
- 20.40 Kraftasport - 2007
- 21.20 Copa America 2007 (Copa América 2007 - Upphitun)
- 22.20 Copa America 2004 (Paragvæ - Colombia)
- 00.30 Copa America 2004 (Argentína - Bandaríkin)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignir á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

- 6.00 Elmers verden 6.15 Brum 6.30 Cirkus Dannebrog 7.00 Liv på balkonen 7.30 Mor til 8 8.00 Drømmenes land 8.30 Kærlighed 9.00 Sølvst: Livets gang i kolonihaven 9.30 Dyre-Internatet 10.00 Nationen 10.20 Vagn på vejen 10.50 Wildmark 11.20 Schackenborg - Godset i Grænselandet 11.50 Ud i det blå 12.20 Mig og min alder 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.10 Dawsons Creek 14.00 Hjerteflimmer Classic 14.30 Grusom tosømhed 14.35 Scooby Doo 15.00 Duksedrengen 15.30 Fandango - med Sebastian 16.00 Når løverne uddeler kokkehøer 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 SommerVejret 17.05 Miss Marple 18.00 Tæt på Dyrene 18.30 Sommerid 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Sommervejret på DR1 19.45 Landsbyhospitalet 20.30 Det sker kun én gang 22.00 OBS 22.05 Musikprogrammet 4.30 Karlsson på taget 5.00 Den lille prinsesse 5.10 Morten 5.30 Fredagsbio 5.40 Boblins 5.50 Nasse 6.00 Elmers verden

NKI

- 6.00 Ernst 6.09 Uglar i mosen 6.40 Noahs dyrebare øy 7.10 Gjengen på taket 7.20 De tre vennene og Jerry 7.30 Trollz 8.00 Den dårligste heksa i klassen 8.25 Jungelens puls 8.30 Villmark - Oppdageren 9.00 Sport i dag: Verdensserien i sandvolleyball 12.00 Sport i dag 15.50 Oddasat - Nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Bosse 16.10 Nå er det nå 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Viten om: Gravid som 60-åring 18.00 Løvebakken 18.25 Festivalsommer: Norwegian Wood 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Siste nytt 19.10 Sommeråpent 20.05 Skygger 21.00 Kveldsnytt 21.15 Sport i kveld 22.00 Norge i dag 22.10 Repet 5.30 Sommernorgen 5.51 Peppa Gris 6.00 Ernst

SVT 1

- 7.15 Hej hej sommar 7.16 Lillas smågodis 7.40 Äventyr i Andema 10.00 Rapport 10.05 Melita möter 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Små grytor har också öron 15.30 Packat & klart sommar 16.00 Nalle har ett stort blått hus 16.25 Stora maskiner 16.30 Hej hej sommar 16.31 Lillas smågodis 16.55 Äventyr i Andema 17.30 Rapport 18.00 Landgång 18.30 Stina special: Al Gore 19.00 Kvinnans plats: Sisters in Law 20.45 Rapport 20.55 Uppdrag Granskning 21.55 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige

Taktu þátt í ævintýraleik

sjáðu á www.bt.is hvort lukkumiðinn á Kellogg's pakkanum þínum færir þér vinning

Við bregðum á leik í telfni af frumsýningu um allt land á Shrek the Third. Finndu límmiða með lukkunúmeri á Kellogg's pökkunum, farðu á www.bt.is og sláðu inn lukkunúmerið. Ævintýralegir vinningar bíða þín.



1. vinningur: PANASONIC 42" Plasma veggsjónvarp, PANASONIC upptökutæki með 160 GB hörðum disk og DVD spilari, Playstation 3 leikjatölva, Shrek 3 leikur á PS3. Heildarverðmæti vinnings er um 330.000 kr.

Fullt af öðrum ævintýralegum vinningum: Ferð fyrir 2 til Evrópu með Iceland Express, 50.000 króna ferðaávisun og 20.000 úttekt á kreditkortu frá BYR, 300 bíómiðar á Shrek the Third, 20 DVD pakkar með myndunum Shrek og Shrek 2 og 15 ársbirgðir af Kellogg's vörum.



Lukkunúmerið þitt er:
Sláðu inn númerið á bt.is og fæðu strax að vita hvort þú hafir unnið. Ævintýralegir vinningar bíða þín!

Leitaðu að lukkumiðanum á Kellogg's pakkanum þínum!

MORGUNMATURINN



„Þessa dagana er ég að borða mikið af hafragraut en yfirleitt er það nú einhvers konar jógúrtdrykkur og kaffi. Ég er einn af þeim sem verður að borða morgunmat, annars er ég alveg ónýtur.“

Reynir Lyngdal leikstjóri.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. máhlenti 6. í röð 8. kæla 9. suss 11. grískur bókstafur 12. starfsaðferð 14. aka 16. í röð 17. tímabil 18. ennþá 20. átt 21. velta.

LÓÐRÉTT

1. dæld 3. golf áhald 4. lyf 5. mánuður 7. áleitinn 10. gerast 13. gagn 15. megin 16. húðpoki 19. núna.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. laut, 3. tí, 4. aspirín, 5. maí, 7. ásækin, 10. ske, 13. ný, 15. tíð, 18. enn, 20. ná, 21. snú.

LÁRÉTT: 2. stam, 6. að, 8. ísa, 9. sss, 11. pí, 12. tækni, 14. keyra, 16. h, 17. töl.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 23 daga.
- 130 þúsund tonn.
- Justin Timberlake.

Harry Potter
TÖLVULEIKURINN

UPPLIFÐU TÖFRA HOGWARTS!

ÞÚ SENDIR SMS SKEYTID BTCHPF Á NÚMERID 1900
ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR MEÐ því að SENDA SMS SKEYTID BTCA, B EDA C Á NÚMERID 1900

ADALVINNINGUR: PSP TÖLVA + HARRY POTTER AND THE ORDER OF THE PHOENIX LEIKINN

KEMUR Í VERSLANIR Á ALLAR LEIKJATÖLVUR
29. JÚNÍ
BT
10. HVER VINNUR

SMS LEIKUR

Taktu þátt!

Fullt af aukavinningum: Harry Potter tölvuleikir, GSM simar, Harry Potter á DVD.

Hara-systir stjórnar sjónvarpsþætti

Rakel Magnúsdóttir úr Hara-flokknum hefur verið ráðin til starfa hjá sjónvarpsstöðvunum Sirkus og Popp TV. Þar mun söngkonan kynna tíu vinsælustu lög Skífunnar og jafnvel bregða á leik með áhorfendum. Rakel var að vonum spennnt fyrir nýja starfinu enda segist hún lengi hafa gengið með þann draum í maganum að komast í sjónvarp. „Fyrst langaði mig reyndar til að verða sá sem lýsir íþróttaleikjum en svo síðar sá ég mig ekki í því. En svo hef ég alltaf alið með mér þá von að geta orðið fréttakona sem segir fréttir af málefnum líðandi stundar. Og einhvers staðar verður maður að byrja,“ segir Rakel sem reiknaði ekki með því að leita ráða hjá X-

factor-kynningum Höllu Vilhjálmstöttur fyrir útsendingar. „Nei, en ég gæti þurft að tala við einhverja af þessum útvarpsmönnum til að fá upplýsingar um hin og þessi poppræði,“ bætir Rakel við.

Söngkonan segist vera hálfhissa á öllum þeim dyrum sem þátttakan í sjónvarpsþáttunum hefur opnað. „Þetta hefur vissulega komið okkur skemmtilega á óvart,“ segir Rakel.

Rakel og systir hennar Hildur hafa verið á þönum síðan þær höfnuðu í öðru sæti X-factor þáttar Stöðvar 2. Rakel segir þær vera spennntar fyrir framhaldinu því nokkrir hlutir séu í farvatninu. „Við höfum verið í upptökum á nýju lagi sem vonandi kemur út



sem fyrst,“ segir Rakel og upplýsir einnig að einhverjar þreifingar séu um að gefa út plötu í jólaflóðinu sívinsæla. Þá hafi þær sungið bakraddir á nýju plötunni

hans Páls Óskars en hann var sem kunnugt er lærifaðir þeirra í þáttunum. - fgg

BERND OGRODNIK: VEKUR ATHYGLI HÖFUNDAR EINARS ÁSKELS

Spennntur fyrir Einari Áskeli

„Ég hlakka til að hitta Gunilla og sjá hvað við getum gert saman, það er samt allt á samningastigi enn,“ segir brúðumeistarinn Bernd Ogrodnik sem mun mögulega gera brúður fyrir sjónvarpsþætti um Einar Áskel.

Sögupersónan Einar Áskell er íslenskur börnum vel kunnur. Bækurnar um hann hafa verið með vinsælustu barnabókunum á Íslandi frá því þær voru fyrst þýddar á íslensku. Alls er talið að um 90 þúsund eintök af bókunum hafi selst hérlendis.

Einar Áskell á líka aðdáendur úti um allan heim en bækurnar um hann hafa selst í um sex milljónum eintaka á heimsvísu.

„Gunilla Bergström, höfundur bókanna, sá mig með brúðurnar mínar í sænska sjónvarpinu og varð mjög hrifin. Hún hafði samband við mig og við erum í samræðum um að ég geri brúður fyrir bækurnar.“ Gunilla sá hann í íslenska sjónvarpsþáttinum Út og suður sem hefur verið sýndur í sjónvarpi á Norðurlöndunum.

Bernd segir að margir framleiðendur hafi sóst eftir að fá að gera mynd eða sjónvarpsþætti um bókunum en hingað til hefur Gunilla sagt nei við öllu því hún hafi ekki haft réttu tilfinninguna fyrir neinni af hugmyndunum. Þegar hún sá brúðurnar hans Bernds varð hún



BRÚÐUMEISTARINN Bernd Ogrodnik leikbrúðumeistari er í samræðum við höfund bókanna um Einar Áskel um að gera brúður fyrir hana eftir bókunum.

hins vegar strax mjög hrifin og sá þarna leið til að fara með Einar Áskel á nýjan vettvang.

„Gunilla er ekki mikið í tölvusamskiptum þannig að einn daginn fékk ég bara rosastóran pakka í pósti. Í honum voru allar Einars Áskels bækurnar og við erum búin að vera í sambandi síðan þá.“ Bernd segist ekki hafa þekkt sérstaklega vel til bókanna fyrr en Gunilla hafði samband og þetta hafi því komið skemmtilega á óvart. Til stendur að Gunilla heimsæki Bernd í Skíðadalinn seinna í sumar.

Bernd er Íslendingur að góðu kunnur. Hann var nú nýverð tilnefndur til Grímunnar fyrir barnabruðuleikhússýningu sína Pétur og úlfinn. Auk þess hefur hann meðal annars gert brúður



EINAR ÁSKELL Gunilla Bergström er höfundur bókanna um Einar Áskel.

fyrir Ronju ræningjadóttur, Pappírs-Pésa, Klaufa og kóngsdætur og sett upp fullorðins brúðusýninguna Umbreytingu á Listahátíð í fyrra. Hann hannaði einnig og stýrði leikbrúðum í brúðumyndinni Strings. jara@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ekkert hefur frétt af áformum Bjarna Ármannssonar, fyrrverandi forstjóra Glitnis, eftir að hann lét af störfum í bankanum fyrir skemmstu. Bjarni fékk sem kunnugt er væna greiðslu frá bankanum að skilnaði og þarf því ekki að ana að neinu varðandi næstu skref sín í atvinnulífinu. Kona Bjarna, Helga Sverrisdóttir, hefur gaman af því að bóndinn skuli vera meira heima við en áður fyrr en um leið finnst henni þessar nýju aðstæður sköndrar. Þannig finnst Helgu Bjarni minna sig nokkuð á þekktan lottó-vinningshafa hér á landi. Við góða vini sína talar Helga því alltaf um „Lýð sinn Oddsson“ þegar Bjarna ber á góma.



Mikil spennna er nú í sveitarfélaginu Árborg vegna væntanlegs brúðkaups bæjarfulltrúans Eypórs Arnalds og unnustu hans, Dagmarar Unu Ólafsdóttur, næstkomandi laugardag. Brúðkaupið fer fram í Selfosskirkju og er búist við stríðum straumi gesta frá Reykjavík enda Eypór vinamargur og vinsæll. Ekki hefur enn fengist staðfest hvort hljómsveit hans, Todmobile, treður upp í brúðkaupsveislunni en Eypór ætti í það minnsta ekki að vera í vandræðum með að fá vini og kunningja í tónlistarbransanum til að troða upp.

Íslendingar verða áberandi á tékknesku kvikmyndahátíðinni Karlovy Vary sem hefst á föstudaginn. Eins og þegar hefur komið fram mun Mýri Baltasars Kormáks keppa í aðalflokknum en nú hefur verið tilkynnt að bæði Börn og Foreldrar eftir Ragnar Bragason og stuttmyndin Anna verða einnig sýndar. Rúsinan í pylsuendanum er svo seta Hrannar Marinósdóttur í dómefnd kvikmyndahátíðarinnar. - hdm/fgg



Pálmi slasaður eftir hestaferð

„Hann er bara að vakna eftir aðgerðina núna. Þetta fór sem betur fer ekki verr,“ segir Sigurlaug Halldórsdóttir, kona Pálma Gestssonar leikara. Pálmi slasaði sig í hestaferð í byrjun vikunnar og var fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur á þriðjudag. Leikarinn góðkunnur var í níu daga hestaferð með erlendum ferðamönnum á Norðausturlandi, var reiðmaður með 70 hrossa stóði.

Eftir að hestarnir voru hvíldir í Distilfirði á mánudag reið ógæfan yfir þegar leggja átti í hann á þriðjudagsmorgun. Pálmi lenti á óþekkrri meri sem tók á rás áður en hann komst í bæði ístöðin. Hann náði að sitja merina en hentist fram og til baka í hnakkunum þangað til hann náði að endingu að kasta sér af baki.


„Það sem gerist er að líffbeinið gliðnar um 2-3 sentimetra. Þetta

eru víst algeng meiðsli hjá hestamönnum,“ segir Sigurlaug. Pálmi var fluttur með sjúkraflugi suður og gekkst undir aðgerð í gærmorgun þar sem borað var ofan í líffbeinið og það spennnt saman. Við tekur minnst vikudvöl á spítala og 6-8 vikna endurhæfing á hækjum.

„Hann óttast það mest að missa af hreindýraveiðinni í ágúst. Ég sagði nú við hann að það hefði hingað til enginn farið á hreindýraveiðar í göngugrind,“ segir Sigurlaug og hlær. „Það hvetur hann þó alla vega áfram í endurhæfingunni – að reyna að komast á hreindýraveiðar.“ - hdm

SLASAÐUR STÓRLEIKARI Pálmi Gestsson lenti í óhappi í hestaferð í byrjun vikunnar. Hann er nú á batavegi.





ÚTSALA

SAND

W O M A N

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

NEW YORK DUBLIN BERLIN VIENNA ZURICH MOSCOW WARSAW MADRID STOCKHOLM OSLO HELSINKI PARIS LONDON AMSTERDAM COPENHAGEN EDINBURGH REYKJAVIK



BAKÞANKAR

DR. GUNNA

Verðlaun

Á hverju ári er fólk hér að myndast við að veita verðlaun fyrir framúrskarandi listræn afrek. Auk hávirðulegra bókmenntaverðlauna forsetans eru haldnar Eddu-, Ístón- og Grímuverðlaunaveislur og fólk mætir dragfint í sparifötunum. Þetta er ágætis úthald hjá þjóð sem telur jafn margar hræður og Coventry. Oft er sýnt frá þessum uppskeruhátíðum í sjónvarpinu og þá sést að til síst minna er tjaldað en í sambærilegum veislum í Coventry. Undantekningarlaust reka þó fjölmargir upp harmakvein yfir því hvað þetta sé nú allt ömurlega hallærislegt, svakalega yfirborðskennt og ferlega lásí. Þessi gagnrýni hefur auðvitað ekkert með öfund og minnimáttarkennd að gera.

UM DAGINN kom ég heim með glansandi Grímustyttu og skellti á stofuborðið. Fjölskyldan var stolt af mér og fólk hefur mikið verið að óska mér til hamingju með þetta og gefið í skyn að þetta sé góð viðurkenning. Ég er auðvitað frekar upp með mér en ekkert breyttist svo sem og daginn eftir var mér skipað að þrifa klósettið.

HELDURÐU að þú látir nýbakadán Grímuverðlaunahafa þrifa klósettið? spurði ég Lufsunu ögn sjokkeraður þar sem hún otaði að mér bursta og þvottalegi. Getur þú nú ekki hlíft verðlaunuðum listamanni við svona lítilfjörlegu sýsli og leyft mér að hafa tærnar upp í loft til að hugsa um listina? Þó ekki væri nema í dag?

HÉR VAR MÉR hugsað til forðæmis Halldórs Laxness sem lifði eins og kóngur á Gljúfrasteini. Ég á mjög erfitt með að ímynda mér hann hálfan ofan í klósetti í tweed-jakkafötunum og með hattinn, íklæddan gulum gúmmihönskum alveg á fullu með klósettbursta. Halldór hefur örugglega aldrei þurft svo mikið sem ryksuga. Mér er sagt að Auður hafi komið sér upp stóru gongi á lóðinni sem hún barði til að kalla Kiljan í mat. Þá hefur hann verið eitthvað að spjátrungast úti í móa í Mosfellsdalnum, bræðandi með sér snilldarhugmyndir, heyrir í gonginu og flýtt sér glorsoltinn heim. Halldór lifði draum listamannsins og helgaði sig algjörlega listinni, laus undan heimilisstörfum og reikningasúpum – ímynda ég mér að minnsta kosti. Og hann tók drauminn skrefinu lengra og alla leið með einkasundlaug í garðinum og glansandi kagga í heimkeyrslunni.

ALLIR alvöru listamenn hljóta að stefna að svona sældar settöppi í lífinu. Að búa við topp þægindi og áhyggjuleysi til að öll heilastarfssemin renni beint til hinnar göfugu listar, alþýðu landsins til heilla. Auðvitað stefni ég á toppinn og takmarkið er gong, kaggi og laug. Ég ætla þó að byrja smátt: hef lengi verið að gæla við að fá mér hátt púlt til að setja tölvuna á svo ég geti staðið við skriftir eins og Laxness.

ÉG REYNDI að tauta mig út úr klósettþrifunum og vísaði til Halldórs á Gljúfrasteini. Lufsunni fannst ekki mikið til koma og sagði að það mætti athuga málið þegar ég væri búinn að fá Nóbélinn.



Og1 fyrir stórar fjölskyldur



Heimasími, GSM, og Internet – allt á einum stað

Viltu geta hringt ótakmarkað milli allra heimasíma innanlands? Vertu með Heimasíma, GSM og Internet fjölskyldunnar í Og1 – og sparaðu bæði tíma og peninga.



Meistaradeildarféttbolti – Og1 verð 990 kr.

Almennt verð 1.990 kr.

Þú færð bestu kjörin með því að vera með allt hjá okkur í Og1. Farðu á www.vodafone.is, komdu við í verslun okkar eða hringdu í 1414 og skráðu þína fjölskyldu í Og1.

Gríptu augnablikið og lifðu núna